


**EVA MARGRÉT EINARSDÓTTIR**

*Hleypur með nýstofnuðu Asics-liði*

• heilsa • sængurver

**ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS**




**KARLAR OG KRABBAMEIN**

*Heilræði, kannanir og keppni um flott skegg*

Sérblað um karla og krabbamein

**FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG**

**SJÓNVARPSRISINN FOX**

*Hafnaði Næturvaktinni*

Enginn prufuþáttur gerður.

**FÓLK 30**




# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

2. mars 2010 — 51. tölublað — 10. árgangur | **MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI** | Sími: 512 5000


**ÞRIÐJUDAGUR**

## Spennandi og krefjandi verkefni fram undan

Félag kvikmyndagerðarmanna skipar nýjan formann og stjórn.



**TÍMAMÓT 18**

## Ábyrgð lífeyrissjóða

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja er ein forsenda endurreisnar atvinnulífsins, skrifar Kristján Þór Júlíusson.

**UMRÆÐAN 16**



## Grínistar ósáttir

Undrandi á ummælum landbúnaðarráðherra um auglýsingu Símans.

**FÓLK 30**

## Á leið til Þýskalands



Aron Kristjánsson mun taka við þýska úrvalsdeildarfélaginu Hannover Burgdorf í sumar.

**ÍÞRÓTTIR 26**

**VEÐRIÐ Í DAG**




**Fínt norðaustanlands** Í dag má búast við SA 3-10 m/s. Horfur eru á lítils háttar rigningu eða slyddu sunnan- og vestanlands og síðdegis suðaustan til. Vægt frost NA-lands en hiti allt að 7 gráður allra syðst.

**VEÐUR 4**

# Áhyggjur af sjaldgæfri veiki

**Landsstjórnin mælist til þess að allir Færeyingar fari í blóðprufu vegna CTD-veikinnar. Margir hafa farið í prufur á Íslandi. Mælist hundraðfalt algengari í Færeyjum en annars staðar. Getur orsakað skyndidauða.**

**FÆREYJAR** Allmargir Færeyingar búsettir á Íslandi og fólk af færeyskum ættum hefur að undanförnu komið á Landspítalann til að athuga hvort það hafi erfðasjúkdóminn CTD. Færeyska landsstjórnin hefur gefið út tilmæli um að hver og einn Færeyingur láti skima sig fyrir veikinni. Um þriðjungur þjóðarinnar, eða 15.000 manns, hefur gengist undir blóðrannsókn til að leita sjúkdómsins.

CTD getur verið einkennalaus þar til sjúklingurinn deyr skyndidauða og er hundraðfalt algengari í Færeyjum en í öðrum löndum. Margt bendir til að hann sé einnig nokkuð algengari á Íslandi, segir Jón Jóhannes Jónsson, dósent og læknir á Landspítalanum.

„Við höfum skimað öll nýfædd börn á Íslandi fyrir þessum sjúkdómi síðan 1. janúar 2008 og við höfum fundið eitt tilvik í átta til níu þúsund skimunum,“ segir hann. Í Færeyjum er einn af sjö hundruð með sjúkdóminn. Víða erlendis finnst einn veikur á móti um sjötíu þúsund heilbrigðum, segir Jón.

Mikið hefur verið rætt um CDT í færeyskum fjölmiðlum síðustu misseri. Gunnvør Balle, ræðismaður Færeyinga á Íslandi, segir að Færeyingar hafi miklar áhyggjur af veikinni.

„Í sumum fjölskyldum er þetta sérstaklega mikið áhyggjuefni og við höfum verið með milligöngu um læknisþjónustu fyrir Færeyinga hér,“ segir hún. Margt bendir til að sjúkdómurinn sé algengastur hjá fólki sem er ættað úr Sandey.

CTD stendur fyrir Carnitine Transporter Deficiency. Þetta er efnaskiptagalli sem lýsir sér í því að flutningur orkuefna til brennslu í líkamanum skerðist. Einkenni sjúkdómsins eru fjölbreytileg og geta verið slappleiki í vöðvum, truflanir í lifrarstarfsemi og hjartsláttartruflanir, sem geta leitt til skyndidauða. Þá getur blóðsykur lækkað og truflað heilastarfsemi.

„Þessi einkenni geta komið fram hvenær sem er á ævinni, en sumir eru einkennalausir alla ævi. Það hefur verið nokkuð um það í Færeyjum að ungt fólk finni skyndilega fyrir alvarlegum einkennum,“ segir Jón Jóhannes. Með réttum lyfjum geti sjúklingar þó lifað eðlilegu lífi.

Jón mælir ekki sérstaklega með því að Íslendingar mæti í blóðprufu, nema þeir séu af færeyskum ættum eða sjúkdómurinn sé í ættinni.

Jón segir að það sé tilviljun að þessi sjúkdómur sé algengari í Færeyjum en annars staðar, en smæð þjóðarinnar auki frávikið.

- kóþ



**KANNABISBÚNAÐUR** Benedikt H. Benediktsson lögreglufulltrúi og Harpa María Þorsteinsdóttir, vörslumaður óskilamuna, með hluta þess búnaðar sem haldlagður hefur verið á síðustu misserum, þegar lögregla hefur upprætt kannabisræktanir á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni. FRETTABLADID/GVA

Geymslur lögreglunnar yfirfullar vegna fjölda kannabisræktunarmála:

# Með heila frystiklefa í geymslu

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur þurft að taka á leigu viðbótarhúsnæði til geymslu á tækjum og tólum sem hald hefur verið lagt á hjá kannabisræktendum um land allt á undanförnum misserum. Húsnæðið sem notað hefur verið í þessu skyni er löngu sprungið.

„Það er mikil fyrirferð í þessum hlutum,“ segir Benedikt H. Benediktsson lögreglufulltrúi. Hann segir að enn þurfi að geyma búnaðinn úr flestum stóru ræktunarmálanna frá síðasta ári, þar sem ekki sé genginn dómur í vel flestum þeirra. Mikill búnaður fylgi kannabisræktunum. Í einu tilviki hafi menn notað stóran frystiklefa undir ræktun. Lagt hafi verið hald á klefann og hann settur í geymslu.

„Sjálfsagt fer eitthvað af lömpunum úr þessum málum frá í fyrra til sinna réttu eigenda senn hvað líður,“ segir Benedikt. „Það flækir þó málið að oft eru lamparnir ekki merktir nema eftir tegundum og styrk.“

- jss

Ungfrú Reykjavík:

## Gagnrýna undirfatasýningu

**FÓLK** Tvær fyrrverandi fegurðardrottningar gagnrýna undirfatasýningu og myndband sem gert var í tengslum við fegurðarsamkeppnina Ungfrú Reykjavík. Þær segja þetta hafa kastað rýrð á keppnina.



AÐALBJÖRG ÓSK GUNNARSDÓTTIR

Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir, sem var ungfrú Reykjavík 2008, segist ekki hafa tekið þátt ef svona myndband hefði verið hluti af samningnum. Magdalena Dubik, ungfrú Reykjavík 2009, segir sýninguna hafa verið djarfari en mörg undanfarin ár og hún er ekki viss um hvort hún hefði tekið þátt í slíkri sýningu á sínum tíma.

- fgg / sjá síðu 30


TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

Meira en 60 spennandi tölvunámskeið á næstunni!

Skoðaðu síðu 9 í Fréttablaðinu

www.tv.is

Grensásvegi 16 · Sími 520 9000




Pizza toppur

Osta HÚSIÐ

Rífandi góður á:
Pastaréttinn
Pizzuna
Ofnréttinn

www.ostahusid.is

KOMDU Í ÓKEYPIS KYNNINGARTÍMA

Í KVÖLD KL. 20 · ÁRMÚLA 11

Taktu frá sæti í síma 555 7080

www.dale.is

DALE CARNEGIE® ÞJÁLFUN

## SPURNING DAGSINS



*Gísli, geturðu nú kallað þig talsmann neitenda?*

„Allavega sögðu allir fjölmiðlar „nei" við því að fjalla um áskorun mína fyrr en eftir úrslitin."

Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, beið ósigur í prófkjöri Framsóknarflokksins í Kópavogi um helgina.

Rúmlega tveir milljarðar króna greiddir í atvinnuleysisbætur um mánaðamótin:

# Um 25 milljarðar í bætur á einu ári

**VINNUMARKAÐUR** Vinnumálastofnun greiddi í gær rúmlega 2,1 milljarð króna í atvinnuleysistryggingar til um 15.500 manns.

Á heilu ári hefur stofnunin greitt 24,8 milljarða í atvinnuleysistryggingar.

Hæsta fjárhæðin kom til greiðslu í maí í fyrra, 2,4 milljarðar króna, en þá fengu um 17.300 greitt úr atvinnuleysistryggingasjóði. 2,3 milljarðar voru greiddir úr sjóðnum í júní og júlí.

Atvinnuleysistryggingar eru að jafnaði greiddar fyrir tímabilið frá frá 20. hvers mánaðar til 19. næsta mánaðar.

Allt árið 2008 voru 4,7 milljarðar króna greiddir út í atvinnuleysistryggingar og árinu áður nam fjárhæðin 2,4 milljörðum króna.

Samkvæmt vef Vinnumálastofnunar voru 17.520 á skrá yfir atvinnulausa í gær. 10.466 karlar og 7.054 konur. Fimmtungur hópsins er í hlutastarfi.

Atvinnuleitendur geta fengið margvíslega aðstoð við atvinnuleit á þjónustuskrifstofum Vinnumálastofnunar. - bþs






**ÁTAK Á LÉTTU NÓTUNUM** Torfi Geirmundsson rakari ræðir skegghirðu í upphafi mottumars. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Árvekniátak um krabbamein:

## Með húmor að vopni í herferð

**HEILSA** „Við teljum að nálgast þurfi karlmenn öðruvísi en konur þegar kemur að svona málum," segir Gústaf Gústafsson hjá Krabbameinsfélagi Íslands, sem fer þá óvenjulegu leið að nota grín til að vekja athygli á árverkniátakinu Karlmenn og krabbamein.

Átakið hefst í dag með öflugri auglýsingaherferð þar sem ýmsir landsþekktir leikarar og grínistar leggja baráttunni lið. Þótt herferðin sé öll á léttu nótunum liggur mikil alvara að baki þar sem markmiðið er að draga úr dauðsföllum karla af völdum krabbameins. - sg / karlar og krabbamein

Skoðanakönnun Capacent:

## Flestir styðja Sjálfstæðisflokk

**KÖNNUN Sjálfstæðisflokkurinn er stærsti stjórnmálaflokkurinn og fengi 32 prósent atkvæða yrði gengið til kosninga nú. Þetta er niðurstaða skoðanakönnunar Capacent Gallup sem sagt var frá í fréttum Sjónvarpsins í gær.**

**Vinstri græn mælast með 25 prósenta fylgi, meira en Samfylkingin, sem nýtur stuðnings 23 prósenta. Ríkisstjórnin nýtur 47 prósenta fylgis.**

**Um 14 prósent sögðust styðja Framsóknarflokkurinn, en fimm prósent sögðust myndu kjósa aðra flokka, til dæmis Hreyfinguna, Borgarahreyfinguna eða Frjálslynda flokkinn.** - bj

# Vonast er eftir fundi síðla dags í London

**Bretar hafa tekið vel í hugmyndir Íslendinga um lausn á Icesave-deilunni. Enn sé tekist á um fjármögnunarkostnað. Hafa þegar samþykkt mun lægri vaxtagreiðslur. Vonast er eftir fundi síðla dags sem Hollendingar myndu einnig sitja.**

**STJÓRNSÝSLA** Bjartsýni ríkir um það í stjórnkerfinu að til formlegra funda komi hjá Bretum og Íslendingum í London. Íslenska sendinefndin frestaði för sinni heim í gær. Vonast er eftir fundi síðdegis í dag. Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra var í samskiptum við Paul Myners, bankamálaráðherra Breta, seinni partinn í gær.



GUÐMUNDUR ÁRNASON

Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, er í London. Hann sagði menn hafa rætt saman og skipst á gögnum í gær. „Við fengum í dag [gær] viðbrögð við lauslegum hugmyndum sem við höfum sett fram og þau viðbrögð gáfu tilefni til að fresta heimför." Guðmundur segir stöðuna verða metna í dag.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ganga hugmyndirnar út á að Íslendingar greiði höfuðstól skuldarinnar og fjármögnunarkostnað. Þar er reiknað með vaxtaviðmiði, föstum alþjóðlegum vöxtum, og vaxtaprósentum þar ofan á. Hver sú prósenta verður er meðal þess sem verið er að semja um. Samkvæmt heimildum er þó um mun lægri vaxtakostnað að ræða en gert er ráð fyrir í fyrri samningi.

Bretar krefjast þess að Íslendingar greiði þann kostnað sem þeir sjálfir hafa orðið fyrir. Þeir sjóðir sem lánuðu Íslendingum fé til að standa skil á lágmarkstryggingu innstæða, 20.887 evrum, þurftu að fjármagna sig og hafa allir borið kostnað við það. Þann kostnað vilja Bretarnir fá til baka.



**SAMNINGURINN KYNNTUR** Forystumenn ríkisstjórnarinnar kynntu niðurstöðu samnings um Icesave við Breta og Hollendinga í byrjun júní. Nú er verið að ná nýjum samningum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Þau viðbrögð gáfu tilefni til að fresta heimför.
>
> **GUÐMUNDUR ÁRNASON**
> RÁÐUNEYTISSTJÓRI FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIS

Hollendingar fylgjast átekta með en eru ekki í London. Guðmundur segir að það geti breyst í dag. „Okkar samskipti hafa verið við Bretana, en nú getur vel verið að það breytist. Það er ekki loku fyrir það skotið að það gætu orðið einhverjir fundir síðla á morgun [í dag]."

Samkvæmt nýrri könnun Gallup munu 74 prósent landsmanna greiða atkvæði gegn því að frumvarp um breytingar á lögum um ríkisábyrgð vegna Icesave taki gildi, í þjóðaratkvæðagreiðslunni á laugardag. Fréttastofa Ríkisútvarpsins greindi frá þessu.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagði á þingi í gær að þjóðaratkvæðagreiðslan yrði haldin. Hún spurði þó hvort ekki væri um hálfgerðan hráskinnaleik að ræða ef betri samningar liggi fyrir.

Verði af fundum og skrifað verði undir betri kjör munu stjórnarflokkarnir fara fram á það við stjórnarandstöðuna að fallið verði frá atkvæðagreiðslunni.

kolbeinn@frettabladid.is

## Þorsteinn Geirsson látinn

**Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dómsmálaráðuneytinu, er látinn.**



**Þorsteinn fæddist í Reykjavík 15. febrúar 1941. Hann lauk stúdentsprófi frá MA 1961 og prófi í lögfræði frá HÍ 1966.**

**Þorsteinn hóf starfsævina sem fulltrúi hjá Árna Guðjónssyni hæstaréttarlögmanni en fór til starfa í fjármálaráðuneytinu 1971. Hann var ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneytinu, sjávarútvegsráðuneytinu og dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.**

**Þorsteinn gegndi ýmsum öðrum ábyrgðar- og trúnaðarstörfum innan stjórnsýslunnar og var meðal annars formaður samninganefndar ríkisins í launamálum.**

**Þorsteinn var kvæntur Maríu Friðriku Haraldsdóttur. Fyrri maki hans var Guðrún K. Sigurðardóttir sem lést 1983. Þorsteinn átti fjögur börn og eitt stjúpbarn.**

Loftrýmisgæsla hefst í dag:

## 50 danskir hermenn komnir

**VARNARMÁL** Loftrýmisgæsla á vegum Atlantshafsbandalagsins hefst á ný hér við land í dag og stendur til 30. mars. Flugsveit frá danska flughernum sinnir gæslunni að þessu sinni.

Um 50 liðsmenn danska flughersins eru staddir á Íslandi vegna verkefnisins, að því er segir á heimasíðu Varnarmálastofnunar. Gæslunni er sinnt með fjórum F-16 orrustuþotum í samræmi við loftrýmisgæsluáætlun NATO fyrir Ísland. - pg




Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum opnað í fyrsta skipti í vetur:

# Fjöldinn langt framar vonum

**ÚTIVIST** Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins í Bláfjöllum opnaði í gær í fyrsta skipti í vetur. Rúmlega 2.000 manns renndu sér á skíðum og snjóbrettum í þeim fimm brekkum sem hægt var að opna.

„Fyrsti dagurinn gekk frábærlega, það komu margfalt fleiri en við þorðum að ímynda okkur," segir Magnús Árnason, framkvæmdastjóri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Hann segir áhuga á skíðaíþróttinni sífellt að aukast.

Áform um uppsetningu snjóframleiðslutækja hafa síður en svo verið sett á ís, segir Magnús. Orkuveita Reykjavíkur hafi ætlað að fjármagna kaupin en hrunið hafi komið í veg fyrir það. „En það er ekki spurning um hvort, heldur hvenær við setjum upp snjóframleiðsluna," segir Magnús. - bj



**Á BRETTINU** Ekki voru allir háir í loftinu sem skemmtu sér í Bláfjöllum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Á Listahátíð í vor:
LEIF OVE ANDSNES
Christian Tetzlaff
Tanja Tetzlaff
Háskólabíó 13. maí
Á efnisskrá eru verk eftir Robert Schumann, Leoš Janáček og Antonín Dvořák.
Norska píanóstjarnan Leif Ove Andsnes er einn virtasti og eftirsóttasti tónlistarmaður í klassískri tónlist.
Tanja Tetzlaff er margverðlaunaður sellóleikari sem vakið hefur mikla athygli á undanförnum árum og bróðir hennar, Christian Tetzlaff er einn færasti fiðluleikari samtímans.
„Leiv Ove sameinar ljóðrænu og yfirburðatækni í hverju sem hann tekur sér fyrir hendur.“
– Víkingur Heiðar Ólafsson
„Það er erfitt að finna nógu sterk orð til að lýsa þessum frábæra píanóleikara, kraftmiklum leik hans, nákvæmni og fágun.“
– BBC Music Magazine
„Tónlistarsamstarf sem einkennist af hrífandi innsæi og krafti.“
– Daily Telegraph
Miðasala er hafin
á www.listahatid.is, www.midi.is og í síma 552 8588
FABRIKAN
PÓSTURINN
samskip
CENTER HOTELS
Iceland Express
NORSKA SENDIRÁÐIÐ
FRÉTTABLAÐIÐ
Listahátíð í Reykjavík 2010
12. MAÍ – 5. JÚNÍ
REYKJAVÍK ARTS FESTIVAL

## GENGIÐ 01.03.2010

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,97 | 128,59 |
| Sterlingspund | 192,24 | 193,18 |
| Evra | 174,17 | 175,15 |
| Dönsk króna | 23,399 | 23,535 |
| Norsk króna | 21,595 | 21,723 |
| Sænsk króna | 17,848 | 17,952 |
| Japanskt jen | 1,4316 | 1,44 |
| SDR | 195,92 | 197,08 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
229,9574

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga sendir Hafnarfirði bréf:

# Skuldirnar yfir viðunandi mörkum

**SVEITARFÉLÖG** Þótt eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga ætli ekki að aðhafast í málefnum Hafnarfjarðar að svo stöddu telur hún skuldir og skuldbindingar bæjarins yfir „þeim mörkum sem talist getur viðunandi og sveitarfélagið getur búið við til lengri tíma litið“ eins og segir í bréfi eftirlitsnefndarinnar til bæjarstjórnar Hafnarfjarðar.

Í bréfinu er sagt mikilvægt að vinna markvisst að því að lækka skuldabyrðina. Bæjarstjórnin er minnt á að samkvæmt sveitarstjórnarlögum sé sveitarstjórn skylt að gæta þess eins og kostur er að „heildarútgjöld sveitarfélags, þar með talin rekstrarútgjöld, fari ekki fram úr heildartekjum þess“.

Eftirlitsnefndin segist „fylgjast með framvindu rekstrar og fjárhagsáætlunar á næstu mánuðum“ og óskar eftir því að ársreikningur fyrir 2009 verði sem fyrst lagður fram fyrir 2009. Sömuleiðis vill hún fá í hendur á þriggja mánaða fresti reikningsskil sveitarfélagins með samanburði við fjárhagsáætlun. Bréf EFS verður kynnt bæjarráði Hafnarfjarðar síðar í vikunni. - pg



**BÆJARSTJÓRINN** Lúðvík Geirsson þarf að skila eftirlitsnefndinni reikningsskilum bæjarsjóðs á þriggja mánaða fresti þetta árið.

Flugvirkjar höfnuðu samningi:

# Verkfall boðað semjist ekki

**SAMGÖNGUR** Félagsmenn í Flugvirkjafélagi Íslands felldu kjarasamning við Icelandair á félagsfundi í gærkvöldi. Flugvirkjarnir fara því í verkfall 22. mars takist ekki samningar fyrir þann tíma.

Kristján Kristinsson, formaður samninganefndar félagsins, segir mikla óánægja með breytingu sem gera átti á vinnufyrirkomulagi samkvæmt samningnum.

Stuttu verkfalli flugvirkja sem hófst 23. febrúar var afstýrt þegar skrifað var undir samningana sem nú hefur verið hafnað. - bj

Eyrir Invest selur hlutabréf:

# Fá 2,9 milljarða í Danmörku

**VIÐSKIPTI** Eyrir Invest seldi á hlutabréfamarkaði í Kaupmannahöfn í gær 16,9 milljónir hluta í stoðtækjafyrirtækinu Össuri á genginu 7,25 danskar krónur á hlut, jafnvirði 170 íslenskra króna. Söluandvirðið þessu samkvæmt nemur tæpum 2,9 milljörðum króna.

Eftir því sem næst verður komist var ákveðið að selja hlutinn ytra þar sem mun meiri hreyfing á hlutabréfum er þar en hér og alþjóðlegir fjárfestar sæki í þau.

Eyrir Invest er annar stærsti hluthafi Össurar. Fyrir söluna átti hann 18,9 prósenta hlut en hann fer niður í 15,1 prósent við söluna. - jab

Bráðnun á Norðurskauti:

# Áhugi Kínverja er vaknaður

**KÍNA, AP** **Áhugi Kínverja er vaknaður á þeim tækifærum sem gefast þegar Norðurskautsleiðin opnast við bráðnun ísbreiðunnar þar. Þetta segir Linda Jakobsson hjá SIPRI, alþjóðlegri rannsóknarstofnun í alþjóðastjórnmálum og öryggismálum.**

**Hún segir hlutleysi kínverskra stjórnvalda gagnvart Norðurskautinu hafa sætt gagnrýni af hálfu kínverskra fræðimanna. Kínverjar hafi hins vegar sýnt áhuga á að verða virkari aðilar að Norðurskautsráðinu, þar sem þeir hafa eingöngu fengið að vera áheyrnarfulltrúar.**

**Þótt Kínverjar eigi ekki land að Norðurskautshafinu hafa þeir stundað veiðar á norðurslóðum og hefðu hag af styttri flutningaleið til Evrópu.** - gb



**MÓSAMBÍK** Starfsemi Þróunarsamvinnustofnunar Íslands í Mósambík hófst árið 1989. Verkefni stofnunarinnar í landinu hafa verið fjölbreytt, allt frá stuðningi við fiskveiðar og fiskeldi að heilbrigðis- og skólamálum.

# Talinn hafa dregið sér yfir tíu milljónir

**Fyrrverandi umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar í Mósambík er grunaður um fjárdrátt. Hefur viðurkennt brot. Áfall fyrir stofnunina og starfsmenn, segir framkvæmdastjóri. Allt eftirlit hjá stofnuninni verður yfirfarið í kjölfarið.**

**LÖGREGLUMÁL** Fyrrverandi umdæmisstjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (ÞSSÍ) í Mósambík er grunaður um að hafa dregið sér um eða yfir tíu milljónir af fé stofnunarinnar í starfi sínu.

Jóhann Pálsson lét af störfum sem umdæmisstjóri um miðjan janúar síðastliðinn. Við umdæmisstjóraskiptin kom í ljós að hann lét í nokkrum tilvikum stofnunina greiða reikninga vegna persónulegra útgjalda hans. Hann viðurkenndi í kjölfarið að hafa brotið af sér í starfi.

„Þetta er mikið áfall fyrir okkur, fyrir þessa stofnun og fólkið sem starfar hér, ekki síst þá sem hafa bundist þessum manni vináttuböndum,“ segir Sighvatur Björgvinsson, framkvæmdastjóri ÞSSÍ.

Hann segir málið fordæmalaust innan stofnunarinnar og Jóhann hafi notið mikils trausts í sínu starfi sem umdæmisstjóri.

„Hann viðurkenndi að þarna væri um misferli að ræða, en svo er það lögreglu að rannsaka hvers eðlis það var,“ segir Sighvatur.

Ríkisendurskoðun vinnur nú að því að fara yfir bókhald ÞSSÍ frá Mósambík frá árinu 2006, þegar Jóhann tók við störfum umdæmisstjóra, segir Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá Ríkislögreglustjóra.

Hann segir að þegar hafi komið í ljós reikningar fyrir rúmlega tíu milljónir króna. Meira gæti komið í ljós þegar búið verði að yfirfara bókhaldið. Einnig sé verið að kanna hvort Jóhann hafi sjálfur gefið út tilhæfulausa reikninga.

Jóhann hefur ekki verið yfirheyrður vegna málsins, og mun það bíða niðurstöðu rannsóknar á bókhaldinu, segir Helgi. Ekki leikur sérstakur grunur á að hann hafi átt sér vitorðsmenn.

Sighvatur segir mjög mikið eftirlit haft með fjárútlátum stofnunarinnar. Þjófnaður af þessu tagi eigi ekki að vera mögulegur, en ekkert eftirlit sé svo nákvæmt að ekki sé hægt að blekkja það.

Vegna þessa máls verða reglur og starfsferlar stofnunarinnar yfirfarnir svo hægt verði að betrumbæta það sem fór úrskeiðis, segir Sighvatur. „Við erum stöðugt með úttekt á starfsstöðvunum, en við munum skoða framkvæmdina á því í kjölfar þessa máls.“

Jóhann hafði unnið hjá stofnuninni vel á annan áratug, en lét af störfum við heimkomuna í janúar. Sighvatur segir starfslok Jóhanns ekki tengjast brotum hans.

brjann@frettabladid.is

Olíuleit á Drekasvæðinu:

# Sérleyfi verða boðin út aftur

**ORKUMÁL** **Sérleyfi til rannsókna og vinnslu á olíu og gasi á Drekasvæðinu verða boðin út að nýju á tímabilinu 1. ágúst til 1. desember 2011 á næsta ári. Fyrra útboðið fór fram í fyrra, en þau tvö fyrirtæki sem buðu í verkið féllu síðar frá tilboðum sínum.**

**Í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu kemur fram að stefnt sé að sýnatöku á svæðinu til að afla upplýsinga fyrir útboðið. Drekasvæðið er hafsvæði á mörkum íslensku efnahagslögsögunnar norðaustur af landinu. Talið er að olíu og gas megi finna undir hafsbotni, en erfitt er að vinna það vegna hafdýpis.** - bj



**ÁHÖFN DANSKA TUNDURSPILLISINS** Herskipið Absalon lagði af stað frá Danmörku á sjóræningjaslóðir í ársbyrjun.

NORDICPHOTOS/AFP

Danska herskipið Absalon:

# Móðurskipi sjóræningja sökkt

**SÓMALÍA, AP** Danski tundurspillirinn Absalon hefur sökkt sjóræningjaskipi úti af ströndum Sómalíu. Áhöfn sjóræningjaskipsins var gefinn kostur á að fara í land áður en því var sökkt.

Sómalska skipið er móðurskip sem sjóræningjar hafa notað sem bækistöð, en þaðan hafa þeir herjað á minni bátum á skip á siglingaleiðinni fyrir utan strendur Sómalíu. Danska herskipið er á þessum slóðum á vegum Atlantshafsbandalagsins. - gb




## VEÐURSPÁ



Soffía Sveinsdóttir
Veðurfréttamaður

**HLÁNAR SUNNANLANDS**
Snjórinn stoppar stutt við sunnan til, í það minnsta á láglendi. Í dag má búast við einhverri hláku enda ætti hitinn að komast vel upp fyrir frostmark, allra syðst. Áfram verður vægt frost norðanlands í dag og næstu daga.



**Á MORGUN**
3-10 m/s, hægast SA-til.

**FIMMTUDAGUR**
8-15 m/s A-til, annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 15° |
| Basel | 15° |
| Berlín | 5° |
| Billund | 1° |
| Eindhoven | 7° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 9° |
| Gautaborg | 0° |
| Kaupmannahöfn | 0° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 9° |
| Mallorca | 17° |
| New York | 7° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | -2° |
| París | 11° |
| San Francisco | 15° |
| Stokkhólmur | -5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*




ENNEMM / SÍA / NM41093

## KJÖRKASSINN



*Er nauðsynlegt að greiða ríkisforstjórum yfir eina milljón króna í mánaðarlaun?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 15,3% |
| NEI | 84,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Horfðir þú á beina útsendingu frá afhendingu Eddu-verðlaunanna?*

Segðu þína skoðun á visir.is vísir

Lögregla birtir mynd af Guðbjarna Traustasyni sem lét sig hverfa eftir dagsleyfi:

# Strokufanga enn leitað í gærkvöld

**LÖGREGLUMÁL** „Það fyrsta sem gerist þegar næst til strokufanga er að hann er úrskurðaður í einangrun. Í tilviki af þessu tagi um það bil fimmtán daga, sem er agaviðurlög. Þá falla öll áunnin réttindi í fangelsinu niður.“

Þetta segir Páll E. Winkel, forstjóri Fangelsismálastofnunar, spurður um viðurlög sem fangi sætir þegar hann strýkur úr fangelsi eða skilar sér ekki úr lögbundnu leyfi, en fer huldu höfði.

Lögreglan leitaði Guðbjarna Traustasonar, fanga á Litla-Hrauni, enn þegar blaðið fór í prentun í gærkvöld. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu var þá komin með málið á sitt borð og lýsti eftir honum. Guðbjarni er 27 ára, um það bil 185 sentímetrar á hæð og um 70 kíló. Hann skilaði sér ekki úr lögbundnu dagsleyfi frá fangelsinu um helgina og eftirgrennslan eftir honum hefur ekki skilað árangri.



GUÐBJARNI TRAUSTASON

Talið er að Guðbjarni, sem ekki er álitinn hættulegur, dvelji á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sem geta gefið upplýsingar um ferðir hans eða dvalarstað eru beðnir að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000.

Lögreglan skorar jafnframt á Guðbjarna að gefa sig fram. Hann afplánar sjö og hálfs árs dóm fyrir aðild að smygli á tæpum 40 kílóum af fíkniefnum í svokölluðu Pólstjörnumáli. - jss

Vildi reynar þykkt íssins:

# Bíll lenti ofan í Rauðavatni

**SLYS Ökumaður við Rauðavatn komst í hann krappan þegar hann vildi reyna þykkt íssins á vatninu. Ísinn reyndist ekki bílheldur og fékk maðurinn óþyrmilega staðfestingu á því þegar hann gaf sig og bíllinn fór í vatnið.**

**Ökumanni varð ekki meint af volkinu og komst sjálfur á þurrt og beið í öðrum bíl eftir aðstoð. Aðstoð slökkviliðs og björgunarliðs þurfti hins vegar til að koma jeppanum úr vökinni. Óvíst er hvernig bíllinn fór út úr þessum reynsluakstri. - kóp**

Bæjarráð skiptir um skoðun:

# Gefa grænt ljós á tvöföldun

**SAMGÖNGUR** Bæjarráð Kópavogs hefur nú snúið fyrri ákvörðun sinni um að synja Vegagerðinni um breikkun á Suðurlandsvegi ofan við Lögberg og heimilað framkvæmdina.

„Í ljósi nýrra upplýsinga og ítarlegri gagna styð ég málið,“ segir í bókun Ólafs Þórs Gunnarssonar, hjá Vinstri grænum. „Það er mitt álit að hagsmunum Kópavogs sé best gætt með því að tryggja að mislæg gatnamót verði inni á framkvæmdasvæðinu sem við munum gefa framkvæmdaleyfi fyrir á Suðurlandsvegi í landi Kópavogs á vegakaflanum frá Fossvöllum ofan Lögbergsbrekku að sveitarfélagsmörkum Kópavogs og Ölfuss. Þannig verði umferðaröryggi best tryggt,“ segir í bókum Ómars Stefánssonar. - gar

## KJARASAMNINGAR

### Funda hjá sáttasemjara

Fyrsti fundur samninganefndar stéttarfélaga og forsvarsmanna Norðuráls var í gær með ríkissáttasemjara. Þetta kemur fram í Skessuhorni.

## FERÐAMÁL

### Styrkja upplýsingamiðstöð

Samþykktur hefur verið samningur um skilyrtan styrk Ferðamálastofu við rekstur upplýsingamiðstöðvar á Ísafirði. Hún þjónar Vestfjörðum og Dölum, en rekstur hennar var í uppnámi eftir að Ferðamálastofa sagði samningnum upp. Frá þessu er sagt á vef Bæjarins besta.

## ALÞJÓÐASAMFÉLAGIÐ

### Rússar gagnrýna Írana

Dmitrí Medvedev, forseti Rússlands, sagðist í gær ekki geta staðfest að kjarnorkuáætlun Írana væri á friðsamlegum nótum. Þetta er talið auka líkur á aðgerðum alþjóðasamfélagsins.

# Birta þarf upplýsingar um styrkþega

**Í greiningarskýrslu ESB eru gerðar athugasemdir við að bændasamtökum sé falin stjórnsýsla landbúnaðarmála. Tölfræði sögð ófullkomin og byggð á ágiskunum. Birta þarf upplýsingar um styrkveitingar.**

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Í greiningarskýrslu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins er fundið að því að markvissa stefnu í málefnum dreifbýlisins skorti á Íslandi. Miklar aðfinnslur eru gerðar við stjórnsýslu landbúnaðarmála, ekki síst það að stjórnvöld feli Bændasamtökunum lykilhlutverk í stjórnsýslu málaflokksins og engar opinberar upplýsingar séu aðgengilegar um það hverjir njóta landbúnaðarstyrkja. Fjölmargar stuðningsaðgerðir stangist á við reglur ESB um samkeppni og ríkisstyrki.

Beingreiðslur íslenska ríkisins til bænda séu ekki í samræmi við ESB-reglur; ESB miðar nú við að 85 prósent ríkisstyrkja séu óháð framleiðslumagni bænda. Það hlutfall á að auka í 93 prósent fyrir árið 2013, samkvæmt endurskoðaðri landbúnaðarstefnu ESB. Mikið vantar á það hlutfall hér á landi enda eru styrkir að langmestu leyti framleiðslutengdir.

„Íslendingar munu þurfa að koma upp upplýsingakerfi fyrir móttakendur landbúnaðarstyrkja undir sameiginlegri stjórn og tryggja þarf að árlega verði birtar upplýsingar um nöfn þeirra sem njóta styrkjanna,“ segir í skýrslunni.

Enn fremur segir að landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytið sé of veikburða til þess að sinna stjórnsýslu landbúnaðarmála. Um 40 starfsmenn þess sinni stefnumótunarvinnu en framkvæmdinni hafi verið úthýst til hagsmunasamtaka bænda. Bændasamtökin hafi meðal annars það hlutverk að greiða ríkisstyrki til einstakra bænda. Öll tölfræði um íslenskan landbúnað sé vanþróuð. Í mörgum tilfellum byggist hún á áætluðum stærðum frekar en rauntölum.

Í heild sé íslensk landbúnaðarlöggjöf ekki í samræmi við löggjöf Evróusambandsins og þarfnist mikillar aðlögunar.

Varðandi dreifbýlisstefnu segir í skýrslunni að engin stofnun beri heildarábyrgð á byggðaþróun og byggðastuðningi. Heildarstefnu sem svari til stefnu Evrópusambandsins í málaflokknum sé ekki fylgt. Hins vegar sé unnið að fjölmörgum smærri áætlunum og aðgerðum innan fjölmargra sjóða og stofnana. Nauðsynlegt verði að setja á fót stofnun sem annist greiðslur dreifbýlisstyrkja. peturg@frettabladid.is



**LANDBÚNAÐUR** Eini þáttur íslensks landbúnaðar sem er í samræmi við reglur ESB er lífrænn landbúnaður en 1 prósent íslenskra bænda tengist lífrænum landbúnaði, að því er segir í greiningarskýrslu ESB um Ísland. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## STYRKIR 51% Á ÍSLANDI EN 25% Í ESB

Árið 2009 námu styrkir til íslenskra bænda 51 prósentum af framleiðsluverðmæti en í ríkjum ESB var samsvarandi hlutfall 25 prósent.

1,4 prósent af landsframleiðslu Íslands árið 2008 áttu rætur að rekja til landbúnaðar. Í ríkjum ESB var hlutfallið að meðaltali 1,2 prósent. 2,5 prósent af vinnuafli á Íslandi starfa í landbúnaði en 5,6 prósent í ríkjum ESB. Framleiðsla Íslendinga á mjólk, lambakjöti og nautakjöti nam um eða innan við 0,1 prósenti af heildarframleiðslu ESB-ríkjanna.

47 prósent af útflutningi íslenskra landbúnaðarafurða voru til ríkja ESB árið 2008. 65 prósent af innfluttum landbúnaðarvörum á Íslandi komu þá frá ESB-ríkjum.

Um helmingur fjárlaga ESB fer til landbúnaðar, sem svarar til um 70 milljörðum evra, eða 12.200 milljörðum íslenskra króna. Í skýrslunni segir að líklega kæmu innan við 0,15 af þeirri fjárhæð í hlut íslensks landbúnaðar við aðild.







Greiningarskýrsla Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um Ísland:

# Áhyggjur af stöðu dómstóla

**EVRÓPUMÁL** Í grundvallaratriðum er íslensk stjórnsýsla skilvirk og málefnaleg og laus undan pólitískum afskiptum. Hún stendur traustum fótum í sömu grunngildum og einkenna stjórnsýslu Evrópusambandsríkjanna, að því er fram kemur í greiningarskýrslu Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna aðildarumsóknar Íslands.

Þó er lýst áhyggjum af sterkum ítökum dóms- og mannréttindaráðherra í málefnum dómsvaldsins og ákæruvaldsins. „Það er svigrúm til úrbóta á ferli sem fylgt er við skipun dómara í því skyni að tryggja betur sjálfstæði dómsvaldsins,“ segir í skýrslunni.

Þar sem dómsmálaráðherra skipi einn dómara í embætti að fengnum ráðgefandi umsögnum valnefndar eða Hæstiréttar vakni spurningar um raunverulegt sjálfstæði íslenskra dómara. Einnig er fundið að því að ráðherra geti tekið ákvörðun um að víkja dómara og saksóknara tímabundið úr embætti og að ekki sé hægt að kæra úrskurði nefndar um dómarastörf til hærra setts stjórnvalds. - pg



**HÆSTIRÉTTUR** Sterk staða dómsmálaráðherra gagnvart dómstólunum vekur efasemdir um sjálfstæði dómstólanna, segir í greiningarskýrslu ESB.

# FERMINGARGJAFIR Á FRÁBÆRU VERÐI!

Öll raftækin fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum.



**CASIO**

**Casio myndavél** EXZ33PINK
- Stafræn myndavél með 10.1 milljón punkta upplausn
- EXILIM Engine 2.0
- BESTSHOT 41 myndstillingar
- Face Detection function
- Anti-Shake DSP - Hristivörn
- 2.5" TFT LCD Skjár (230.400 pixlar)
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- You Tube™ Capture Mode
- 11.4MB Innra minni og rauf fyrir SD/SDHC kort
- Rafhlaða endist í allt að 230 skot
- Hleðslutæki, hleðslurafhlaða og hugbúnaður fylgja

**24.990kr** V.Á. 29.990.-



## Melissa
**Öflugur 2000w hárblásari**
635133
- Glæsilegur 2000w hárblásari
- 2 hraða og 3 hitastillingar
- Kaldur blástur
- Ofhitunarvörn
- Auðvelt að hreinsa ryksíu

**2.990kr** GOTT VERÐ



**2.990kr** GOTT VERÐ

## Melissa
**Sléttujárn með keramik plötum**
635134
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifing
- 2 hitastillingar
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C



**42.990kr** GOTT VERÐ

**elna**

**Elna saumavél**
ELNA2300
- 24 sporgerðir
- Þægilegt að finna rétta sporið þar sem sporvalið er sýnt á töflu framan á vélinni
- Þægilegt að velja rétta sporið með einfaldri stilliskífu
- Auðvelt er að auka sporlengdina, stillingar frá 0-4 mm.
- Sporbreidd er auðveldlega stillanleg frá 0-5 mm.
- Nál stillanleg frá miðju og aukahlutageymsla
- Auðvelt að minnka saumborð ef þörf krefur
- Innbyggð spóluvinda og áfastur tvinnahnífur
- 5 gerðir saumfóta fylgja
- "Overlock,,
- Ábreiða yfir vélina fylgir og bútasaumsfótur fáanlegur
- Íslenskur leiðarvísir fylgir



**17.990kr** V.Á. 19.990.-

**OLYMPUS**

**Olympus myndavél** FE26SV
- 12 MegaPixel
- 3x Optical Zoom og 4x Digital Zoom
- Linsa: 6.3 - 18.9mm (35mm samb.: 36 - 108mm)
- 2,7" LCD Skjár
- Face Detection - þekkir andlit
- Autofocus, Contrast Detection og White Balance
- Auto Exposure og þrjár manual stillingar
- Hreyfimyndataka með hljóði (Hámarksupplausn 640x480)
- Fjórar myndstærðir
- 13 Scene Modes
- Auto Flass, Red Eye Reduction og tímarofi
- USB tenging við tölvu
- Tekur MicroSD kort
- 19MB innra minni, USB snúra og AA rafhlöður fylgja
- Hugbúnaður fylgir



## Melissa
**Krullujárn** 635074
- Krullujárn með hitastilli

**2.490kr** GOTT VERÐ

**tasco**

**Tasco sjónauki**
168RB
- 10x stækkun
- 25mm rauð gler
- Taska fylgir
- Litur: Svartur
- Þyngd: 260,8g



**4.990kr** GOTT VERÐ

**UNITED**

**19" LCD sjónvarp með DVD spilara** 19DD91HD
- 19" LCD sjónvarp
- 16:9 breiðtjald
- Innbyggður fjölkerfa DVD spilari
- Innbyggður stafrænn móttakari (DVB-T)
- 12v og 220v
- Upplausn: 1440x900
- Birtustig: 300 cd/m²
- Svartími: 5ms
- Sjálfvirk leit
- Styður PAL(BG/DK/I) og SECAM(BG/DK)
- Nicam Stereó hljóðkerfi
- Textavarp
- HDMI, Scart, S-Video & VGA(PC) tengi

**59.990kr** GOTT VERÐ





**JVC**

**Hljómflutningstæki** UXG100
- Míkrósamstæða með 10w RMS magnara
- Geislaspilari með MP3/WMA
- Spilar CD-R/RW
- RDS útvarp með 32 stöðvaminnum
- Klukka og tímastillir
- Heyrnartólstengi
- Fjarstýring

**27.990kr** GOTT VERÐ

Gildir til 4. mars á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

JARÐSKJÁLFTARNIR Í CHILE

Brugðist við hamförunum í Suður-Ameríku:

# Rauði Kross Íslands sendir fé til Chile

Rauði kross Íslands hefur ákveðið að senda þrjár milljónir króna til neyðaraðgerða í kjölfar jarðskjálftans í Chile nú um helgina. Alþjóða Rauði krossinn hefur þegar veitt 360 milljónum króna úr neyðarsjóði sínum og Rauði krossinn í Chile hefur hrint af stað fjáröflun til aðstoðar fórnarlömbum hamfaranna.

Hægt er að styðja hjálparstarfið í Chile með því að leggja inn á reikning Rauða krossins í banka 0342, hb. 26, reikn. 555, kt. 530269-2649, eða greiða með kreditkorti.

Rauði krossinn í Chile hefur unnið sleitulaust frá því jarðskjálftinn reið yfir að björgun úr rústum, aðhlynningu slasaðra og dreifingu hjálpargagna. Rauði krossinn hefur gríðarlega mikla reynslu af viðbrögðum vegna jarðskjálfta og annarra náttúruhamfara og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í almannavörnum landsins.

Systurfélög Rauða krossins í Suður-Ameríku og Alþjóða Rauði krossinn eru reiðubúinn að senda hjálparstarfsmenn og hjálpargögn á vettvang með litlum fyrirvara. Rauði kross Íslands hefur beðið sendifulltrúa sína að vera í viðbragðsstöðu vegna hamfaranna komi beiðni um aðstoð.

Rauði kross Íslands veitir fólki sem misst hefur samband við ástvini í Chile einnig aðstoð með sálrænum stuðningi og hjálp við að nýta leitarþjónustu Alþjóða Rauða krossins.

Enn er gífurleg þörf á neyðaraðstoð á Haítí í kjölfar jarðskjálftans sem þar varð fyrir sex vikum. Tólf hjálparstarfsmenn frá Rauða krossi Íslands hafa verið þar að störfum og enn þá eru átta sendifulltrúar á svæðinu, einkum hjúkrunarfólk. - gb



VARÐSKIP Nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar skemmdist í jarðskjálfta á laugardaginn. Talið er að það geti seinkað afhendingu skipsins. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Starfsmenn LHG ekki skoðað tjón á nýju varðskipi:

# Bíða þess vopnaðir að komast á brott

Ekkert amar að tveimur íslenskum starfsmönnum Landhelgisgæslunnar (LHG) og fjórum dönskum sérfræðingum sem voru á hennar vegum í borginni Concepcion í Chile þegar jarðskjálftinn dundi yfir á laugardag.



GEORG LÁRUSSON

Mennirnir hafa komið sér fyrir heima hjá einum af Dönunum, segir Georg Lárusson, forstjóri Landhelgisgæslunnar.

„Þeir kvarta ekki nema undan matarleysi, en það er rafmagnsog vatnslaust í borginni,“ segir Georg. Hann náði sambandi við Ragnar Ingólfsson, annan starfsmanna gæslunnar, og einn af dönsku sérfræðingunum í gær.

„Þeir eru uggandi yfir fréttum af ræningjahópum sem fara um borgina,“ segir Georg. Mennirnir hafi sagt sér að þeir hafi orðið sér úti um vopn til að verjast, þó að vonandi muni ekki reyna á það.

„Mér skilst að það sé skálmöld í Concepcion. Í útjaðri borgarinnar eru stór fátækrahverfi þar sem allt er í rúst, og fólkið reynir hvað sem er til að bjarga sér,“ segir Georg.

Hann segir mennina ekki hafa heimildir til að beita vopnunum, en eðlilega hljóti þeir að íhuga það í algerri sjálfsvörn. „Það er neyðarástand og spurning um að lifa af,“ segir Georg.

Mennirnir áttu bókað flug frá Chile í gær. Þegar þeir komu á flugvöllinn var hann lokaður. Ómögulegt er að fá bensín á ökutæki, og komast mennirnir því hvorki lönd né strönd.

Verið var að smíða nýtt varðskip Landhelgisgæslunnar í skipasmíðastöð sjóhersins í Chile í Concepcion þegar skjálftahrinan hófst. Georg segir að enn hafi enginn fengið að fara um borð í skipið þar sem það sé á hættusvæði.

Ekki er ljóst hversu mikið tjón hafi orðið í skjálftanum. Vitað er að flóðbylgjur skullu á skipinu og það féll niður í skipasmíðastöðinni. Um 30 gráðu halli er á skipinu og er óttast að sjór hafi komist í vélarrúmið. Það getur haft alvarlegar afleiðingar enda hefur ekki verið gengið frá raflögnum og stýritækjum, segir Georg.

„Ég er bjartsýnn á að ekki sé um stórkostlegar skemmdir að ræða,“ segir Georg. Eftir að hafa farið yfir samninga um smíðina með lögfræðingi segir hann það skilning Landhelgisgæslunnar að skipasmíðastöðin beri ábyrgð á tjóninu, og íslenska ríkið verði því ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. Skipasmíðastöðin er í eigu sjóhers Chile og þar með í ríkiseigu.

Viðbúið er að afhending skipsins seinki talsvert vegna tjónsins, mögulega um sex mánuði eða meira. Georg segir að samkvæmt sínum upplýsingum sé skipasmíðastöðin gersamlega í rúst. Líklega þurfi að draga skipið í aðra skipasmíðastöð til að ljúka smíðinni. - bj



KOMU SÉR FYRIR ÚTI Á GÖTU Þessir tveir menn í borginni Talcahuano fengu sér sopa úti á götu þar sem eyðileggingin blasir við. NORDICPHOTOS/AFP

# Nokkur sjávarþorp jöfnuðust við jörðu

**Sífelldir eftirskjálftar gera það að verkum að íbúar jarðskjálftasvæðanna í Chile þora ekki annað en að hafast við úti á götu, þótt kalt sé á næturnar. Skjálftinn varð að minnsta kosti 700 manns að bana og eyðilagði 1,5 milljónir heimila.**

Meðan björgunarsveitir unnu baki brotnu við að leita að fólki á lífi í rústum húsa voru hersveitir sendar til þess að stöðva þjófnað úr verslunum á jarðskjálftasvæðunum í Chile.

Hamfarirnar bitnuðu illa á íbúum borgarinnar Concepcion, sem er næststærsta borg landsins. Nokkur sjávarþorp urðu einnig mjög illa úti, og nánast jöfnuðust við jörðu eftir að hafa fyrst orðið fyrir jarðskjálftanum snemma á laugardagsmorgun og síðan mikilli flóðbylgju sem skjálftinn hratt af stað.

Krafturinn í flóðbylgjunni var það mikill að heilu húsin lyftust af grunni og bárust lengra inn á landið, en önnur hús molnuðu hreinlega í sundur.

Francisco Vidal, varnarmálaráðherra landsins, viðurkenndi að það hefðu verið mistök að gefa ekki þegar í stað út flóðaviðvörun eftir skjálftann, því aðeins hálftími leið frá skjálftanum þangað til flóðbylgjan skall af fullum krafti á strandbyggðunum.

Alls er talið að ein og hálf milljón heimila hafi skemmst illa eða gjöreyðilagst. Í gær var staðfest að rúmlega sjö hundruð lík væru fundin, en talið var fullvíst að sú tala myndi hækka verulega.

Skjálftinn mældist 8,8 stig og telst með þeim allra stærstu sem orðið hafa það sem af er þessari öld.

Tíðir eftirskjálftar töfðu björgunarstörf og urðu til þess að fjöldi fólks hafðist frekar við úti á götum en inni í húsum, sem þó höfðu sloppið óskemmd.




Heimildir: USGS, Eqecat © GRAPHIC NEWS

„Ef maður er inni í húsinu sínu þá hreyfast húsgögnin úr stað,“ sagði Monica Aviles, kona sem hafði vafið sig þykku sjali til að verjast kuldanum þar sem hún sat við eld sem kveiktur hafði verið úti á götu skammt frá heimili hennar.

gudsteinn@frettabladid.is

Samúðarkveðjur frá forsetanum og íslensku þjóðinni:

# Samstaða dragi úr hörmungunum

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sendi í gær samúðarkveðju til Michelle Bachelet, forseta Chile, fyrir sína hönd og íslensku þjóðarinnar vegna jarðskjálftanna í landinu.

Í tilkynningu frá embætti forsetans kemur fram að í kveðjunni hafi Ólafur lýst þeirri von sinni að samstaða Chilebúa og alþjóðlegur stuðningur muni draga úr hörmungum sem jarðskjálftarnir hafi haft í för með sér. Hugur Íslendinga sé með fjölskyldum og vinum þeirra sem látist hafi í skjálftunum. - bj



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Forseti segir hug þjóðarinnar vera hjá fórnarlömbum jarðskjálftans.

*Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:*

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN

# Skráðu þig í tölvunám
# Menntun sem gefur þér forskot

Geymdu auglýsinguna

1986 - 2010 • 24 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum.
Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

**Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Úrvalsnám og -námskeið

**Stafræn ljósmyndun og myndbönd**
- Stafræn ljósmyndun ......13 st./16.900
- Stafræn myndbandagerð ......13 st./18.900
- Ljósmyndavinnsla með Picasa ......9 st./12.900
- Photoshop Elements ......13 st./18.900

**Excel námskeið**
- Excel I: Almennt nám ......22 st./26.900
- Excel IIa: Sérhæft nám ......18 st./32.900
- Excel IIb: Fjárm.,bókh. & endsk. ..18 st./39.900
- Excel IIc: Fjölvar og forritun ......27 st./49.900
- Pivottöflur í Excel ......5 st./12.900

**Stjórnun, sparnaður & skipulagning**
- PRINCE2 verkefnastjórnun ......13 st./34.900
- Project verkefnastjórnun ......22 st./39.900
- Hugarkort - MindMaps ......4 st./9.900
- Tímastjórnun með Outlook ......4 st./9.900
- Betri tímastjórnun ......9 st./16.900
- Sparnaður í tölvumálum ......18 st./59.900

**PowerPoint, Word og Publisher**
- PowerPoint I: Almennt nám ......13 st./16.900
- PowerPoint II: Sérhæft nám ......9 st./14.900
- PowerPoint I + II ......22 st./25.900
- Publisher: Bæklingar,kort ofl. ......13 st./21.900
- Word I: Almenn ritvinnsla ......22 st./26.900
- Word II: Kraftmikil ritvinnsla ......18 st./26.900
- Vinnsla langra skjala í Word ......13 st./18.900
- Dreifibréf og markpóstur í Word ......4 st./8.900

**DreamWeaver, Photoshop & Flash**
- DreamWeaver vefsíðugerð ......27 st./32.900
- DreamWeaver og Photoshop ......54 st./54.900
- DreamW., Photoshop og Flash ......72 st./76.900
- Flash I: Margmiðlun ......18 st./27.900
- Flash II: Action Script forritun ......18 st./27.900
- Flash I + II ......36 st./49.900
- Photoshop: Ljósm. og grafík ......27 st./32.900
- Photoshop II: Framhald ......18 st./32.900

**Forritun, SQL og Access**
- ASP .NET vefforritun ......36 st./79.900
- SQL grunnur ......13 st./26.900
- Access I: Almennt nám ......22 st./29.900
- Access II: Sérhæft nám ......18 st./34.900

**Outlook og Internetið**
- Outlook I: Póstur, dagbók ofl. ......13 st./18.900
- Outlook II: Fyrir lengra komna ......9 st./14.900
- Internetið og tölvupóstur ......9 st./14.900
- Kvöldstund með Facebook ......4 st./6.900

**Gagnleg námskeið**
- Fingrasetning - tölvuvélritun ......6 st./7.500
- Windows fyrir byrjendur ......9 st./11.900



### Almennt tölvunám
Morgunnám hefst 13. mars

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýtast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



### Tölvunám fyrir 50+
Dagnám hefst 10. mars og kvöldnám 11. mars

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



### Tölvuþjónustunám
Síðdegisnám hefst 22. mars

Einstakt nám fyrir þá sem aðstoða við umsjón tölva og hjálpa notendum. Farið er mjög ítarlega í Windows, kennd lykilatriði varðandi netrekstur og lögð áhersla á að auka þekkinguna í Office. Nám sem auðveldar þér að veita samstarfsmönnum og öðrum tölvuaðstoð.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



### Hagnýtt bókhaldsnám II
Kvöldnám hefst 12. apríl og morgunnám 16.mars

Framhaldsnámskeið í bókhaldi fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



### Hagnýtt bókhaldsnám
Morgunnám hefst 17. mars

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 94/4



### Stafræn ljósmyndun
Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13




### DreamWeaver vefsíðugerð
Dagnám hefst 8. mars

Lærðu á vinsælasta forritið til þess að búa til nútímalegar, kraftmiklar og upplýsandi vefsíður með grafík, valmyndum, hnöppum og CSS sniðsíðum sem auðvelda vefsíðugerðina. Ítarlegt og gagnlegt námskeið sem kemur þér af stað við vefsíðugerðina.

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 27/1




### Photoshop nám
Dagnám hefst 17. mars og síðdegisnám 4. mars

Bókaðu þig núna á kraftmikið og skemmtilegt nám um Photoshop sem hentar jafnt áhugamönnum og þeim sem starfa, eða vilja starfa, við grafíska hönnun, vefhönnun eða ljósmyndun. Veldu önnur námskeið með þessu og fáðu afslátt!

Verð: 32.900 Stundir/einingar: 27/1



### Vefsíðugerð - grunnur
Dagnám hefst 8. mars

Bókaðu þig núna á skemmtilegt nám um vefsíðugerð og lærðu grunnatriði vefsíðugerðar með DreamWeaver og Photoshop. Námið er tveir áfangar og er hægt að taka hvorn áfanga sér og bæta við sig öðrum áföngum til að dýpka þekkinguna á vefsíðugerð.

Verð: 54.900 Stundir/einingar: 54/2

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

www.tv.is

### Gott að vita!
- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis forfallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnumálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

### Tölvunám TV til betri verka
– hringdu núna í síma 520 9000
– eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is

### Einka- og hópkennsla
Fáðu einkakennslu til að ná betri tökum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar.
Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hvað heitir bæjarstjórinn á Akranesi sem komst ekki á blað í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins um liðna helgi?
2. Hvað heita hjónin sem reka Hótel Djúpavík?
3. Hver hlaut Eddu-verðlaunin sem leikari ársins?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Tveir karlmenn í fimmtán og tólf mánaða fangelsi:

# Fíkniefnasmyglarar dæmdir

**DÓMSMÁL** Tveir fíkniefnasmyglarar voru dæmdir í fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness í gær.

Tvítugur karlmaður frá Rúmeníu var dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi og pólskur ríkisborgari var dæmdur í tólf mánaða fangelsi.

Fyrrnefndi maðurinn stóð hinn 4. desember á síðasta ári, að innflutningi á tæpum 500 grömmum af kókaíni, sem ætlað var til sölu í ágóðaskyni hér á landi.

Maðurinn flutti fíkniefnin til landsins frá Belgíu með millilendingu í Kaupmannahöfn. Hann kom með þau til landsins sem farþegi og fundust þau í meltingarvegi hans við eftirlit.

Síðarnefndi maðurinn flutti 7. janúar síðastliðinn rúm 640 grömm af amfetamíni til landsins. Þessi maður faldi efnin einnig innvortis. Hann kom hingað til lands frá Varsjá í Póllandi.

Mennirnir hafa báðir setið í gæsluvarðhaldi á Litla-Hrauni frá því að þeir voru handteknir. Annar þeirra hafði setið í gæsluvarðhaldi frá 7. janúar og hinn frá 5. desember. Gæsluvarðhaldstími þeirra dregst frá fangelsisrefsitímanum. - jss



**FÍKNIEFNI** Báðir mennirnir földu fíkniefnin innvortis.

Franskur þáttur um Ísland:

# Áhorfendur tíu milljónir talsins

**NÁTTÚRA** Franski náttúrulífssjónvarpsþátturinn Ushuaia Nature verður laugardaginn 13. mars tileinkaður Íslandi. Þátturinn er hálftíma langur og verður sýndur á sjónvarpsstöðinni TF1.

Ferðaskrifstofan Fjallabak vekur athygli á því í tilkynningu að þátturinn nái til um 10 milljóna áhorfenda og fari síðan í sýningu í bæði franskri og enskri útgáfu víða um heim, auk þess sem hann komi út á mynddiski. Þá segir að þættirnir séu góð landkynning. - óká

Morðið í Dúbaí:

# Ísraelum meinaður aðgangur

**DÚBAÍ, AP Lögregluyfirvöld í Dúbaí segja að ferðamenn, sem taldir eru vera Ísraelar, fái ekki að koma til Dúbaí, jafnvel ekki þótt þeir hafi tvöfaldan ríkisborgararétt og sýni vegabréf annars ríkis en Ísrael.**

**Þetta eru viðbrögð vegna morðs á Palestínumanni, sem 26 útsendarar ísraelsku leyniþjónustunnar Mossad eru taldir bera ábyrgð á. Ísraelarnir komu til Dúbaí á fölsuðum vegabréfum. Ísraelsk stjórnvöld hafa hvorki viljað játa né neita því að leyniþjónustan hafi staðið að verki.** - gb

Fjármál Sjálfstæðisflokksins:

# Töldu ekki allar eignir í ársreikningnum 2007

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðisflokkurinn tók ekki tillit til fasteigna aðildarfélaga sinna vítt og breitt um landið í ársreikningi 2007, heldur einungis til eigna flokksins sjálfs. Í reikningnum fyrir 2008 birtist heildarmyndin.

Þannig má skýra hvers vegna eignir flokksins jukust í efnahagsreikningi um 52 prósent milli áranna, segir Jónmundur Guðmarsson, framkvæmdastjóri flokksins. Blaðið greindi frá því 25. febrúar að eignir flokksins hefðu farið úr 462 milljónum í 705 milljónir milli ára. Að auki var afgangur af rekstri flokksins 2008, sem jók handbært fé. -kóþ



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON** Í ársreikningnum 2008 birtist heildarmyndin.



**BIRGIR RAFN ÞRÁINSSON** Svokallað Ljósnet Símans er ekki samanburðarhæft við okkar net, segir framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Sakar Símann um blekkingu

**Framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur sakar Símann um að dulbúa eldri tækni sem ljósleiðaranet. Ekki sé hægt að vera með hraðbraut á malarvegi. Þegar er búið að senda Neytendastofu athugasemdir.**

**FJARSKIPTI** Birgir Rafn Þráinsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur, gagnrýnir Símann fyrir framsetningu á svokölluðu Ljósneti sem sagt var frá í Fréttablaðinu í gær.

„Að kalla þetta Ljósnet er mjög villandi fyrir markaðinn og við erum búnir að gera athugasemd um framsetningu Símans til Neytendastofu," segir Birgir Rafn.

Í Fréttablaðinu í gær var haft eftir Sævari Frey Þráinssyni, forstjóra Símans, að 60 til 70 prósent heimila á höfuðborgarsvæðinu muni geta tengst fyrirhuguðu Ljósneti Símans á næstu tveimur árum. Notast yrði við ljósleiðara 90 til 95 prósent af leiðinni til viðskiptavina og síðan við núverandi koparlagnir lokaáfangann.

„Það er verið að stilla þessu upp eins og Síminn sé að koma með ljósleiðara til heimila. Þetta brýtur algerlega í bága við ákvæði laga um að villa heimildir á vöru og þjónustu," segir Birgir sem kveður tæknina sem Síminn beiti vera uppfærslu á ADSL-tækninni í svokallað VDSL. „Að dulbúa það sem ljósleiðaranet og stilla því upp sem samanburðarhæfu neti við net Gagnaveitunnar er bara rangt."

Birgir segir vissulega hægt að ná meiri hraða yfir koparlínurnar. „En engu síður er verið að nota koparlínur sem heimtaugar og þær eru flöskuhálsinn. Það er alveg sama þótt þú færir búnaðinn úr símstöðinni í götuskáp þá ertu áfram að nota koparheimtaugarnar. Þannig að það er ekki viðurkennt á alþjóða mælikvarða að þetta kallist ljósleiðaravæðing. Það er ekki hægt að vera með hraðbraut sem endar á malarvegi og segja að það sé hægt að keyra á tvö hundruð kílómetra hraða alla leið," segir Birgir.

> Að kalla þetta Ljósnet er mjög villandi fyrir markaðinn…
>
> **BIRGIR RAFN ÞRÁINSSON**
> GAGNAVEITU REYKJAVÍKUR

Þá gagnrýnir Birgir forstjóra Símans fyrir fullyrðingu í Fréttablaðinu í gær um að ljósleiðaranet Gagnaveitunnar hafi kostað 12 milljarða króna og nái til tuttugu þúsund heimila. „Það er hreinasta bull. Við erum búin að tengja um þrjátíu þúsund heimili og höfum kostað til þess um þremur milljörðum," segir Birgir sem einnig kveðst hafa miklar efasemdir um áætlanir Símans um að greiða 790 milljónir króna fyrir kerfi sem nái til 42 þúsund heimila. „Þekkjandi kostnaðartölur okkar hef ég enga trú á að þessi tala sé rétt."

gar@frettabladid.is


Styrkir fyrir námsmenn

Námufélögum standa til boða veglegir námsstyrkir á framhalds- og háskólastigi árið 2010.

**Veittir verða styrkir í fjórum flokkum:**
3 styrkir til framhaldsskóla- og iðnnáms, 150.000 kr.
3 styrkir til háskólanáms (BA/BS/BEd), 300.000 kr.
4 styrkir til framhaldsnáms á háskólastigi, 350.000 kr.
4 styrkir til listnáms, 350.000 kr.

Sæktu um námsstyrk Námunnar á **landsbankinn.is**.

Umsóknarfrestur er til **8. mars**.



Helga Björnsdóttir, Námufélagi í háskóla

**NÁMAN** | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

Karlmaður á sjötugsaldri:

## Potaði í auga lögreglumanns

**DÓMSMÁL Karlmaður á sjötugsaldri hefur verið ákærður fyrir að pota í auga lögreglumanns á Blönduósi. Ríkissaksóknari ákærir manninn fyrir brot gegn valdstjórninni.**

**Atvikið átti sér stað við Héraðsbókasafnið á Blönduósi. Manninum er gefið að sök að hafa potað með fingri í auga lögreglumanns sem þar var við skyldustörf. Þá reyndi maðurinn ítrekað að pota í bæði augu lögreglumannsins, sem fékk blæðingu í hægra augað og marðist í kringum bæði augun. - jss**

Stjórn makrílveiða þróast í áttina til fullvinnslu og meiri verðmætasköpunar:

# Milljarðar króna töpuðust á síðasta ári

**SJÁVARÚTVEGUR** Það er einróma skoðun hagsmunaaðila í sjávarútvegi að stjórn, eða stjórnleysi, makrílveiðanna árið 2009 hafi verið sóun á verðmætum. Þetta kom fram á málstofu um veiðar og vinnslu á makríl sem sjávarútvegsráðuneytið stóð fyrir fyrir skömmu.

Gunnþór Ingvason, framkvæmdastjóri Síldarvinnslunnar í Neskaupstað, telur skipulag veiðanna í fyrra hafa valdið því að 4,5 milljörðum króna minna fékkst fyrir afurðirnar en ef útgerðir hefðu getað stýrt veiðunum sjálfar.



**SIGHVATUR BJARNASON VE** Uppsjávarskipin veiddu nær allan makrílkvótann á rúmum mánuði í fyrra. Takmarka þurfti veiðar til að gera ráð fyrir meðafla í veiðum á norsk-íslenskri síld. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Otto James-Olsen, fagstjóri uppsjávarveiða hjá Samtökum fiskvinnslustöðva í Noregi, var sérstakur gestur málstofunnar. Hann rakti samskipti Norðmanna og Evrópusambandsins um makrílveiðar, en sem kunnugt er hafa þessir aðilar tekist hart á um veiðiréttindi. Hann kom inn á hugsanlega þátttöku Íslands í stjórn veiðanna og sagði að sú aflahlutdeild, sem Ísland kæmi til með að fá ef samningar tækjust, yrði tekin af þeim 572.000 tonna heildarkvóta sem ákveðinn hefði verið fyrir árið 2010.

Steinar Ingi Matthíasson, skrifstofustjóri sjávarútvegsráðuneytisins, sagði þjóðréttarlega stöðu Íslands ótvíræða í þessu samhengi. Ísland hefur þekkst boð um þátttöku í strandríkjafundi um makrílveiðar í næsta mánuði. - shá

Framsóknarflokkur Kópavogi:

## Ómar Stefánsson í fyrsta sæti

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Ómar Stefánsson, bæjarfulltrúi og formaður bæjarráðs í Kópavogi, sigraði í prófkjöri framsóknarmanna í Kópavogi sem fram fór á laugardag. Ómar fékk tæp 40 prósent greiddra atkvæða, eða 382 atkvæði. Gísli Tryggvason sem sóttist eftir fyrsta sætinu hafnaði í fimmta sæti í prófkjörinu. Einar Kristján Jónsson, fyrrum formaður skipulagsnefndar Kópavogs, keppti einnig um oddvitasætið en endaði ekki meðal sex efstu í prófkjörinu.



ÓMAR STEFÁNSSON

Á kjörskrá flokksins í Kópavogi voru 1.817. Atkvæði greiddu 966, gild atkvæði voru 936 og ógild 30. - óká

**PRÓFKJÖR FRAMSÓKNARFLOKKSINS Í KÓPAVOGI**

| Sæti | Atkvæði í sæti |
|---|---|
| 1. Ómar Stefánsson | 382 í 1. |
| 2. Una María Óskarsdóttir | 345 í 1.-2. |
| 3. Andrés Pétursson | 385 í 1.-3. |
| 4. Alexander Arnarsson | 433 í 1.-4. |
| 5. Gísli Tryggvason | 443 í 1.-5. |
| 6. Ólöf Pálína Úlfarsdóttir | 463 í 1.-6. |

Prófkjör í Kópavogi:

## Ólafur Þór Gunnarsson efstur hjá VG

**SVEITARSTJÓRNARMÁL Ólafur Þór Gunnarsson hlaut flest atkvæði í prófkjöri Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs (VG) í Kópavogi um helgina. Hann leiðir því lista flokksins í bæjarstjórnarkosningunum í vor.**



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

**Frá því var greint á vef VG þegar prófkjörið fór fram að Ólafur Þór hefði verið kominn með „ótvíræða forystu“ í fyrsta sæti þegar um þriðjungur atkvæða hafði verið talinn.**

**Í öðru sæti í prófkjörinu varð Guðný Dóra Gestsdóttir, Karólína Einarsdóttir í þriðja, Guðbjörg Sveinsdóttir í fjórða, Arnþór Sigurðsson í fimmta og Hreggviður Norðdahl í sjötta sæti.**

**Kjörsókn er sögð hafa verið 42,4 prósent. - óká**

**PRÓFKJÖR VG Í KÓPAVOGI**

| Nafn | Sæti |
|---|---|
| Ólafur Þór Gunnarsson | 1. |
| Guðný Dóra Gestsdóttir | 2. |
| Karólína Einarsdóttir | 3. |
| Guðbjörg Sveinsdóttir | 4. |
| Arnþór Sigurðsson | 5. |
| Hreggviður Norðdahl | 6. |






FLUGKAPPAR Á FERÐ Litríkur strókurinn stóð aftur úr þessum þotum indverska hersins á flugsýningu í Rajastan á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Karadzic byrjar málsvörn sína frammi fyrir stríðsglæpadómstól í Haag:

# Segir málstað Serba heilagan

**HOLLAND, AP** „Málstaður okkar er réttlátur og heilagur,“ sagði Radovan Karadzic, fyrrverandi leiðtogi Bosníu-Serba, í gær frammi fyrir Alþjóðasakadómstólnum í Haag, þar sem hann sætir ákærum fyrir þjóðarmorð og stríðsglæpi vegna forystuhlutverks síns í Bosníustríðinu 1992-95, sem kostaði um 100 þúsund manns lífið.

Alvarlegustu glæpirnir tengjast fjöldamorðum á átta þúsund karlmönnum við bæinn Srebrenica í júlí 1995. Karadzic segir Bosníu-Serba hafa verið í vörn gegn Bosníu-múslimum. Aldrei hafi verið ætlunin að fremja þjóðernishreinsanir eða aðra stríðsglæpi.



RADOVAN KARADZIC Segir sök blóðbaðsins liggja hjá múslimum í Bosníu-Hersegóvínu en ekki Serbum. NORDICPHOTOS/AFP

„Serbar voru að verja sitt eigið landsvæði, og það er ekki glæpur,“ sagði Karadzic í upphafi málsvarnar sinnar. „Það var aldrei ætlunin, ekki einu sinni hugmynd og hvað þá skipulögð áætlun að reka múslima og Króata úr landi.“

Hann sagði Serba hafa verið fyrstu fórnarlömb ofbeldis af hálfu múslima. „Það var framferði þeirra sem leiddi af sér framferði okkar,“ sagði hann. Karadzic sér sjálfur um málsvörn sína. Hann reiknar með að þurfa tvo daga til að lesa upp almenna yfirlýsingu áður en vitni verða kölluð til. - gb

Kannabisræktendur fyrir dóm:

# Þrír ákærðir

**DÓMSMÁL Þrír tæplega þrítugir menn hafa verið ákærðir fyrir Héraðsdómi Reykjaness fyrir kannabisræktun í Hafnarfirði.**

**Mönnunum er gefið að sök að hafa í maí á síðasta ári haft í fórum sínum í sölu- og dreifingarskyni 278 kannabisplöntur, rúm 758 grömm af kannabislaufum og tæp 17 grömm af maríjúana.**

**Þá er einn mannanna ákærður fyrir að hafa slatta af kannabisefnum í fórum sínum svo og amfetamín í neyslupakkningu.**

**Annar þremenninganna er einnig ákærður fyrir að hafa maríjúana í fórum sínum á heimili sínu.** - jss




Sjálfboðaliðar óskast
til að skeggvæða landið

Krabbameinsfélagið leitar að sjálfboðaliðum um allt land til að selja skeggnæluna fyrir baráttuna gegn krabbameini í körlum helgina **6.–7. mars.**
Hafðu samband í síma **540 1999** eða á **krabb.is** eða við eftirtalda:

**Reykjavík**: Hulda Bjarnadóttir, Skógarhlíð 8, s. 540 1999, kk@krabb.is
**Akranes og nágrenni**: Jóhanna Kristófersdóttir, s. 865 1774, johanna@akranes.com
**Borgarfjörður**: Sigríður Helga Skúladóttir, s. 898 9246, sigga.sk@simnet.is
**Snæfellsnes**: Sveinbjörg Eyvindsdóttir, s. 866 5237, sveina@hellnar.is
**Breiðafjörður**: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, s. 893 6396, helgi33@simnet.is
**Tálknafjörður og Vesturbyggð**: Kolfinna Guðmundsdóttir, s. 861 5131, olist@visir.is
**Ísafjörður**: Ingibjörg Snorradóttir Hagalín, s. 867 7942, sigurvon@snerpa.is
**Skagafjörður**: María Reykdal, s. 863 6039, reykdal@islandia.is
**Siglufjörður**: Sigurbjörg Björnsdóttir, s. 691 2065, sb66@simnet.is
**Akureyri og nágrenni**: Þorbjörg Ingvadóttir, s. 862 2457, kaon@simnet.is
**Suður Þing**: Guðrún Árný Guðmundsdóttir, s. 860 7735, gudruna@heilthing.is
**Norðausturland**: Sigríður Andrésdóttir, s. 468 1126
**Austurland**: Anna Heiða Gunnarsdóttir, s. 869 0810, kraus@simnet.is
**Suðausturland**: Ester Þorvaldsdóttir, s. 663 9861, ester@hssa.is
**Suðurland (V.Skaft.)**: Sig. Elías Guðmundsson, s. 896 0360, elias@vikurskali.is
**Suðurland (Árn.)**: Sólveig Eysteinsdóttir, s. 897 8526, kani@emax.is
**Suðurland (Rang.)**: Rannveig Árnadóttir, s. 482 3301, hofgerdi@emax.is
**Vestmannaeyjar**: Ester Ólafsdóttir, s. 867 2218, baddie@isl.is
**Suðurnes**: Anna María Einarsdóttir, s. 421 6363, krabbsud@simnet.is

MOTTU MARS
Gegn krabbameini í körlum

Krabbameinsfélagið
Styrktaraðilar:
Síminn
Arion banki




FRÁ ALÞINGI Samkvæmt upplýsingum frá þremur stærstu flokkunum greiða allt að sextán sveitarfélög til stjórnmálastarfsemi, en þau ættu að vera um fimmtíu. Þó ber að geta þess að í sumum sveitarfélögum bjóða flokkarnir fram undir öðru nafni, eða í samstarfi við aðra flokka. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sum sveitarfélögin borga ekki tíundina

**Ein fimmtíu sveitarfélög ættu að greiða ótilgreind framlög til flokkanna, en það gera þau ekki öll. Þegar lög um þetta voru sett var kostnaður vegna alþingis- og forsetakosninga settur yfir á ríkið.**

**STJÓRNMÁL** Mörg sveitarfélög virðast ekki hafa brugðist við lögum um fjármál stjórnmálasamtaka, sem sett voru 1. janúar 2007.



HALLDÓR HALLDÓRSSON

Fimmtíu sveitarfélög hafa fimm hundruð íbúa eða fleiri og eru því skyldug samkvæmt lögunum til að styrkja stjórnmálasamtök sem hafa einn kjörinn fulltrúa eða fleiri í sveitarstjórn, eða sem fengu fimm prósent atkvæða eða meira í kosningum.

Í ársreikningi Sjálfstæðisflokks frá 2008 kemur fram að sextán sveitarfélög styrktu flokkinn fjárhagslega það ár. Þó er ekki tilgreint hvort það var gert samkvæmt lagaskyldu eða hvort um annars konar styrki var að ræða. Framlögin voru frá 14,4 milljónum frá Reykjavíkurborg og niður í 70.510 krónur frá Blönduósi.

Á skrifstofu VG fengust þær upplýsingar að sveitarfélögin, sem hafa styrkt flokkinn samkvæmt þessum lögum, séu örfá. Skrifstofa Samfylkingar telur til átta sveitarfélög.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, staðfestir að einungis hluti sveitarfélaga hafi greitt í samræmi við lögin en bendir á að umrædd lög segja ekkert um hversu mikið eigi að greiða flokkunum, einungis að flokkarnir eigi að fá greitt í samræmi við atkvæðafjölda. Lögin séu ekki nógu skýr.

> Sveitarfélögin hafa verið að velta því fyrir sér hvernig eigi að framkvæma þetta.
>
> HALLDÓR HALLDÓRSSON
> FORMAÐUR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

„Sveitarfélögin hafa verið að velta því fyrir sér hvernig eigi að framkvæma þetta. Sum þeirra hafa talað um að greiða í lok hvers kjörtímabils og hafa því ef til vill ekki greitt enn þá. Einnig hefur verið til skoðunar að setja einhverja viðmiðunarupphæð,“ segir Halldór.

Þegar lög um fjármál stjórnmálasamtaka skylduðu sveitarfélög til að greiða með stjórnmálastarfsemi var kostnaður sveitarfélaga vegna alþingis- og forsetakosninga færður yfir til ríkisins.

Halldór segir það sjónarmið uppi hjá sveitarfélögum að miða við þá fjárhæð, þegar greitt skal til stjórnmálaflokka.

Ágúst Geir Ágústsson, skrifstofustjóri í forsætisráðuneyti, er formaður nefndar um endurskoðun þessara laga. Hann segir ljóst að sveitarfélögin fari eftir þeim á mismunandi hátt.

Nefndin er nú að vinna að tillögum að breytingum á lögunum.

klemens@frettabladid.is




Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ

# TOSHIBA

## HÁGÆÐA SJÓNVÖRP Á FRÁBÆRU VERÐI

GAME MODE

4 HDMI

DVB-T

50.000:1

FULL HD




**Hágæða 40" LCD sjónvarp frá meisturum Toshiba hlaðið búnaði, og tilbúið í framtíðina**

- Full HD upplausn með Meta Brain örgjörva
- Active Vision II myndleiðrétting
- Miklir tengimöguleikar með 4 HDMI tengjum
- AutoView tryggir bestu myndgæði við allar aðstæður
- Dolby Digital Plus - nýjasta kynslóð af hljóðtækni
- Game Mode - tryggir bestu myndgæði með leikjavélum

**Toshiba 40LV685DN**

40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, DCDi Faroudja uppskölun, dýnamískri 50.000:1 skerpu, stafrænum DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, Game Mode, Auto Backlight Control - sjálfvirkri baklýsingu, Luma Sense - Tekur mið af birtu í herbergi, USB 2.0, 4 HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 179.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990




**Toshiba 19DV555DG**

19" LCD SJÓNVARP með innb. DVD spilara, HD-READY, 1440x900p upplausn, stafrænum DVB-T móttakara, HD-Ready, HDMI, Component, Composite & Scart, Digital Coaxial, CF, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 79.990**

FULLT VERÐ kr. 94.990




**Toshiba 22AV635DG**

22" LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara, Active Vision, 1366x768p upplausn, HD-Ready 720p, 50000:1 skerpu, Digital Noise Reduction, 3x HDMI, 2x Scart, Component, PC, S-Video, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 79.990**

FULLT VERÐ kr. 89.990




**Toshiba 22DV615DG**

22" LCD Sjónvarp með innb. fjölkerfa DVD spilara, HD-Ready, 1680x1050 punkta uppl., 1000:1 dýnamískri skerpu, Nicam Stereó DTS, Dolby Digital, DVB-T móttakara, HDMI, Scart, Component, Composite, VGA, S-Video og heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 99.990**

FULLT VERÐ kr. 109.990




**Toshiba 32AV605PG**

32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 109.990**

FULLT VERÐ kr. 139.990




**Toshiba 32AV636DN**

32" LCD BREIÐTJALD með DVB-T/C móttakara, Active Vision, 1366x768p upplausn, HD-Ready 720p, 18.000:1 skerpu, Resolution+ (meiri myndgæði), Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Component, PC, S-Video, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 129.990**

FULLT VERÐ kr. 149.990




**Toshiba 32RV635DN**

32" LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara, Active Vision, 1920x1080p upplausn, HD-Ready 720p, og Resolution+ (meiri myndgæði), DCDi Faroudja uppskölun, 50.000:1 skerpu, 3x HDMI, 2x Scart, VGA, SVHS, heyrnartólstengi ofl.

**TILBOÐ 154.990**

FULLT VERÐ kr. 169.990




**Toshiba 37XV635DN**

37" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 199.990**

FULLT VERÐ kr. 219.990




**Toshiba 42XV635DN**

42" Full HD LCD BREIÐTJALD með DVB-T móttakara og Freeview digital tuner, 100 Hz, 24 FPS, Active Vision M100HD Pro, 1920x1080p uppl., dýnamískri 50.000:1 skerpu, Progressive Scan, DCDi Faroudja uppskölun, Game Mode, Digital Noise Reduction, 4x HDMI, 2x Scart, Game Mode, VGA tengi ofl.

**TILBOÐ 229.990**

FULLT VERÐ kr. 259.990

Alltaf gæði og góð kaup!

STOFNAÐ 1971

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Heimilistæki, Reykjanesbæ. Hagkaup, Njarðvík.

**FRÉTTASKÝRING: Sveitarfélög** 3. hluti

# Sameinað á forsendum landslags og legu

**Umfangsmikil vinna er nú farin af stað varðandi sameiningu sveitarfélaga. Ætlunin er að fara hringinn í kringum landið og kanna hvar eðlilegast er að sameina eftir legu og landslagi. Ráðherra er þó eftir sem áður tilbúinn í lögþvingaða sameiningu, en sveitarfélög hafa verið andsnúin henni.**

## Mikil fækkun sveitarfélaga




Flest urðu sveitarfélögin árið 1950, en þá voru þau 229. Árið 1990 hófst hrina sameininga, en þá voru sveitarfélögin 204. Minna kortið sýnir skiptingu frá árinu 1994, en þá hafði þeim fækkað um fjórtán. Stærra kortið sýnir skiptingu sveitarfélaga í dag, en nú eru sveitarfélög á landinu 77. Stefnt er að enn frekari fækkun í öllum landshlutum. Samkvæmt stefnumótun ríkis og sveitarfélaga starfar nefnd að því að skoða sveitarfélög í hverjum landshluta og hvernig hægt er að sameina sveitarfélög. Tillögur hennar verða lagðar fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og síðan fyrir Alþingi.

**Risasveitarfélög?**
Meðal þess sem rætt hefur verið er að Austurland verði allt eitt sveitarfélag. Þá hafa heyrst hugmyndir um eitt sveitarfélag á Vestfjörðum.

Kristján Möller, ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála, hefur verið ófeiminn við að ræða um lögþvingaða sameiningu frá því hann settist í stól ráðherra. Í dag er lágmarksíbúafjöldi sveitarfélaga 50. Hafi færri búið í sveitarfélaginu í þrjú ár samfleytt á ráðuneytið samkvæmt lögum að eiga frumkvæði að því að sameina það öðru sveitarfélagi. Einnig er hægt að skipta því upp á milli nágrannasveitarfélaga.

Undanþágu gagnvart þessu ákvæði skal þó gera ef „sérstakar aðstæður hindra það að mati ráðuneytisins að íbúar hins fámenna sveitarfélags geti myndað félagslega heild með íbúum nágrannasveitarfélaga,“ líkt og segir í lögunum.

Rætt hefur verið um að hækka þetta lágmark og ráðherra hefur nefnt töluna 1.000 í þeim efnum. Það yrði umtalsverð breyting og fundir og landsþing sveitarfélaga hafa lýst sig andsnúin slíkri lögþvingaðri sameiningu.

Kristján segir hins vegar að á ferðum sínum um landið hafi tvær athugasemdir aðallega brunnið á sveitarstjórnarmönnum; af hverju að takmarka sig við 1.000 og af hverju ekki sé hægt að láta Alþingi um málið. Oft og tíðum fylgi kosningum um sameiningu mikil átök sem skipti jafnvel fjölskyldum. Því væri ráð að færa ákvörðunina til Alþingis.

### Ný hugmyndafræði

Nú hefur hins vegar verið ákveðið að grípa til nýrrar hugmyndafræði varðandi mögulega sameiningu. Þannig verði sameiningarkostir í hverjum landshluta fyrir sig kannaðir í nefnd, sem leggi fram samræmdar tillögur um stækkun og eflingu sveitarfélaga á hverju svæði fyrir sig.

Tillaga nefndarinnar verður síðan lögð fyrir landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga á þessu ári og í framhaldi vinnur ráðherra sameiningaráætlun fram til ársins 2014.

Með þessari aðferð tekur Alþingi ákvörðun um sameiningu eftir ítarlega umfjöllun heimamanna. Það verður hins vegar á endanum Alþingis að taka ákvörðunina og því gæti enn verið um lögþvingaða sameiningu að ræða.

Segja má að frumkvæðið að þessari aðferð hafi komið frá sveitarfélögum á Austurlandi, en þaðan komu hugmyndir um að skoða sameiningu allra sveitarfélaga í eitt. Í kjölfarið hófst umræða í stjórnsýslunni og í september undirrituðu ráðherra og formaður sambandsins yfirlýsingu um mótun vinnu við frekari sameiningu. Síðan hafa verið haldnir fundir víða um land og skipaður starfshópur, sem Flosi Eiríksson stýrir.

Landsþing sambandsins hafa hingað til lýst sig ósammála þeirri leið og Halldór Halldórsson formaður segist ekki eiga von á að landsþing muni samþykkja þá stefnu.

„Ef ráðherra ákveður samt að leggja fram tillögu um lögþvingaða sameiningu og ef Alþingi samþykkir það, þá verðum við auðvitað bara að vinna eftir því. Við teljum hins vegar að íbúarnir eigi að hafa síðasta orðið. Þó við teljum okkur geta haft vit fyrir íbúunum held ég að það sé nú heppilegri lýðræðishyggja að íbúarnir hafi vit fyrir okkur.“

### Fækkun ekki breyting

Sveitarfélögum hefur fækkað gríðarlega mikið á tuttugu árum. Árið 1990 voru þau 204 talsins, en í dag eru þau 77. Flest urðu sveitarfélögin í 229 árið 1950, en síðan varð ekki mikil breyting á fjölda þeirra fram til 1990.

Halldór segir að þrátt fyrir miklar sameiningar á síðustu tveimur áratugum hafi fyrst og fremst tekist að fækka sveitarfélögum en ekki að breyta sveitarstjórnarstiginu.

„Þetta er auðvitað alhæfing, auðvitað urðu til öflugri sveitarfélög, en ef horft er almennt á sveitarstjórnarstigið sem heild er þessi mismunur enn þá. Við höfum höfuðborgina með um 115 þúsund íbúa og Árneshrepp með 50 íbúa. Sömu lög gilda fyrir bæði sveitarfélögin og þau eiga að uppfylla sömu skyldur.“ Halldór segir að hans afstaða til sameiningar mótist fyrst og fremst af því að hann vilji sjá sterkara sveitarstjórnarstig. Hann vilji draga úr miðstýringu.

Halldór segir að sumir líti á sveitarfélag sem einingu þar sem öll þjónusta sé veitt á sama stað. Það telji hann ranga nálgun; til að mynda séu margar þjónustueiningar í Reykjavík og hið sama megi segja um Ísafjarðarbæ. „Þess vegna hef ég alltaf sagt að Vestfirðir geti alveg verið ein stjórnsýslueining en hins vegar margar þjónustueiningar.“

### Hagkvæmni stærðarinnar

Sveitarfélögin eru mjög mismunandi að stærð og íbúafjölda. Stjórnsýslukostnaður við hvern íbúa er meiri í þeim fámennari en þeim fjölmennari. Um umtalsverðan mun getur verið að ræða, en íbúar Kópavogs greiða minnst árlega í stjórnsýsluna, 25.319 krónur. Íbúar í Fljótsdalshreppi, næstfámennasta sveitarfélaginu, greiða hins vegar mest, eða 243.990 krónur.

Við fyrstu sýn virðist því einboðið að sparnaður verði þegar sveitarfélög sameinast og stjórnsýslan einnig. Það er þó ekki alltaf þannig að menn spari pening og sameining er ekki endilega leið til að bæta stöðu sveitarsjóðs. Sagan sýnir að einhver hagræðing hefur náðst, en hún hefur oftar en ekki farið í að bæta þjónustuna. Álögur á íbúana verða ekki minni, en á móti kemur að þjónustan sem þeir fá verður betri.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðsstjóri hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, segir peningana nýtast öðruvísi. Fé sem áður hafi farið í yfirstjórnina og stjórnkerfið fari í að veita meiri þjónustu. Að auki geti stærð sveitarfélaga kallað á aukinn kostnað við ferðalög á milli funda. Það hafi sýnt sig að sveitarstjórnarmenn gefist fyrr upp eftir stækkun sveitarfélaga en ella, enda sé ekki um vel borgað starf að ræða.

„Þetta er önnur hlið á sameiningu sveitarfélaga, það verður töluvert tímafrekara fyrir fólk að starfa að sveitarstjórnarmálum. Þetta er yfirleitt unnið á kvöldin og um helgar. Þetta er ekki hobbí sem allir gefa í.“

## MISMUNANDI AÐ STÆRÐ OG FJÖLDA

Sveitarfélög landsins eru mjög mismunandi að stærð og íbúafjölda. Fjölmennasta sveitarfélagið er Reykjavík, þar bjuggu 118.427 1. desember 2009, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Fæstir bjuggu í Árneshreppi á Ströndum, en íbúar voru nákvæmlega lágmarksfjöldinn, eða 50.

Seltjarnarnes er landminnsta sveitarfélag, en það er 2 ferkílómetrar. Næstminnst er Grímsey sem er 5 ferkílómetrar. Stærsta sveitarfélagið er Fljótsdalshérað, það er 8.884 fermetrar.

## ÓLÍK STJÓRNSÝSLA

Þrenns konar fyrirkomulag hefur verið á stjórnsýslu í sameinuðum sveitarfélögum, að því er kemur fram hjá þeim Grétari Þór Eyþórssyni og Hjalta Jóhannessyni hjá Rannsóknarstofu Háskólans á Akureyri, í erindi frá 2002.

- Dreifð stjórnsýsla með miðlægri aðalskrifstofu. Dæmi: Vesturbyggð, Árborg, Skagafjörður, Snæfellsbær.
- Algerlega dreifð stjórnsýsla (án aðalskrifstofu). Dæmi: Fjarðabyggð.
- Samþjöppun stjórnsýslu á einn stað. Dæmi: Dalabyggð, Borgarfjarðarsveit – sem síðar varð hluti Borgarbyggðar.

FRÉTTASKÝRING
KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ
kolbeinn@frettabladid.is





Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Frábært verð í Bónus Frábært verð í Bónus Frábær
1598
KR.KG
BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
598
KR.KG
BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
398
KR.KG
K.F NÝTT KJÖTFARS
898
KR.KG
NAUTAVEISLA FERSKT NAUTAHAKK
39
KR.DS
EUROSHOPPER MAISKORN 340g dós
BEST FYRIR JÚLÍ 2010
49
KR.DS
EUROSHOPPER KATTAMATUR 100G
FYRIR KISU
195
KR.STK
E.S SPAGHETTI 1 KG
198
KR.STK
RIVO KAFFI 400 GR
VARAN HÆTTIR
195
KR.STK
EUROSHOPPER PASTA PENNE 1 KG
195
KR.STK
EUROSHOPPER PASTASKRÚFUR 1 KG
22 ÞVOTTAR
359
KR.PK
EUROSHOPPER KATTASANDUR 5 KG
89
KR.DS
APPELSÍN 500 ml
89
KR.DS
89
KR.DS
PEPSI OG PEPSI MAX 500 ml
398
KR.PK
EUROSHOPPER ÞVOTTAEFNI 2 KG.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Traustsyfirlýsing formanns

Vefritið Smugan tók upp þráðinn í gær eftir stutt hlé, nú í ritstjórn Þóru Kristínar Ásgeirsdóttur. Hún er jafnframt formaður Blaðamannafélags Íslands. Í leiðara skrifar Þóra að aðrir fjölmiðlar séu ekki jafn meðvitaðir um áhrif eignarhalds á trúverðugleika sinn og Smugan; peningaöflin í samfélaginu hafi ráðið sérlega trúnaðarmenn og skoðanabræður sína af vettvangi stjórnmálanna til að stjórna nær allri umræðu í landinu. Hrunið hafi engu breytt um það og meðan ekki sé til stór faglegur fjölmiðill sé þörf á miðlum á borð við Smuguna. Félagar í BÍ hljóta að þakka formanni sínum og málsvara fyrir auðsýnt traust í þeirra garð.



### Nefndarmenn ræðast við

Í kvöldfréttum á Rás 1 á sunnudag var fullyrt að íslenska samninganefndin í Icesave-málinu hefði átt í óformlegum samskiptum við bresku samninganefndina, „auk þess sem nefndarmenn hafa rætt saman innbyrðis". Ekki fylgdi sögunni hvort samskipti þeirra í íslensku nefndinni hver við annan hafi verið á formlegum eða óformlegum nótum.



### Að hampa pungum

Í ræðu sinni á landbúnaðarþingi deildi Jón Bjarnason landbúnaðarráðherra á Símann fyrir auglýsingar sem hann kallaði „húmorslausa 2007-útgáfu í anda útrásarvíkinga þar sem gert er lítið úr hefðbundnum íslenskum þjóðlegum afurðum". Þetta er óheppileg samlíking hjá Jóni, því eins og Kristinn Schram þjóðfræðingur hefur bent á gerðu útrásarvíkingarnir einmitt mikið úr þorramatnum og héldu vegleg þorrablót fyrir kollega sína í Bretlandi til að undirstrika meint víkingaeðli sitt. Ætlar Jón að hossa útrásarvíkingum þótt þeir hafi hampað pungum og hákarli? Varla.

bergsteinn@frettabladid.is

Foreldrar barna með skarð í vör og gómi bera mikinn kostnað.

# Börn sem verða fyrir mismunun

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Tannlæknar og tannréttingasérfræðingar eru ekki hluti af sjúkratryggingakerfinu á sama hátt og aðrir læknar. Þetta veldur ýmsum vanda, meðal annars þeim að tannheilsa fólks, bæði fullorðinna og barna, er að einhverju leyti undir efnahag komin.

Önnur birtingarmynd vandans snýr að börnunum sem fæðast með skarð í vör og/eða gómi. Þessi börn, og foreldrar þeirra, standa frammi fyrir fjölmörgum aðgerðum á vör, í munnholi og á tönnum. Fyrstu aðgerðirnar eru gerðar af lýtalæknum inni á sjúkrahúsum og eru því foreldrum að kostnaðarlausu, eins og gildir um læknisaðgerðir yfirleitt.

Annað er uppi á teningnum þegar kemur að þeim aðgerðum sem gerðar eru af tannlæknum og þær aðgerðir eru iðulega umfangsmiklar og geta teygst yfir langan tíma, jafnvel meira en tíu ár. Um þær aðgerðir gilda reglur um endurgreiðslur og skemmst er frá því að segja að þær endurgreiðslur hrökkva skammt, ekki síst þegar um er að ræða alvarleg tilvik af skarði í vör og gómi.

Breytingar þær sem urðu nú um áramót á endurgreiðslum vegna tannréttinga, meðal annars barna með skarð í gómi, breyttu því miður litlu þar um. Þetta er gloppa í kerfinu sem verður að fylla í.

Aðeins fáein börn fæðast með skarð í vör og/eða gómi á ári hverju, eða um tíu að meðaltali. Breyting sem fólgin væri í því að ríkið greiddi að fullu kostnað við viðgerð á gómi og tannréttingar þessara barna vegur því sáralítið í rekstri heilbrigðiskerfisins en skiptir hreinlega sköpum fyrir fjárhag heimila þeirra barna sem svona er ástatt um.

Það er óviðunandi að þessi heimili búi við slíkt misrétti. Nóg er á börnin lagt sem fæðast með svo sýnilegan og erfiðan galla sem svo aftur kallar á langvarandi læknis- og tannlæknismeðferð, þó að fjölskyldur þeirra standi ekki hreinlega frammi fyrir því að ekki sé hægt að ljúka meðferð af efnahagsástæðum.

Íslendingar geta verið stoltir af því að búa við heilbrigðiskerfi sem gefur börnum sem í heiminn koma með fæðingargalla kost á framúrskarandi heilbrigðisþjónustu þar sem metnaður er lagður í að lækna fæðingargalla og sjúkdóma eins og kostur er, foreldrum að kostnaðarlausu. Það er því óskiljanlegt og óásættanlegt með öllu að börn sem fæðast með klofinn góm skuli ekki sitja við sama borð og njóta sömu þjónustu og önnur börn með fæðingargalla.

Fram hefur komið fullur vilji Álfheiðar Ingadóttur heilbrigðisráðherra til að koma til móts við foreldra barna með skarð í vör og gómi. Málið er til skoðunar í heilbrigðisráðuneytinu og binda verður vonir við að sú skoðun leiði til þess að börn með skarð í vör og gómi, og foreldrar þeirra, sitji við sama borð og þau börn sem koma í heiminn með aðra fæðingargalla. Ekki verður unað við aðra niðurstöðu en þá að misréttið verði upprætt að fullu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Auglýsingasími

512 5401




Allt sem þú þarft...

# Rétt fólk á réttan stað



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR

**Í DAG** | Bjargráð Íslands

Þó að reiðin kraumi enn í hverjum kima hér á landi, er margt sem bendir til þess að almenn skynsemi sé að rumska.

Reiðin er eldsneyti sem kveikir bæði í réttlætiskenndinni og ofstopanum. Virkjuð getur hún verið aflgjafi sem spornar við yfirgangi og óréttlæti, en sé hún lausbeisluð og óhamin í langan tíma, snýst hún gegn þeim sem ber hana í sér.

Inn á milli vandlætingarpistla og fræðandi greina um ástand og horfur, þar sem sérfræðingar tala hver í sína áttina, birtast nú öðru hvoru jarðbundin og jákvæð skrif um afl samstöðunnar á erfiðum tímum, og hvetjandi hugmyndir um virkni og vilja til að vera þátttakandi í þjóðfélagi í mótun. Það er hin hliðin á hruninu. En við verðum að vanda okkur.

Árið 1936 var líka kreppa á Íslandi. Til er lítill bæklingur sem hinn stórmerki maður og heimspekingur, Guðmundur Finnbogason, sendi frá sér þetta ár. Titillinn er „Úrræði", en undirfyrirsögn: „Nokkrar greinar um landsmál". Bæklingurinn skiptist í stutta og gagnorða kafla. Kaflaheitin sýna að þessi maður horfði yfir sviðið allt:

„Sjálfstæð þjóð, Verslunarviðskipti, Straumhvörf, Bjargráðin, Aðilar framkvæmdanna, Nefndir, Samkeppnin og vísindin, Nýr markaður, Bættar vinnuaðferðir, Innlendur markaður, kostir fjölbreyttrar framleiðslu, Athugum verslunarskýrslurnar, Dungalum fæðið, Fæðisrannsókn, Matseðill fyrir þjóðina, innfluttar matvörur, Garðyrkjan, Aukning garðyrkju, Klæðnaður, Heimilisiðnaður, Aðilar, Innlend efni, Ullin, Önnur efni, Hallveigarstaðir, Handavinnukennsla, Tímarit, Markaður, Nefnd, Verksmiðjuiðnaður, Rithöfundar og listamenn, Rithöfundafjelag, Myndlistarmannafjelag, Tónlistarmannafjelag, Stjórnarbót, Stjórnarskráin."

**Straumhvörf**

Kaflinn um straumhvörf er áhugaverður og birtist hér í heild.

„Og nú eru straumhvörfin komin. Einmitt þegar sambönd og samgöngur þjóða á milli eru orðnar fullkomnari en nokkur hefði áður getað gert sér í hugarlund, kemur það í ljós, að þjóðirnar geta ekki komið sjer saman um það skipulag, er þarf til þess að njóta þessara gæða með frjálsum viðskiptum þjóða á milli. Og afleiðingin verður sú, að hver þjóðin af annarri tekur upp þá stefnu, að búa sem mest að sínu, framleiða sem mest sjálfir af því, sem hún þarfnast, og girða sig tollmúrum, innflutningshöftum og endar svo með vöruskiptaverslun. – Hve lengi þessi ófögnuður stendur, veit enginn, en flestir, sem um þetta rita, virðast sammála um það, að þessi stefna muni eiga sér langan aldur, svo að ekki tjói annað en að laga sig eftir henni. Hvernig erum vjer Íslendingar þá staddir? Vér erum stórskuldugir við útlönd. Markaður fyrir útfluttar vörur, sem borið hafa uppi þjóðarskap vorn og viðskipti við önnur lönd, þrengist mjög, svo að oss skortir erlendan gjaldeyri. Atvinnuleysi vex.

Hvað eigum vér þá að taka til bragðs?"

**Bjargráðin**

Næsti kafli er um bjargráðin, og þó að þetta sé skrifað fyrir sjötíu og fjórum árum, á allt öðruvísi tímum en við nú lifum, er áhugavert að lesa tillögur og skoðanir þessa fjölgefna manns:

„Flestir munu undireins sjá í hendi sér aðalráðin, sem til greina gætu komið:

1) að reyna að halda sem lengst í þann markað, sem vjer höfum haft hingað til fyrir útflutningsvörur vorar; 2)að reyna að finna nýjan markað fyrir þær að sama skapi sem hinn gamli markaður þrengist;

3) að reyna að framleiða nýjar vörur, sem markaður kynni að fást fyrir erlendis, og síðast en ekki síst,

4) að reyna að framleiða alt, sem svarar kostnaði að framleiða fyrir innlendan markað.

[...] Aðalatriðið í þessu máli, eins og öðrum, er að fá hæfustu menn, sem völ er á til hverrar framkvæmdarinnar. Það er frumskilyrði þess að sæmilega takist. Öll stjórnviska kemur fyrst og fremst fram í því, að koma sem víðast rjettum manni á rjettan stað í þjóðfélaginu. Aðalvandinn er að finna það skipulag er tryggir þetta best."

Svo mörg voru þau orð! Spyrja má hvort við ættum ekki að íhuga svolítið þessa síðustu málsgrein. Erum við vakandi fyrir því að það sé allra hagur að hafa réttan mann á réttum stað í þjóðfélaginu? Erum við með hæfasta fólk sem völ er á til hverrar framkvæmdar, núna þegar mikið liggur við? Því að líkast til er það nefnilega rétt hjá Guðmundi Finnbogasyni, að það sé frumskilyrði þess að sæmilega takist.

# Ábyrgð lífeyrissjóða

**UMRÆÐAN**

Kristján Þór Júlíusson skrifar um lífeyrissjóði



KRISTJÁN ÞÓR JÚLÍUSSON

Fjárhagsleg endurskipulagning fyrirtækja er ein forsenda endurreisnar atvinnulífsins. Þar þarf að leggja áherslu á að bjarga sem mestum verðmætum, samfélaginu til heilla. Þjóðin er enn í sárum eftir efnahagshrunið og reiðin í samfélaginu gagnvart stjórnvöldum og svokölluðum útrásarvíkingum, er skiljanleg. Við megum hins vegar ekki láta reiðina hamla endurreisnarstarfinu.

Nú þurfa lífeyrissjóðir að taka á málum skuldunauta sinna. Þar er tekist á um álitamál um hvort sjóðsstjórnirnar eigi að fallast á nauðasamninga eða hvort keyra eigi viðkomandi fyrirtæki í þrot. Gríðarlegar fjárhæðir eru í húfi og glíma lífeyrissjóðanna stendur um hvort og hvernig eigi að endurheimta fjármuni við skuldameðferð fyrirtækja. Miklu skiptir fyrir hagsmuni sjóðfélaga hvaða leiðir eru valdar. Stjórnum sjóðanna ber fyrst og fremst að hugsa um hagsmuni sjóðsfélaga. Eru þeir reiðubúnir til þess að sæta skerðingu réttinda sinna ef önnur sjónarmið en viðskiptalegir hagsmunir eiga að ráða ákvörðunum lífeyrissjóðsins?

Fyrsta stóra málið sem snýr að lífeyrissjóðunum varðar fjárhagslega endurskipulagningu Bakkavarar, þar sem stjórnendum er gefinn kostur á því að eignast 25% hlut í fyrirtækinu. Fram hefur komið að skuldir fyrirtækisins nemi 62,5 milljörðum. Þetta eru miklir fjármunir og lífeyrissjóðirnir eru meðal stærstu kröfuhafa.

Hvort er mikilvægara fyrir lífeyrissjóðina að vinna með öðrum kröfuhöfum að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja eða keyra fyrirtækin í þrot og tapa þannig tugum milljarða króna sem leiðir til verulegrar skerðingar á lífeyrisgreiðslum, e.t.v. til langs tíma? Rökin verða að vera reiðinni yfirsterkari. Lífeyrissjóðirnir þurfa að standa vörð um hagsmuni sjóðsfélaga og tryggja þeim óskertar lífeyrisgreiðslur í framtíðinni, jafnvel þótt kaldur raunveruleikinn sé að þeir verði að vinna með mönnum sem eiga ef til vill ekki upp á pallborðið hjá stórum hluta þjóðarinnar.

Hlutverk lánveitenda hlýtur að vera að tryggja fjárhagslega hagsmuni sína og þeim ber siðferðisleg skylda til þess, þótt ákvarðanir kunni að vekja óánægju.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

**ÍÞRÓTTAKENNARAFÉLAG ÍSLANDS** efnir til málþings um íþróttir og íþróttakennslu í framhaldsskólum á Íslandi. Málþingið verður í húsakynnum HR við Menntaveg 1 hjá Nauthólsvík á morgun frá 13 til 16.15. Sjá www.ikfi.net.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447












Frá því að Eva fór að æfa langhlaup fyrir átta árum hefur hún náð góðum árangri. Hún varð meðal annars fyrst í flokki kvenna í Laugavegshlaupinu árið 2008, með fimm tíma og 42 mínútur. Sama ár náði hún fimmta besta árangri íslenskra kvenna frá upphafi í Kaupmannahafnar-maraþoninu með þrjá tíma og níu mínútur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Úrvalshlauparar í einu liði

**Eva Margrét Einarsdóttir er meðlimur í Asics-liðinu, nýlega stofnuðum hlaupahópi sem samanstendur af hlaupurum sem allir þykja hafa náð eftirtektarverðum árangri í þessari ört vaxandi íþrótt á Íslandi.**

Eva Margrét Einarsdóttir, hugbúnaðarsérfræðingur hjá Íslandsbanka, hefur æft langhlaup í nokkur ár. Nýlega gekk hún til liðs við hlaupahóp sem stofnaður er að frumkvæði fyrirtækisins Sportís með það að leiðarljósi að auka vegferð þessarar stækkandi íþróttar á Íslandi.

„Þetta er í fyrsta sinn sem styrktaraðili á Íslandi smalar reyndum hlaupurum úr grasrótinni saman í hóp, en auðvitað eru fjölmörg dæmi þess að afreksíþróttamenn séu styrktir með þessum hætti,“ segir Eva og bætir við að góð reynsla og árangur hafi ráðið vali á meðlimum hópsins, sem samanstendur af fimm körlum og þremur konum sem eru öll þekkt innan hlaupaheimsins hérlendis.

Sjálf náði Eva langt í Kaupmannahafnar-maraþoninu árið 2008, með þrjá tíma og níu mínútur sem er fimmti besti tími íslenskrar konu frá upphafi. Sama ár vann hún Laugavegshlaupið í flokki kvenna. Hún kveður þennan árangur hafa vakið athygli Sportís-manna á henni. „Upp frá því buðu þeir mér styrktarsamning og sömuleiðis Birgi Sævarssyni, sem hefur meðal annars náð besta árangri karla í maraþoni hérlendis síðustu ár. Þannig kviknaði hugmyndin að stofna hlaupahóp.“

Hópurinn mun á árinu taka þátt í margvíslegum hlaupaviðburðum og keppa sem liðsheild undir merkjum íþróttavöruframleiðandans Asics sem Sportís er umboðsaðili fyrir á Íslandi. „Hluti hópsins fer til að taka þátt í maraþoninu í París í apríl og svo munu sum okkar keppa í ýmsum maraþonum,“ tekur Eva sem dæmi og bætir við að Sportís greiði götuna fyrir liðsmönnum með því að sjá þeim fyrir öllum íþróttabúnaði út árið. „Það er mjög þægilegt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af fatnaðinum og búnaðinum sem er mjög dýr og geta þess í stað einbeitt sér að sjálfu sportinu,“ segir hún glöð í bragði.

Hægt verður að fylgjast með æfingum og afrekum Asics-liðsins á Hlaupadagbókinni á vefslóðinni www.hlaup.com og www.asicslidid.com. Þar verður einnig hægt að afla sér upplýsinga um einstaka liðsmenn sem skiptast á að skrifa hugleiðingar sínar, mataræði og þau markmið sem hópurinn hefur einsett sér að ná. *roald@frettabladid.is*



**SÚKKULAÐI** var notað sem lyf á átjándu öld. Því var trúað að það gæti læknað magapínu. Á nítjándu öld var einnig talið að gin gæti læknað magapínu.





Höfuðið vill oft gleymast í dagsins önn en ekki þarf síður að huga að því en aumum öxlum. NORDICPHOTO/GETTY

# Gott höfuðnudd ein besta hárnæringin

**Sigríður Sara Sigurðardóttir hárgreiðslumeistari hefur í gegnum árin lagt mikið upp úr góðu höfuðnuddi og segir nuddið það fyrsta sem hún ráðleggi fólki sem á til að mynda við hárlos að glíma.**

Sigríður Sara rekur Hársnyrtistofuna Söru í Grafarvogi en hefur áratuga reynslu af því að hjálpa fólki með ýmiss konar hárvandamál, svo sem hárlos. Margir viðskiptavina hennar koma sérstaklega til hennar til að fara í djúpnæringu og þá gott höfuðnudd um leið.

„Hársvörðurinn verður oft aumur og höfuðleðrið stíft en við það að nudda höfuðið örvast blóðrásin og blóðflæðið eykst til hársekkjanna eða hárrótarinnar,“ segir Sigríður Sara en hárlos er að hennar sögn afar algengt vandamál og má oftar en ekki rekja það til streitu. „Nuddið losar um og getur líka haft góð áhrif á höfuðverk, ég veit eins og fyrir sjálfa mig er gott nudd betra en parkódín, fólk ætti að prófa það þegar það situr yfir sjónvarpinu heima, að ýta, nudda og losa um.“



Sigríður Sara Sigurðardóttir hárgreiðslumeistari hefur nuddað höfuð fólks með góðum árangri og til að mynda unnið á hárlosi. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sigríður Sara segist yfirleitt ráðleggja fólki sem kemur til hennar með hárlos að byrja á að prófa höfuðnudd áður en farið er út í hluti eins og að setja efni í hárið, þótt þess þurfi stundum með. „Það er algengt að höfuðið gleymist en ég held að nuddið sé ein besta næringin fyrir hárið. Hraðinn er mikill í samfélaginu og við höfum oft lítinn tíma til að staldra við og huga að aumum blettum, og höfuðið verður ekki síður aumt en axlirnar,“ segir Sigríður Sara og mælir með því að allir hugi reglulega að höfuðleðrinu og nuddi það reglulega sjálft eða láti gera það fyrir sig.

*juliam@frettabladid.is*


Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Fyrirlestrar á næstunni:

**03. mars.** *Ævintýralíf*-Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi

**06.mars.** *Hláturjóga*-Ásta Valdimarsdóttir

**09.mars.** *Góð heilsa er auðveldari en þú heldur*-Matti Oswald heilsufræðingur

**10.mars.** *Skemmtileg og auðveld leið að heilbrigðum lísstíl*-Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi og Trausti Eysteinsson lífstílsráðgjafi

**16.mars.** *Hvað er málið með aukakílóin*- Matti Oswald Heilsufræðingur

maður lifandi
Borgartún 24 – Hæðarsmára 6 – Hafnarborg s. 58 58 700 www.madurlifandi.is

Rope Yoga
Námskeið hefjast 1. og 2.mars. Unglinganámskeið hefst 3.mars



www.elin.is • Bæjarhrauni 2 Hfj. • Sími: 696 4419

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

RopeYoga
Innritun hafin! Sími 581 3730

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 9 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:
- Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15 og 7:20.
- Miðvikudaga og föstudaga kl 10:00,
- Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30.

Verð kr. 19.900.

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

Áhrifarík meðferð
grenning - styrking - líkamsþjálfun
Frír prufutími

Mars tilboð
20% afsláttur af kortum til 10. mars

REYNSLUSÖGUR...

Virkar tvímælalaust!
Ég hef gengið með fimm börn.
Nú er ég með stinnari húð og sléttari maga.
Frábær uppfinning!
-- *Þorgerður*

Fór bæði til grenningar og líka til að losna við vöðvabólgu. Hef misst ótrúlega marga sentimetra. Var búin að vera með hausverk í viku vegna vöðvabólgu í öxlum, fór í einn tíma í ULTRATONE og vöðvabólgan snar minnkaðiog hausverkurinn að sjálfsögðu hvarf.
-- *Ágústa*



# Vakning í bardagalistum

**Bardagaíþróttaiðkendum fjölgar hratt og víða sést hundrað prósenta aukning á milli ára. Nýlega var opnuð líkamsræktarstöðin Combat Gym þar sem menn leggja meðal annars stund á Jiu-Jitsu og MMA.**



Líkamsræktarstöðin var opnuð í byrjun janúar og hafa viðtökurnar verið góðar. Hér er Arnar ásamt Muay Thai-þjálfaranum Vitalij Stakanov og öðrum meðeiganda sínum, Árna Ísakssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Líkamsræktarstöðin Combat Gym var opnuð skömmu eftir áramót en þar er bæði hægt að æfa í fitness- og bardagalistaflokki. Bardagalistaflokknum tilheyra Muay Thai, Mixed Martial Arts (MMA), og brasilískt Jiu-Jitsu en fitnessflokknum ketilbjöllur, Kick Box og Combat Conditioning.

„Fólk getur ýmist fengið sér líkamsræktar- eða bardagaíþróttaáskrift auk þess sem sumir velja bæði," segir Arnar Freyr Vigfússon, einn af þremur eigendum stöðvarinnar. „Í bardagalistaflokknum er markhópurinn í kringum 18-29 ára en fitness-flokkurinn er fyrir alla." Meðeigendur Arnars eru þeir Árni Ísaksson og Sigursteinn Snorrason. „Við komum allir hver úr sinni áttinni en sameinumst í áhuga okkar á bardagaíþróttum. Ég kem úr Jiu-Jitsu, Árni úr blönduðum bardagalistum og Sigursteinn úr Taekwondo .

Arnar segir aðstöðuna að Ármúla 1 til fyrirmyndar. „Við tókum allt í gegn og erum með þrjá sali sem þýðir að við getum keyrt þrjá tíma í einu. Þá erum við með ísbað og þvottaaðstöðu þar sem iðkendur geta þvegið gallana sína auk þess sem við bjóðum upp á sjúkraþjálfun og nudd svo dæmi séu tekin."

Arnar segir viðtökurnar hafa verið vonum framar enda sé mikil vakning á sviði bardagalista og er MMA sú íþrótt sem er í hvað hraðastri þróun í heiminum í dag. „Við höfum ekkert auglýst en samt sem áður erum við þegar komnir í vandræði með pláss," segir Arnar en í öðrum klúbbum hefur iðkendum fjölgað um 100 prósent á milli ára síðustu ár. Sama þróun sést að sögn Arnars víða um heim. „Við sáum því ekkert því til fyrirstöðu að fara af stað í miðri kreppu. Eftirspurnin er til staðar og eykst ef eitthvað er."

Arnar segir kostinn við að æfa bardagalistir vera að fólk sé bæði að læra tækni eins og glímu og sjálfsvörn en einnig að rækta líkamann og fá útrás. Hann segir MMA í hvað mestri sókn en þar er um að ræða blandaðar bardagalistir þar sem fjölbreytt bardagatækni eins og högg, spörk og glímutök í gólfi eru leyfð. „Fyrir þá sem kjósa einungis útrás og hreyfingu eru tímar eins og ketilbjöllur og fitness Kick Box tilvaldir en þar er hægt að verða sér úti um útrás, brennslu og styrk án þess að taka við höggum.

*vera@frettabladid.is*



Vorum að taka upp sendingu af vörum
Ynja UNDIRFATAVERSLUN
HAMRABORG 20A • KÓPAVOGI 544-4088 • YNJA.IS




System belti herra / dömu kr. 29.900.-
Dömu tilboðspakki belti+pils+armar kr. 39.995.-
Herra tilboðspakki belti+armar kr. 34.995.-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Stelpur Konur mótun
Staðurinn - Ræktin
Mótun - Nýtt námskeið í boði!
*Æfingakerfi hannað af Báru Magnúsdóttur*
Innritun hafin! Sími 581 3730
9 vikna námskeið 2x í viku. Ath aðeins 15 í hóp.
Verð kr: 29.900. Kennari: Bára Magnúsdóttir.
Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal
• Vaxtarmótun • Mýkt - liðleiki • Styrkur - reisn
• Upphitun í tækjasal 20 mín • MÓTUN, æfingakerfi 40 mín
• Hentar öllum aldursflokkum
Miðvikudaga og föstudaga • Kl 16:20 • Kl 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga • kl 10:30
Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Stelpur Konur
TT námskeið
Staðurinn - Ræktin
Innritun hafin í alla TT flokka!
Sími 581 3730
Þú getur strax byrjað að æfa
Um leið og þú hefur greitt fyrir námskeiðið, er þér frjálst að mæta í tíma í opna kerfinu
TT tímar í boði:
6:15 – mán, mið, fös
7:20 – mán, mið, fös
10:15 – mán, mið, fös - Barnapössun
12:05 – mán, mið, fös - Barnapössun
14:20 – mán, mið, fös
16:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
17:40 – mán, mið, fös - Barnapössun
18:25 – TT3 mán, mið - (16-25 ára)
18:40 – TT3 mán, þri - (16-25 ára)
19:25 – mán, mið, fim (18:25)
NÁMSKEIÐUM FYLGIR FRJÁLS MÆTING Í TÆKJASAL
Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 14. mars kl. 15:00 og 16:00
Velkomin í okkar hóp!
DANSRÆKT JSB leggur línurnar
Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is
EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

;ALLT Á FERÐINNI
Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is
sími 512 5473
Henný Árnadóttir
henny@365.is
sími 512 5427
Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is
sími 512 5447
Miðvikudaga

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# ;SÆNGURFÖT

**SÆNGUR BARNA** ættu ekki að vera of þungar eða stórar. Þá er nauðsynlegt að viðra sængina reglulega og helst láta hreinsa hana eftir þörfum.






**Fermingartilboð**

20% afsláttur af hágæða gæsadúnsængum

*Fatabúðin • Skólavörðustíg 21 • sími 551 4050*



**Glæsileg fermingartilboð**

*Dún og fiður • Laugavegi 87*
*101 Reykjavík • sími 511 2004*





**Handmáluð og þrykkt rúmföt í 20 ár.**

Íslensk hönnun og handverk fyrir alla fjölskylduna
Yndisleg bómull sem þolir mjög vel allan þvott.
Hönnun Hrannar Vilhelmsdóttur

*Textíll • Lokastíg 28 • www.textil.is*



**Sængurverasett frá Småfolk**

Falleg og tilvalin gjöf fyrir fermingarbarnið

*Bíbí & blaka • Þönglabakka 6*
*109 Reykjavík • www.bibiogblaka.is*




Alda hefur saumað munstur á vöggusett í tuttugu ár.



Alda Sigurðardóttir segir áhugann á útsaumi aldrei hafa horfið. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Sofðu rótt á svæflinum

**Falleg ver eru vinsæl sængurgjöf og hlýleg. Útsaumuð vöggusett eftir ömmur og langömmur ganga gjarnan í erfðir og þykja gersemi enda liggur talsverð vinna bak við saumsporin.**

„Áhuginn á útsaumi hefur reyndar alltaf verið til staðar og aldrei horfið,“ segir Alda Sigurðardóttir, eigandi Alvörubúðarinnar á Selfossi, en hún teiknar munstur á vöggusett til að sauma út. „Algengast er að ömmurnar saumi út en það er líka alltaf eitthvað um það að stúlkurnar saumi sjálfar.“

Alda hefur teiknað munstur á vöggusett í tuttugu ár en hún er myndlistarmaður að mennt og ólst upp við handavinnu á heimili ömmu sinnar. Einnig hefur móðir Öldu rekið Hannyrðabúðina, sem nú er í Hveragerði, í rúm fjörutíu ár og fór Alda snemma að teikna fyrir hana munstur. „Ég bý bæði til munstur sjálf en eins hef ég unnið upp úr gömlum munstrum. Sömu munstrin hafa verið gegnumgangandi á vöggusettin þessi tuttugu ár þótt eitthvað hafi bæst við. „Sofðu rótt“ er alltaf mjög vinsælt. Við seljum efnið niðurklippt með teiknuðum útlínum, svo verður fólk að bródera sjálft og sauma rúmfötin saman. Þetta kallast áteiknuð handavinna og er fyrir frjálsan útsaum. Algengt er að sauma munstrin út með kontórsting eða flatsaumi, lykkjuspori og kappmellu.“



Algengt er að sauma munstrin með lykkjuspori og kontórsting eins og hér sést eða með flatsaum og kappmellu. MYND/ALDA SIGURÐARDÓTTIR

Alda opnaði Alvörubúðina á Selfossi fyrir sjö árum en auk þess að útbúa vöggusett til útsaums framleiðir Alvörubúðin margar gerðir af handavinnupökkum sem byggja á gömlum íslenskum munstrum og hefðum. Ullarvörur eftir handverksfólk úr nágrenninu er einnig að finna í hillunum svo og indverskt handverk sem Alvörubúðin flytur sérstaklega inn. Hægt er að skoða þau munstur sem í boði eru á heimasíðunni www.alvara.is. Eins er tekið við pöntunum gegnum heimasíðuna. *heida@frettabladid.is*

## Tuttugu ár í textíl

TEXTÍLHÖNNUÐURINN HRÖNN VILHELMSDÓTTIR HELDUR SÝNINGU Á GÖMLUM OG NÝJUM VERKUM Í KAFFI LOKA Í MARS.

Hrönn Vilhelmsdóttir textílhönnuður sýnir þróun verka sinna á Kaffi Loka, Lokastíg 28, og í vinnustofu sinni á annarri hæð í sama húsi dagana 5. til 31. mars. Hrönn hefur hannað og handmálað sængurver, púða, rúmteppi o.fl. fyrir þúsundir íslenskra barna og foreldra þeirra í 20 ár.

Á sýningunni verða gömul og margnotuð ver/verk sett í samhengi við það nýjasta sem Hrönn er að gera í dag. Efnistök og stíll hafa þróast mikið þó sterk einkenni hönnuðar hafi komið snemma fram.

Vinnustofan verður opin gestum í mars, meðan á sýningu stendur. Hægt verður að sjá hvernig hlutirnir verða til, skoða gömul munstur og myndir og spjalla við hönnuðinn. Hönnunarsaga Hrannar er uppfull af litríkum textíl sem hefur fylgt fólki og fjölskyldum í 20 ár. Margir eiga sögur um sængurverið eða púðann sem barnið tók ástfóstri við og vill Hrönn gjarnan fá að heyra sögur frá viðskiptavinum sínum.

Kaffihúsið Loki er opið frá 10 til 18 á virkum dögum og laugardögum en frá 12 til 18 á sunnudögum.



Hrönn Vilhelmsdóttir textílhönnuður.


;ALLT

**Jóna María Hafsteinsdóttir**
jmh@365.is - sími 512 5473

**Henný Árnadóttir**
henny@365.is - sími 512 5427

**Þórdís Hermannsdóttir**
thordish@365.is - sími 512 5447



ÚT AÐ BORÐA
Föstudaga

# karlar og krabbamein

ÞRIÐJUDAGUR 2. MARS 2010




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Eirberg

Nálastungudýnan

*gefur þér aukna orku og vellíðan*




- Dregur úr vöðvaspennu
- Höfuð- háls- og bakverkjum
- Hefur góð áhrif gegn streitu
- Er slakandi og bætir svefn

Heilsudýnan sem **slegið hefur í gegn** í Svíþjóð



**Verð frá 9.750 kr.**

**Opið virka daga frá kl. 9 -18**

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

## TALAÐ TÆPITUNGULAUST

Leikararnir og grínistarnir Þorsteinn Guðmundsson, Sigurður Sigurjónsson, Karl Ágúst Úlfsson, Örn Árnason og Þórhallur Sigurðsson leggja allir Krabbameinsfélagi Íslands lið í herferðinni Mottumars. Þeir unnu saman að gerð sjónvarpsauglýsinga en herferðinni er beint sérstaklega að körlum. Eins og félaganna er von og vísa verða auglýsingarnar á léttu nótunum þótt efnið sé alvarlegt.

„Auglýsingarnar eiga að vekja fólk til vitundar og koma umræðunni af stað. Við grínumst ekki með veikindin sem slík, aðallega það að verið sé að fitla við viðkvæma staði," segir Örn og hlær. „Þetta á kannski eftir að stuða einhverja en þetta á að vekja umræðu um að þarfir karlmanna séu fyrir hendi á þessu sviði. Konur eru boðaðar reglulega til skoðunar á ákveðnu aldursskeiði en karlmenn hins vegar ekki. Með þessu er verið að vekja athygli á að þetta hrjáir ekki bara konur heldur karla líka, á viðkvæmum svæðum; að karlmenn þurfi að láta skoða sig og því verði kannski komið á að þeir verði boðaðir í skoðun eins og konurnar."



**„Grínumst ekki með veikindin sem slík," segir Örn Árnason.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## KARLMENN ÞURFA AÐ TAKA SIG Á

„Einhverra hluta vegna höfum við karlmenn orðið eftir í umræðunni þegar krabbamein er annars vegar. Það þarf aðeins að ýta við okkur," segir gamanleikarinn Sigurður Sigurjónsson en hann tekur þátt í Mottumars, herferð Krabbameinsfélags Íslands.

„Við erum ekkert að fara að hneyksla fólk, þetta er náttúrlega alvarlegt mál. Við ætlum ekki að gera grín að sjúkdómnum heldur frekar hvernig við karlmenn nálgumst þetta umfjöllunarefni. Lítum kannski í eigin barm en við karlmennirnir getum verið svolítið vitlausir í þessum efnum og þurfum að taka okkur á. Það þarf bara að nálgast þetta tæpitungulaust og á fordómalausan hátt og við viljum hvetja fólk til að ræða þessi mál opinskátt og hætta öllu pukri."



**Sigurður Sigurjónsson vonast til að karlmenn taki við sér þegar talað er tæpitungulaust um krabbamein.**

## ENGA VITLEYSU

„Nei, ég er ekkert feiminn við það," segir Þorsteinn Guðmundsson leikari þegar hann er spurður hvort ekki sé vandasamt að grínast með svo alvarleg mál eins og krabbamein. „Ég geri bara eins og ég er vanur; velti upp öðrum hliðum og grínast með þetta mál sem er bæði feimnismál og háalvarlegt líka. Grín er góð leið til að opna umræðuna. Ég vona að það veki karlmennina til umhugsunar.

Eins og þau segja hjá Krabbameinsfélaginu þá skiptir svo miklu máli að leita til réttra aðila ef menn halda að eitthvað sé að sér, ekki vera með neina vitleysu. Karlmenn humma hlutina fram af sér og segja bara: „Þetta er ekkert, ég nenni ekki að láta tékka á mér." Það er mjög varasamt."



**Þorsteinn Guðmundsson segir mikilvægt að þora að leita aðstoðar.**

## VILJA HALDA KÚLINU

„Ég held að það sé hollast fyrir okkur að rjúfa þögnina með hlátri. Það er ekki fyrr en við förum að hafa húmor fyrir viðkvæmum málum sem má fara að tala um þau af einhverju viti," segir Karl Ágúst Úlfsson leikari.

„Karlmenn þykjast alltaf þurfa að halda kúlinu og vilja ekkert ræða að eitthvað sé að þarna neðan til en þegar talað er um karlmenn og krabbamein hlýtur hugurinn að flögra að líffærum eins og eistum og blöðruhálskirtli og ristli. Líffærum sem menn vilja sjaldnast tala hátt um. Þessi sjúkdómur er allt í kringum okkur og við þekkjum allir menn sem hafa þurft að glíma, ýmist við þá óvissu hvort þeir gangi með sjúkdóminn eða þá skelfilegu vissu að þeir séu með hann. Við leituðum að vissu leyti í þá smiðju við gerð auglýsinganna."



**Karl Ágúst Úlfsson segir húmorinn bestu leiðina að opinskárri umræðu.**

# Með húmorinn að vopni

**Krabbamein karla hefur of lengi verið feimnismál að mati Gústafs Gústafssonar hjá Krabbameinsfélagi Íslands. Hann hvetur karla til að safna yfirvaraskeggi og vekja þannig athygli á málefninu.**



**Gústaf hefur sjálfur safnað myndarlegri mottu og vonast með því að umræður aukist um karlmenn og krabbamein.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Við ætlum sem fyrr að hafa húmorinn að vopni og gera mikið grín að karlmönnum þótt undirliggjandi sé auðvitað alvaran," segir Gústaf um átak Krabbameinsfélagsins, Karlmenn og krabbamein, sem verður haldið á lofti í marsmánuði. Boðskapurinn er skýr: Að fækka dauðsföllum vegna krabbameina í karlmönnum á Íslandi.

„Helsta vandamál okkar er í fyrsta lagi að umræðan um vandamálið er afskaplega lítil og ber keim af ákveðinni feimni. Í öðru lagi að engin skipulögð skimun fer fram vegna krabbameina í karlmönnum og er það eitt af baráttumálum okkar að koma slíku af stað, þá sérstaklega leit að ristilkrabbameinum," segir Gústaf en eitt aðalmarkmið með hinni húmorísku nálgun er að auka umræðuna.

Hann segir konur almennt móttækilegri fyrir almennum skilaboðum og auðveldara sé að höfða til skynsemi þeirra þegar kemur að heilbrigðismálum. Af einhverjum sökum svari karlmenn slíku verr og því greinist krabbamein oft seinna hjá þeim sem geri alla meðferð erfiðari. „Við teljum að nálgast þurfi karlmenn öðruvísi en konur þegar kemur að svona málum. Það er erfiðara að vekja athygli þeirra á heilbrigðismálum og því ætlum við að nota húmorinn til þess," segir Gústaf. Krabbameinsfélagið hefur því fengið til liðs við sig valinkunna grínista sem flestir munu safna skeggi í tilefni af átakinu.

Misjafnar skoðanir eru á yfirvaraskeggi. Það er vissulega karlmennskutákn en mörgum þykir það sérlega fyndið fyrirbæri. „Okkur fannst það eiga mjög vel við hér á landi þar sem yfirvaraskegg hefur ekki verið vinsælt síðan á diskótímabilinu," segir Gústaf glaðlega. Hann telur hins vegar að skeggið muni auðvelda umræður um hluti sem annars er erfitt að ræða.

Átakið Karlmenn og krabbamein stendur fram til 26. mars en Krabbameinsfélagið efnir til landssöfnunar um næstu helgi, 6. til 8. mars. Þá verða seldir pinnar í laginu eins og yfirvaraskegg. Einnig verður haldið úti síðunni www.karlmennogkrabbamein.is þar sem karlmenn verða hvattir til að safna yfirvaraskeggi.

Gústaf er þegar búinn að safna myndarlegri mottu. „Þetta er frekar óþægilegt en venst vel. Þetta fer aðallega í taugarnar á konunni minni," segir hann hlæjandi og bætir við að hann voni að sem flestir skrái sig til þátttöku, safni skeggi og geri það sem þeir geta til að opna umræðuna um karlmenn og krabbamein. *- sg*

# Leit árangursríkasta leiðin

Tilfellum ristilkrabbameins hefur fjölgað hér á landi á undanförnum 50 árum, eins og víðar í hinum vestræna heimi. Ristilfélagið var stofnað í júní síðastliðnum. Það er skipað heilbrigðisstarfsfólki og líka einstaklingum sem hafa reynt þennan sjúkdóm, annaðhvort á eigin skinni eða sem aðstandendur. Magnea Guðmundsdóttir, skrifstofumaður hjá Endurmenntun Háskóla Íslands, er formaður Ristilfélagsins. Sjálf missti hún nákominn ættingja úr ristilkrabbameini fyrir þremur árum og ákvað þá að fara í rannsókn þótt hún væri einkennalaus. Hún greindist þá með mein en nægilega snemma til að hægt væri að komast fyrir það.



**Magnea segir opinn fund verða um ristilkrabbamein og þá vinnu sem búið er að leggja í rannsóknir á því í húsi Krabbameinsfélagsins 24. mars.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ristilfélagið var stofnað til að þrýsta á stjórnvöld að auka forvarnir gegn þeim skæða vágesti sem ristilkrabbi er. Þar er leit að því á forstigum, með skimun í endaþarmi, árangursríkasta leiðin í baráttunni, að sögn Magneu. Félagið stendur fyrir fundi 24. mars í húsi Krabbameinsfélagsins í Skógarhlíð. Þar verður gerð grein fyrir þeirri vinnu sem búið er að leggja í rannsóknir og forvarnir á undanförnum árum. Fundurinn er opinn öllum sem hann vilja sækja.

„Ristilkrabbi er orðinn önnur algengasta dánarorsök af völdum krabbameina," segir Magnea. „Það urðu mikil vonbrigði þegar undirbúningur að skipulagðri leit að því var sleginn út af borðinu hér á síðasta ári og 20 milljóna upphæð sem sett hafði verið á fjárlög árið 2008 var dregin til baka. Það sýnir áhugaleysi hjá heilbrigðisyfirvöldum." *- gun*


Lindu suðusúkkulaði
Lindu suðusúkkulaði fullkomnar baksturinn
Súkkulaðisamleikur sælkerans
Linda
Suðu Súkkulaði
200 gr.
PIPAR\TBWA • SÍA • 100594
Lindu suðusúkkulaði - ómótstæðilega gott!
Linda

# Fimm skammtar á dag



Í ávöxtum og grænmeti eru efni sem gera við frumur líkamans og koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma. Best er að hafa fjölbreytnina að leiðarljósi og borða að minnsta kosti fimm tegundir ávaxta og grænmetis á dag.

Rannsóknir benda til þess að tómatar og tómatafurðir á borð við niðursoðna tómata geti dregið úr hættu á krabbameini í blöðruhálskirtli og ættu karlmenn því sérstaklega að hafa slíkan kost í huga.

Ef mikið af rauðu kjöti, unnum, reyktum og söltum kjötvörum er á borðum getur það aukið líkur á krabbameini í meltingarvegi en trefjaríkar fæðutegundir á borð við gróft korn og baunir geta hins vegar dregið úr ristilkrabbameini.



**Rannsóknir benda til þess að trefjaríkar fæðutegundir geti dregið úr hættu á ristilkrabbameini og tómatar úr hættu á blöðruhálskirtilskrabbameini.**







**„Með því að nota þessi nýju mótefnalyf er mögulega verið að minnka meinvörpin umfram það sem gerist með hefðbundinni lyfjameðferð," segir Valdís Beck.** FRÉTTABLAÐIÐ/

# Ný aðferð gefur góða raun

**Líftæknilyfið Avastin kom fyrst á markað árið 2004. Ný aðferð við notkun þess þykir hafa gefið góða raun við ristilkrabbameini.**

„Með þessari nýju aðferð er mögulega verið að gefa einverjum sjúklingum, sem eru komnir á það stig að ristilkrabbameinið hefur dreift sér út í lifrina, nýja von," segir Valdís Beck, lyfjafræðingur og markaðsfulltrúi heilbrigðisfyrirtækisins Icepharma/Roche, um líftæknilyfið Avastin.

Avastin kom fyrst á markað árið 2004 og segir Valdís meðferðina hafa verið í stöðugri þróun síðan. Niðurstöður úr alþjóðlegum rannsóknum sem gerðar hafa verið á sjúklingum víðs vegar að, sem birtar hafa verið síðustu tvö ár, hafa sýnt fram á árangur þegar lyfið er gefið sjúklingum með meinvörp í lifur. „Þegar ristilkrabbamein er komið í lifrina er það í vissum tilfellum orðinn ólæknandi sjúkdómur. Stundum er hægt að skera þessi meinvörp, til dæmis ef þau eru lítil og á sérstökum stöðum í lifrinni, en ekki ef þau eru komin yfir vissa stærð og hafa dreift sér mjög víða um lifrina," segir Valdís. „Með því að nota þessi nýju mótefnalyf er mögulega verið að minnka meinvörpin umfram það sem gerist með hefðbundinni lyfjameðferð, í einhverjum tilfellum er þá hægt að skera meinvörpin burt. Í þeim tilfellum gengst sjúklingurinn undir lyfjameðferð fyrir og eftir skurðaðgerð."

Að sögn Valdísar er Avastin fyrsta mótefnið sem beitt er gegn ristilkrabbameini. „Verkunarmátinn er mjög ólíkur verkunarmáta lyfja sem er beitt við sjúkdómnum, en lyfið hefur áhrif á eiginleika æxlis til að nýmynda æðar. Til að æxli geti vaxið þarf það sitt eigið æðanet, til að fá súrefni, losa sig við úrgang og annað, og lyfið hefur áhrif á þetta ferli," segir Valdís.

Hún segir þessa innleiðingu nýrrar aðferðar krefjast mikillar teymisvinnu hjá mörgum aðilum. Hinn 25. mars næstkomandi kemur til landsins austurrískur skurðlæknir, Pr. Thomas Gruenberger, en hann mun funda með þverfaglegum hópi sérfræðinga sem koma með einum eða öðrum hætti að meðferð ristilkrabbameina. „Hér á landi eru tilfellin líklega undir tíu á ári en mun fleiri í stærri löndum. Pr. Gruenberger hefur því mikla reynslu af skurðaðgerðum af þessu tagi. Hann kemur hingað til að miðla af reynslu sinni og undirbúningur stendur yfir af fullum krafti," segir Valdís Beck. *- kg*




# Áhættusamt að drekka

Karlar drekka nánast þrefalt meira áfengi en konur, eða 72 prósent alls þess áfengis sem neytt er í landinu, samkvæmt könnun á áfengisvenjum Íslendinga frá árinu 2004.

Áfengisneysla er talin hafa margvísleg neikvæð áhrif á heilsuna og þá sérstaklega ef um ofneyslu er að ræða. Það er fituleysanlegt sem gerir það að verkum að það kemst hratt og auðveldlega úr meltingarveginum inn í blóðstrauminn og dreifist með honum um allan líkamann. Þannig berst það fljótt til allra líffæra og getur langvarandi neysla valdið breytingum á líffærum og ýmsum sjúkdómum og kvillum.

Rannsóknir gefa sterklega til kynna að áfengisneyslu fylgi aukin hætta á krabbameini og eykst hún í hlutfalli við umfang neyslunnar. Sérstök hætta er á myndun krabbameins í munni, hálsi, vélinda, lifur og ristli. Að sögn Rafns Jónssonar, verkefnisstjóra áfengis- og vímuvarna hjá Lýðheilsustöð, er ekki hægt að setja nein viðmið um hættulausa áfengisneyslu né virðist skipta máli hvaða tegund áfengis er neytt. Áhættan er sú sama. Vegna samverkandi þátta aukast líkur á myndun krabbameins enn frekar þegar bæði er neytt áfengis og tóbaks.

Rafn segir marga trúa því að hófleg neysla léttvíns hafi góð áhrif á heilsuna. „Samkvæmt rannsóknum má finna verndandi áhrif gegn ákveðnum tegundum hjarta- og æðasjúkdóma en þá er einungis um að ræða hóflega neyslu, eða eitt glas fyrir karla og hálft fyrir konur á dag. Enn fremur er aðeins átt við fólk sem er um eða yfir 45 ára." *- ve*



**Rannsóknir gefa sterklega til kynna að áfengisneyslu fylgi aukin hætta á krabbameini og þá sérstaklega ef um ofneyslu er að ræða.** NORDICPHOTOS/GETTY

# Forðast sól um miðbik dags

Tíðni illkynja húðkrabbameina hefur aukist mikið hjá báðum kynjum á undanförnum árum. Ein aðalorsök þess er sólbruni af völdum útfjólublárrar geislunar frá sólinni eða ljósabekkjum og mikils magns sólargeisla í langan tíma.

Til að draga úr hættunni ætti að forðast sólina á þeim tíma sem geislun er mest, eða á milli klukkan 11 og 15.

Eins ætti að nota sólaráburð með sólvarnarstuðli 15 í það minnsta, forðast ljósabekki og klæða sólina af sér með léttum fatnaði og höttum.

Húðsjúkdómalæknar mæla ekki með sólböðum og telja sólbrúnku vera merki um sólskaða í stað þess að vera hraustleikamerki. Þeir mæla frekar með brúnkukremum.

*- ve*



Húðsjúkdómalæknar segja sólbrúnku merki um sólskaða. NORDICPHOTOS/GETTY



**● LÆRÐU AÐ ÞEKKJA MERKIN** Í amstri dagsins hættir okkur til að gleyma okkur sjálfum. En heilsan er dýrmæt og ekki má líta framhjá þeim merkjum sem líkaminn sendir okkur. Krabbameinsfélag Íslands bendir á eftirfarandi atriði sem taka verður mark á en þau geta verið hættumerki um krabbamein.

- Blóð í þvagi, sæði eða saur
- Aumar eða bólgnar geirvörtur
- Þrálát bólga í eitlum
- Nýir bakverkir sem ekki hverfa
- Óeðlileg þreyta eða slappleiki
- Lystarleysi
- Þú léttist að ástæðulausu
- Undarlegir hnúðar og bólgur
- Endurteknar sýkingar



**● ALGENGUSTU KRABBAMEIN KARLA** Um þriðjungur Íslendinga fær krabbamein á lífsleiðinni. Á árabilinu 2003-2007 greindust að meðaltali árlega 688 karlar og 619 konur með krabbamein. Hér á eftir fylgir upptalning á krabbameinum raðað eftir árlegum meðalfjölda 2003 til 2007.

**Algengustu krabbamein karla**

- **Blöðruhálskirtill:** 210
- **Lungu:** 77
- **Ristill:** 53
- **Þvagvegir og þvagblaðra:** 51
- **Húðkrabbamein, önnur en sortuæxli:** 29
- **Nýru:** 27
- **Eitilfrumuæxli:** 23
- **Sortuæxli í húð:** 20
- **Magi:** 20
- **Endaþarmur:** 20

**● SKEGGIÐ OPNAR UMRÆÐUNA** Á vefsíðunni www.karlarogkrabbamein.is er hægt að skrá sig til leiks í Mottumars Krabbameinsfélagsins. Keppendur skrá upplýsingar á vefsíðuna og geta sett inn tíu myndir af sér, á mismunandi stigum skeggvaxtar. Reglurnar eru fáar, aðeins að safna mottu og reyna að vekja athygli vina og vandamanna og annarra samborgara á málefninu. Bæði er hægt að keppa sem lið, eða í einstaklingskeppni, um flottustu mottuna.




# Mikið mál?



## Minna mál með SagaPro

Tíð næturþvaglát eru heilmikið mál fyrir marga karlmenn. SagaPro er náttúruvara úr íslenskri ætihvönn ætluð þeim sem eiga við þetta vandamál að etja.

Með SagaPro fækkar næturferðum á salernið og þar með færðu betri hvíld. SagaPro fæst í heilsuvöruverslunum, apótekum, stórmörkuðum og Fríhöfninni.




Náttúruvörur úr íslenskri ætihvönn

SAGAMEDICA

www.sagamedica.is

# Við berum ábyrgð á eigin heilsu

**Haukur Lárus Hauksson blaðamaður greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli á 49 ára afmælisdaginn og fékk viku síðar þær fréttir að krabbameinið væri búið að dreifa sér í bein og kirtla.**



„Karlmönnum hættir oft til að kenna sér meins en leita sér ekki hjálpar. Við karlþjóðin þurfum því að slá í merarnar og herða okkur í umræðunni," segir Haukur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Horfur voru síður en svo góðar þegar í ljós kom að krabbameinið hafði dreift sér. Margir þekkja það eftir að hafa fengið tíðindi sem þessi að lamast hreinlega og aka heim af læknastofunni í gjörsamlega óhæfu ástandi," segir Haukur og segist hafa fundið fyrir doða lengi á eftir.

Þar sem meinvörpin höfðu dreift sér kom ekki annað til greina en Haukur færi á lyf. Í fyrstu héldu hormónalyf krabbameininu í skefjum en svo kom að skipt var yfir í krabbameinslyf. Síðan þá hefur Haukur nokkrum sinnum þurft að skipta um lyf og hefur auk þess fengið geisla á hrygg og höfuð þar sem meinvörpin voru farin að þrýsta á taugar. Í dag er mánuður síðan höfuðið á Hauki var geislað með átta geislum.

Haukur segist, á heildina litið, hafa verið tiltölulega lánsamur og ekki fengið miklar aukaverkanir en það sé full vinna að berjast við krabbamein.

„Þegar krabbamein kemur inn í líf manns, þá ryðst sjúkdómurinn inn á skítugum skónum og setur allt í uppnám. Sorgin er til að byrja með mjög sterk. Síðan fer maður í það að reyna að grípa um þræði lífsins og ná stjórn á því. Konan mín, Hera Sveinsdóttir, og ég tókum strax þá ákvörðun að tala um allt er varðar sjúkdóminn – jafnvel sama hlutinn aftur og aftur – og það hefur haldið okkur báðum á floti en hlutverk aðstandenda er ekki síður erfitt og getur verið mjög flókið. Þetta er fjölskyldusjúkdómur.

Við breyttum einnig mataræðinu, meira grænt til dæmis, og ég tók út allar mjólkurvörur, en ástæðan fyrir því er sú að ég kynntist Jane Plant sem hefur sjálf greinst með krabbamein nokkrum sinnum, en tekið út mjólkurvörur úr mataræðinu og ekki fundið til einkenna í þrettán ár." Jane Plant hefur haldið fyrirlestra um sína reynslu víða um heim og hvernig vaxtarhormón í mjólkinni eru talin tengjast hormónakenndu krabbameini.

„Manni finnst maður þurfa að gera eitthvað. Það er það sem hefur hjálpað mér; að setjast ekki inn í vonda herbergið sem sjálfsvorkunn er heldur drífa sig af stað og halda haus í baráttunni, þótt auðvitað sé það meira en að segja það. Gríðarlega mikið framboð er af úrræðum. Góð sálfræðihjálp, ráðgjafarþjónusta krabbameinssjúklinga, líknardeildir, hefðbundnar meðferðir og ýmislegt annað. Ég er til að mynda í félagsskap sem kallast Framför og heldur úti heimasíðunni framfor.is en tilgangur félagsins er að efla umræðuna um þá tegund af krabbameini sem ég er með."

Að lokum segist Haukur vilja hvetja alla karlmenn til að taka ábyrgð á eigin heilsu. „Konur hafa sterkt net og eru opnari en við þannig að mörgum kemur oft á óvart að í raun er krabbamein í blöðruhálskirtli algengara en brjóstakrabbamein. Karlmönnum hættir oft til að kenna sér meins en leita sér ekki hjálpar. Við karlþjóðin þurfum því að slá í merarnar og herða okkur í umræðunni. Við berum sjálfir ábyrgð á eigin heilsu."

*-jma*






● **SLEPPUM TÓBAKSNOTKUN** Tvöfalt meiri líkur eru á að reykingamenn deyi úr krabbameini en þeir sem ekki reykja og nær 90 prósent allra krabbameina í lungum má rekja til reykinga. Reykingamenn eru líka í meiri hættu á að fá krabbamein í munnhol, barka, blöðru, nýru, bris, ristil, endaþarm og blóðfrumur en þeir sem ekki reykja.



Þótt nef- og munntóbak sé minna skaðlegt en reyktóbak þá er það jafnvel enn meira vanabindandi. Það getur líka valdið krabbameinum, ekki síst í brisi. Einnig getur það leitt til þyngdaraukningar og risvandamála.

Af þessu má ljóst vera að það besta sem tóbaksnotandi getur gert til að draga úr hættu á krabbameinum og hafa jákvæð áhrif á sína heilsu er að hætta að sjúga í sig tóbak í hvaða formi sem er.

● **HREYFING** Dagleg hreyfing getur komið í veg fyrir alls konar sjúkdóma, þar á meðal sum krabbamein. Umfram allt veitir hreyfing aukna orku og vellíðan.



Öll hreyfing er betri en engin og æskilegt að hreyfa sig í að minnsta kosti 30 mínútur á dag. Hreyfingin þarf að vera þannig að púls og öndun verði hraðari heldur en venjulega, fólk finni fyrir mæði en geti þó haldið uppi samræðum. Með því að stunda erfiðari æfingar og hreyfa sig lengur minnkar áhættan á krabbameinum enn frekar.

Hreyfingin getur bæði verið einföld og ódýr. Hún getur falist í að skokka eða hjóla í vinnuna, nota stigana í stað þess að taka lyftuna og skreppa í sund í næstu sundlaug. Umfram allt að takmarka kyrrsetu og velja hreyfingu sem hentar.



# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!



**66,3%**

Lesa bara Fréttablaðið

**6,8%**

Lesa bara Morgunblaðið

**26,9%**

Lesa bæði Fréttablaðið og Morgunblaðið

**93%** Auglýsing í Fréttablaðinu nær til yfir 93% lesenda blaðanna

Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir ótvírætt.

Skörun blaðalesturs að meðaltali á dag, mán. til lau., höfuðborgarsvæðið 18-49 ára.
Heimild: Blaðakannanir Capacent nóv. 2009 til jan. 2010.




Allt sem þú þarft...

# Tengsl mataræðis og krabbameinsvarna

Grænt grænmeti, fólat og fjölvítamín geta verið ágæt vörn gegn lungnakrabba hjá fyrrum og núverandi reykingafólki. Þetta eru niðurstöður rannsóknar bandarískra sérfræðinga sem birt var á veftímaritinu Cancer Research í janúar. Rannsóknina leiddi Steven Belinsky hjá Lovelace Respiratory rannsóknarstofnuninni í Albuquerque í Bandaríkjunum.

Yfir 1.100 núverandi og fyrrum reykingamenn voru rannsakaðir. Rannsakaðar voru frumur í munnvatni sem tengjast þeim genum sem talin eru stjórna því hvort lungnakrabbi myndist. Þá voru könnuð tengslin við 21 næringarþátt. Inntaka græns grænmetis og fólats við minni líkur á DNA metýlun. Algengt er að varnarkerfi frumna, svokölluð DNA metýlun, fari af stað við myndun krabbameins hjá reykingamönnum.

Niðurstöður þessarar rannsóknar eru þó ekki endanlegar enda hafa lengi staðið nokkrar deilur um tengsl mataræðis og krabbameinsvarna. Aðrar rannsóknir hafa til að mynda sýnt auknar líkur á lungnakrabba hjá reykingamönnum sem taka inn karótín fæðubótarefni, lútín, fólínsýru og vítamín A og K, sem einnig er í grænu grænmeti. Því er ljóst að aukinna rannsókna er þörf til að fá nákvæmar niðurstöður. *-sg*



**Nýleg rannsókn leiddi í ljós tengsl milli inntöku á fólati, fjölvítamíni og grænu grænmeti við minnkandi líkur á krabbameini í reykingamönnum.**



**● EFNI ÚR SJÁVARLÍFVERUM** Rannsókn sem miðar að því að finna ný efni úr íslenskum sjávarlífverum og kanna áhrif þeirra á krabbameinsfrumur er nú í fullum gangi. Það er Sesselja S. Ómarsdóttir, dósent í lyfja- og efnafræði náttúruefna við Heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands, sem stendur fyrir henni. Áhugann fékk hún eftir að lyfjafræðideild hafði gert frumathugun sem gaf til kynna að í sjávarlífverum sem lifa á grunnsævi við strendur Íslands sé að finna mjög áhugaverð efni.

Sesselja segir tvo þriðju allra krabbameins- og sýkingalyfja unna úr náttúruefni sem eigi rætur sínar að rekja til plantna, sjávardýra og örvera. Lífverur, sérstaklega þær sem ekki geti flúið af hólmi, svo sem plöntur og sjávarlífverur, heyi stöðugan efnahernað sín á milli og stríðið um að lifa af hafi myndað fjölbreyttan banka lífvirkra efnasambanda í náttúrunni. Þar sem lífsskilyrði sjávarlífvera hér við land séu einstök vegna staðsetningar landsins í Norður-Atlantshafi, kulda sjávar en jafnframt jarðhita þá geti verið efni hér sem hvergi finnist annars staðar.

Heimild/www.hi.is

- gun



**● LANDSSALA Á BARMMERKJUM** Karlmenn á Íslandi eru hvattir til að safna yfirvaraskeggi og áheitum í marsmánuði til styrktar baráttunni gegn krabbameini í körlum. Landssala á barmmerkjum, mottupinnum, fer fram laugardaginn 6. mars.

Þetta er í þriðja sinn sem Krabbameinsfélagið stendur fyrir sérstöku átaki um karlmenn og krabbamein og það verður jafnframt eitt umfangsmesta árvekniátak félagsins til þessa. Með skeggsöfnun sýna karlmenn samstöðu og þeir geta líka safnað áheitum til styrktar baráttunni gegn krabbameini með því að skrá sig til þátttöku í yfirvaraskeggkeppninni á vefsíðunni www.karlmennogkrabbamein.is. Í lok mánaðarins verður sigurvegari mottukeppninnar valinn við hátíðlega athöfn.



# ALLT SEM ÞIG VANTAR

**Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is**

Smáauglýsingasíminn er opinn alla daga kl. **8–17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**
**smaar@frettabladid.is / visir.is**

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8–17**

## BÍLAR & FARATÆKI




Subaru Legacy Outback, árg. 5/2007, ek. 39þús.km, sjálfsk, Panorama, Bluetooth, dráttarbeisli, rafmagn,CD, omfl, Stórglæsilegur umboðsbíll! Ásett verð 3890þús.kr, Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



BMW 745i 7/2002, ek. 113þ, nýyfirfarinn og skoðaður, ásett 4m, aðeins 2.690stgr. Uppl. 8484962



Subaru Legacy árg. ,99 ek. 150 þús. Sjsk. Vetrar og sumardekk. Bensín. Mjög góður bíll. S. 616 2597.



Nissan Terrano II 2,7 DISEL árg. ,03 mikið endurnýjaður. Ásett v. 1,5 fæst á 999.000. Uppl. í s. 821 3770.



VW Transporter árg. 2000 Diesel - langur. Ekinn 260 þús. km. Nýskoðaður. Verð 430.000 kr. Uppl. í síma 848 0046.



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD, ÁRGERÐ 1996, EKINN AÐEINS 158 Þ. KM., 2,0 L., SJÁLFSKIPTUR, SMURBÓK FRÁ UPPHAFI, DRÁTTARKRÓKUR, NÝ DEKK, FJARSTÝRÐAR SAMLÆSINGAR. NÝTT Í BREMSUM. ÁSETT VERÐ 490 ÞÚSUND S. 895 8956.

Til sölu Daihatsu gran move 98' ekinn 90þ. ssk. nýtt púst og bremsur fæst á 250þ. uppl: 661-5657.

### 0-250 þús.



**Rúmgóður sparibaukur 195þ.**
Daihatsu Grand Movie árg. ,98 5d., 5g., sk. ,11, sparneytinn. Ný tímareim. Verð 195þ. S. 891 9847.

**Corolla tilboð 220 þ.**
Toyota Corolla xly. Árg. ,95. Ek. 220. Skoðaður 2011. Ný tímareim. S. 891 9847.

### 250-499 þús.



Til sölu MMC Pajero árg.1997.Ekinn 205þ. km í góðu ástandi, 35" dekk.Verð 400þ. kr staðgreitt.Uppl. i s. 845 0979.

### 2 milljónir +



Volvo xc 70 2006 til sölu. Mjög gott verð, góður og vel með farin bíll. Uppl. í s. 699 4009.

### Bílar óskast



Óska eftir góðum sendibíl fyrir allt að 300þ. 25þ. afb. á mán. í 12 mán. S. 869 9766.

**Staðgr.ódýran bíl**
Vantar bíl 20-200þ. Má þarfnast lagfæringar. Skoða allt. S. 857 9326.

**ÓSKA EFTIR BÍL FYRIR ALLT AÐ 250 ÞÚS!**
Óska eftir góðum bíl fyrir allt að 250 þús! Smábíl fólksbíl eða jeppling, skoða allt má þarfnast smá lagfæringar. S. 691 9374.

Óska e.að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl.í s:866-0471

**Toyota, Micra eða Lancer óskast**
Árg. 1994-2001 fyrir 50-200 þúsund. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. 694-2545

**!!! 0-200þús staðgreitt !!!**
Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bíllinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn ,98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1815.

### Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Sendibílar




Leigð'ann og aktu sjálf/ur. Lyfta 1 tonn og opnanleg hlið. Uppl. í s. 898 3206.

Rafmagns tröpputrilla árg. ,07 nýjir geymar litið notuð. Og Rafmagnstjakkur jungheinrich árg. ,07. Ekki mikið notaður. Uppl. í síma 821 3770.

### Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.


**TOYOTA Akureyri**
Baldursnesi 1, 600 Akureyri s. 460 4300
www.toyotaakureyri.is



YAMAHA APEX MTX 162". Árgerð 2007, ekinn 1971 km,Lögn fyrir GPS og festingar - Öhlins dempari í búkka - rafstart - bakkgír - 162"x16"x2.25"(57mm)
**Verð 1.650.000.**
Rnr.206696 ER Á STAÐNUM



SKI-DOO MXZ X 800HO 121". Árgerð 2006, ekinn 800 km, Ekinn 800 km - 121"x15"x44mm - snarvinda - ath skipti á Can-am fjórhjóli götuskráðu.
**Verð 1.280.000.** Rnr.151496
ER Á STAÐNUM



SKI-DOO MXZ X RS 800HO 121". Árgerð 2007, ekinn 2200 km, Belti 121"x15"x44mm m/skrúfum - stýrisupphækkun - panna - snarvinda/bakkgír
**Verð 1.490.000.** Rnr.206600
ER Á STAÐNUM



LYNX SPORT TOURING 800 . Árgerð 2004, ekinn 1492 km, 32mm belti m/skrúfum - dráttarkrókur - rafstart - bakkgír/ snarvinda - nýr rafgeymir
**Verð 1.100.000.** Rnr.206683
ER Á STAÐNUM



SKI-DOO MXZ RENEGADE X 800HO 136". Árgerð 2007, ekinn 1300 km, 136"x16"x44mm - bensínbrúsi - engin skipti
**Verð 1.490.000.** Rnr.206633 ER Á STAÐNUM



YAMAHA RX 1 121". Árgerð 2004, ekinn 1870 km, 121"x15"x32mm belti m/nöglum - tanktaska
**Verð 650.000.** Rnr.206558
ER Á STAÐNUM



HARLEY DAVIDSON VRSCR STREET ROD. Árgerð 2007, ekinn 2 þ.km, 5 gírar.
**Verð 1.990.000.** Rnr.114988
ER Á STAÐNUM



HONDA VTX 1800 F. Árgerð 2005, ekinn 12.380.km, 5 gírar.Vance & Hines púst(orginal púst fylgir) - Power comment + tölvukubbur - rúða - sissy bar - nýleg dekk
**Verð 1.590.000.** Rnr.206132 ER Á STAÐNUM



**bílaland S: 525 8000**
MIKIÐ ÚRVAL FÓLKSBÍLA, JEPPA OG ATVINNUBÍLA



**AUDI A4**
Nýskr: 08/2002, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 117.000 þ.
**Verð: 1.690.000**
VE-430



**BMW X5 DIESEL**
Nýskr: 07/2006, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 54.000 þ.
**Verð: 6.350.000**
YR-488

**HYUNDAI SANTA FE**
Nýskr: 07/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 45.000 þ.
**Verð: 2.680.000**
MZ-889

**HYUNDAI SANTA FE II**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár - tvílitur, Ekinn 51.000 þ.
**Verð: 3.250.000**
AP-208

**ISUZU D-MAX**
Nýskr: 06/2006, 3000cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn 65.000 þ.
**Verð: 2.280.000**
OS-202



**HYUNDAI TERRACAN 35"**
Nýskr: 07/2003, 2900cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn / Grár, Ekinn 130.000 þ.
**Verð: 1.980.000**
NX-079

**NISSAN PATHFINDER SE**
Nýskr: 06/2007, 2500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 40.000 þ.
**Verð: 5.280.000**
DF-643

**NISSAN PATROL LUXURY**
Nýskr: 10/2004, 3000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkrauður, Ekinn 116.000 þ.
**Verð: 3.280.000**
SU-807



**SUBARU FORESTER LUX**
Nýskr: 08/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 33.000 þ.
**Verð: 3.490.000**
LJ-039

**SUBARU IMPREZA GX**
Nýskr: 11/2006, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Grár, Ekinn 45.000 þ.
**Verð: 2.180.000**
RL-186

**BMW 116I**
Nýskr: 09/2006, 1600cc
4 dyra, Beinskiptur, Ljósgrár, Ekinn 38.000 þ.
**Verð: 2.560.000**
JF-588

**CHEVROLET CAPTIVA**
Nýskr: 08/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Dökkgrár, Ekinn 66.000 þ.
Verð: 4.180.000
OX-T86

**HYUNDAI SANTA FE II**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Blár / Grár, Ekinn 45.000 þ.
**Verð: 2.990.000**
TU-342

**HYUNDAI TUCSON**
Nýskr: 06/2006, 2700cc
4 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 34.000 þ.
**Verð: 2.480.000**
BL-477

**LAND ROVER DISCOVERY 3**
Nýskr: 11/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 114.000 þ.
**Verð: 4.990.000**
UG-404



**LAND ROVER RANGE ROVER SPORT**
Nýskr: 09/2005, 2700cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 55.000 þ.
**Verð: 5.600.000**
VO-060

**NISSAN NAVARA**
Nýskr: 09/2005, 2500cc
4 dyra, Beinskiptur, Hvítur, Ekinn 102.000 þ.
**Verð: 2.790.000**
MP-006

**NISSAN PATHFINDER**
Nýskr: 03/2006, 2500cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósgrár, Ekinn 82.000 þ.
**Verð: 4.390.000**
EF-874

**NISSAN X-TRAIL**
Nýskr: 01/2007, 2000cc
5 dyra, Sjálfskiptur, Ljósbrúnn, Ekinn 61.000 þ.
**Verð: 2.980.000**
ON-395

**SUBARU IMPREZA**
Nýskr: 09/2006, 2000cc
5 dyra, Beinskiptur, Grár, Ekinn 44.000 þ.
**Verð: 2.080.000**
DZ-772

**Líttu við að Sævarhöfða 2 eða Fossháls 1 - Allar tegundir bíla - bilaland.is**



**Auglýsingasími 512 54 01**
FRÉTTABLAÐIÐ
Allt sem þú þarft...

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Lækjarbrekka
Alltaf sígild - Alltaf ljúf

**Lækjarbrekka**
**Rótgróið, þekkt veitingahús getur tekið að sér nema í framreiðslu.**
**Upplýsinga veitir Steinunn, steinunn@laekjarbrekka.is.**
**Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

**Eldsmiðjan**
Erum með spennandi störf í boði. Kíktu á eldsmidjan.is

Batermaður/vélamaður óskast til starfa í Bulandet fiskeindustri í Noregi. Óskum eftir einstaklingi með reynslu úr fiskvinnslu eða matvælaiðnaði. Rafvirkja- og/eða vélvirkja menntun er kostur. Þarf að geta starfað sjálfstætt og tekið ábyrgð í starfi. Kostur ef viðkomandi getur hafið störf í apríl/maí. Gott starfsumhverfi og laun eftir samkomulagi. Hafið samband í síma: 0047-9174-3634 / 0047-5773-3030 eða e-póst: pat@bufi.no

Sportbar í Austurborginni óskar eftir vönu starfsfólki á bar og í ræstingar um hlutastarf er að ræða á kvöldin og um helgar. Umsókn með mynd sendist á starf@visir.is öllum umsóknum verður svarað.

**Veitingahús**
Starfskraftur óskast í 80% vinnu. ca. 20 dagar í mán. 12 daga frá 11:30-18:30 og 8 daga frá 7:45-14:45. Uppl. í s. 843 9950.

## Atvinna óskast

Vanur smiður/ trésmiður gerir við hús og sumarhús. Vanur - Gott verð! S. 892 6958.

## Viðskiptatækifæri

VIÐ TÓKUM SKREFIÐ HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA? taktuskref@visir.iS

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálp og kærleikans, Skútuvogi 11a**
**Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira. Föt 50 - 1200.-kr Valin föt fullur poki 500,-kr. Húsgögn frá ca. 200-15.000,-kr.**
**Tökum á móti öllum hlutum, Skútuvogur 11A. Opið virka daga frá 12-18, laugardaga 10-14. S. 520 5500.**

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Er ykkur kalt? Við verðum við. Hringdu í uppáhalds dömuna þína. Við bíðum eftir þér!**

**Halla er ný.**

**Opið þegar þér hentar 908 1616.**


vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Auglýsingasími
512 5401



Allt sem þú þarft...


## Tilkynningar

Verkfræðingafélag Íslands IEEE

### Rafmagnsverkfræðingur ársins – kallað eftir tilnefningum

Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ) og Institute of Electrical and Electronics Engineers (IEEE) veita sameiginlega viðurkenningu, sem veitt er þeim rafmagnsverkfræðingi sem þykir skara fram úr í störfum sínum hverju sinni – á sviði rafmagnsverkfræði eða hefur haft mikil áhrif á íslenskt samfélag.

Viðurkenningin er veitt annað hvert ár og nú er í þriðja sinn kallað eftir tilnefningum. Þeir sem tilnefndir eru þurfa ekki að vera félagsmenn í VFÍ eða IEEE, en þeir skulu að öllu jöfnu vera Íslendingar eða starfandi á Íslandi og búsettir á Íslandi síðastliðin þrjú ár.

**Tilnefningar skulu sendar eigi síðar en 12. mars n.k. til skrifstofu VFÍ:**

Verkfræðingafélag Íslands
Engateigi 9
105 Reykjavík
Sími: 535-9300
Símbréf: 535-9311
Netfang: skrifstofa@verktaekni.is

Sameiginlegar nefndir VFÍ og IEEE á Íslandi annast umsjón viðurkenningarinnar. Val þess sem hana hlýtur verður tilkynnt 14. maí n.k. Hér er tækifæri til þess að veita viðurkenningu í okkar hópi fyrir framúrskarandi störf tengd rafmagnsverkfræði eða framlag til samfélagsins.

## Atvinna í boði

UMHVERFISSTOFNUN
Akureyri – Egilsstöðum – Ísafirði - Mývatni
Reykjavík - Snæfellsnesi - Vestmannaeyjum

### Landvarsla - sumarstörf 2010

Umhverfisstofnun auglýsir eftir landvörðum sumarið 2010 á eftirtalin svæði: Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, verndarsvæðið Mývatn og Laxá, Suðurland, Vesturland, Miðhálendi og sunnanverða Vestfirði.

Um er að ræða tímabundin 100% störf en starfstími er breytilegur eftir svæðum. Þeir fyrstu hefja störf í lok apríl og síðustu ljúka störfum í september.

Störf landvarða felast m.a. í vöktun, eftirliti, fræðslu og móttöku gesta.

Umsóknarfrestur um störfin er til 14. mars 2010. Í umsókn þarf að koma fram hvaða svæði verið er að sækja um eða forgangsröðun þar um.

Ítarlegri upplýsingar um svæðin, tímabil hvers starfs, störfin, hæfniskröfur og umsóknareyðublöð er að finna á heimasíðu stofnunarinnar, **umhverfisstofnun.is**. Einnig er hægt að leita nánari upplýsinga hjá Ólafi A. Jónssyni deildarstjóra og Sigrúnu Valgarðsdóttur starfsmannastjóra í síma **591 2000**.

**Njótum umhverfisins og stöndum vörð um það saman**

## Fasteignir

### Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf. auglýsir til sölu fasteignina að Berghólabraut 7, 230 Reykjanesbæ.

Hér er um að ræða fasteign ásamt brennsluofni til sorpbrennslu ásamt vélum og tækjum til sorpeyðingar.

Nánari upplýsingar veita framkvæmdastjóri félagsins Berglind Kristinsdóttir, netfang berglind@sss.is. Upplýsingar um tæknileg atriði veitir umhverfisfulltrúi Sorpeyðingarstöðvarinnar, Aron Jóhannsson, netfang aron@kalka.is

Stjórn Sorpeyðingarstöðvarinnar áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Tilboðum skal skilað inn fyrir klukkan 16:00, föstudaginn 5. mars 2010.

KALKA
Sorpeyðingarstöð Suðurnesja







512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

**JON BON JOVI ER 48 ÁRA Í DAG**

*„Velgengni er að detta níu sinnum en rísa aftur upp tíu sinnum.“*



***Tónlistarmaðurinn og leikarinn Jon Bon Jovi fæddist í New Jersey-ríki Bandaríkjanna árið 1962. Hljómsveitin Bon Jovi, sem hann stofnaði árið 1983, hefur notið mikilla vinsælda æ síðan með lögum á borð við Livin' On a Prayer, You Give Love a Bad Name, Blaze of Glory og It's My Life.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 2. MARS 1963

## *Fyrsta LP-plata Bítlanna gefin út*

Á þessum degi árið 1963 kom fyrsta stóra plata Bítlanna út á vegum plötufyrirtækisins Parlaphone. Platan, sem ber titilinn Please, Please Me eftir samnefndu lagi sem gefið var út á smáskífu í byrjun árs 1963, náði toppsætinu á breska vinsældalistanum í maí og hélt því sæti í heilar þrjátíu vikur. Platan sem leysti Please, Please Me af hólmi í toppsætinu var önnur plata Bítlanna, With the Beatles.



**PLEASE PLEASE ME**

Smáskífan með laginu Please, Please Me var önnur smáskífa Bítlanna en sú fyrsta var Love Me Do. Please, Please Me tyllti sér á topp breska smáskífulistans 22. febrúar 1963 og í kjölfarið ákvað Parlaphone að hraða útkomu fyrstu stóru plötunnar til að nýta sér hinar miklu vinsældir smáskífunnar. George Martin, upptökustjóri Bítlanna, íhugaði að hljóðrita plötuna fyrir framan áhorfendur í hinum fræga Cavern Club í Liverpool, hljómleikastaðnum þar sem Bítlarnir slitu barnsskónum.

Slíkt reyndist ekki hægt vegna tæknilegra flækna og því bókaði Martin sveitina í EMI-hljóðverið í London, sem síðar var endurnefnt Abbey Road, þar sem hljóðrituð voru tíu lög á tæplega tíu klukkustundum. Alls eru fjórtán lög á plötunni, en fjögur þeirra höfðu áður komið út á smáskífum.

**MERKISATBURÐIR**

- **1855** Alexander II. verður keisari í Rússlandi.
- **1956** Bandarísk herflutningaflugvél ferst með sautján mönnum djúpt úti af Reykjanesi.
- **1982** Bíóhöllin í Reykjavík tekur til starfa.
- **1985** Kraftlyftingasamband Íslands er stofnað.
- **1995** Yahoo! verður hlutafélag.
- **2003** Pakistönsk yfirvöld handsama Khalid Shaikh Mohammed sem var álitinn vera heilinn á bak við árásina á Tvíburaturnana í New York-borg og Pentagon í Washington 11. september 2001.



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Ríkharður Líam Róbertsson (Rikki)**

lést í Gautaborg í Svíþjóð 19. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Bifrostkirkjunni í Mölndal, Svíþjóð, föstudaginn 12. mars kl. 15.00. Minningarathöfn verður haldin í Áskirkju, miðvikudaginn 31. mars kl. 12.00.

| | |
|---|---|
| Vigdís Hansdóttir | Lars-Peter Sörensen |
| Robert A. H. Downey | Ingigerður Hjaltadóttir |
| Tómas Róbertsson | Nickila Robertsson |
| Árni Hreiðar Róbertsson | Sigríður Hermannsdóttir |
| Róbert Róbertsson | Ingigerður Jónasdóttir |
| Vilhjálmur Róbertsson | |



†

*Elskulegur bróðir okkar og mágur,*

**Einar Hreiðar Árnason**

verkfræðingur,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli sunnudaginn 28. febrúar.

| | |
|---|---|
| Árni Hreiðar Árnason | Jytte Inge Árnason |
| Rannveig Árnadóttir | |
| Ólafur Hreiðar Árnason | Magnúsína Guðmundsdóttir |

Margrét Steingrímsdóttir



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður B. Sigurðsson**

lést að Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, 22. febrúar sl. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju miðvikudaginn 3. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| Svavar Sigurðsson | |
| Bogi Sigurðsson | |
| Enrique Llorens Izaguirre | Auður Finnbogadóttir |
| Gunnar Sigurðsson | Sigríður Guðmundsdóttir |
| Sigrún Sigurðardóttir | Hörður Ó. Helgason |
| Sigurður Rúnar Sigurðsson | Rósa Finnbogadóttir |
| Ómar Sigurðsson | Una Magnúsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.


†

*Æviminning*



Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminninga á tímamótasíðum blaðsins.

**Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is**




**NÝR FORMAÐUR** „Við lítum á kvikmyndir sem leikhús fólksins,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Hér er hún ásamt hundi sínum, Jöklu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FÉLAG KVIKMYNDAGERÐARMANNA: SKIPAR NÝJAN FORMANN OG STJÓRN

# Stéttarvitund aukist til muna

„Þetta eru umbrotatímar en jafnframt spennandi tími til að taka við þessu starfi,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir, nýskipaður formaður Félags kvikmyndagerðarmanna. Ný stjórn var mynduð á aðalfundi félagsins fyrir skömmu en fráfarandi formaður, Hjálmtýr Heiðdal, hafði gegnt starfinu í þrjú ár þar á undan.

Að sögn Hrafnhildar hefur af einhverjum ástæðum vantað nokkuð upp á samstöðu hjá íslenskum kvikmyndagerðarmönnum undanfarin ár. „Hagsmunir hafa rekist dálítið á, en núna eru kvikmyndagerðarmenn nokkuð samstiga í fyrsta skipti í langan tíma. Það er mjög ánægjuleg þróun sem ég held að megi rekja í átt til kreppunnar og yfirlýsinga Páls Magnússonar um niðurskurð á kaupum á íslenskum kvikmyndum,“ segir Hrafnhildur.

Hún segir smæð landsins lengi hafa gert það að verkum að gerð kvikmynda hafi verið ákveðin einyrkjastarfsemi. Fólk hafi þurft að ganga í mörg störf tengdum verkum sínum, sem sé ekki hollt til lengdar. „Undanfarin ár hefur bransinn loksins komist á iðnaðarstig og er að verða sambærilegur við það sem gerist í Evrópu og víðar. Þess vegna er heldur súrt að þurfa skyndilega að setja sig í einhverjar kreppustellingar,“ segir Hrafnhildur og vísar þar til fyrirhugaðs niðurskurðar hins opinbera til kvikmyndagerðar. Hún tekur sem dæmi að Þjóðleikhúsið þurfti að sæta mun minni niðurskurði, sem kvikmyndagerðarmenn séu ósáttir við. „Við lítum á kvikmyndir sem leikhús fólksins. Þær fara víðar og fleiri hafa tækifæri til að berja þær augum. Við erum ósátt við að vera sett á höggstokkinn.“

Mörg brýn verkefni bíða nýrrar stjórnar félagsins, að sögn Hrafnhildar. „Það er mjög mikilvægt að þrýsta á endurskoðun á málefnum RÚV, stofnunar sem við erum í miklum samskiptum við. Yfirstjórn RÚV er enn pólitískt skipuð og nauðsyn faglegrar stjórnar þar er mikil. Þá viljum við að Kvikmyndamiðstöð Íslands þróist áfram og viljum beita okkur fyrir því að fjármagnið sem kemur inn í geirann frá miðstöðinni verði ekki skert frekar.“

Um þrjú hundruð eru skráðir í Félag kvikmyndagerðarmanna í dag. Hrafnhildur segir eitt af því góða við kreppuna vera það að stéttarvitund fólks lifni við svo um munar. „Á síðustu mánuðum höfum við fengið um áttatíu nýja meðlimi í félagið, en margir hafa áhyggjur af réttindum sínum. Það er í okkar verkahring að skoða hvort við getum ekki aðstoðað við málefni fagfólksins okkar, ljósamanna, hljóðmanna og fleiri, sem oft þurfa að vinna langar vinnustundir við aðstæður þar sem öryggi er ábótavant,“ segir Hrafnhildur. **kjartan@frettabladid.is**

# Bókband á skörinni

Sauðfé, hlýri, hross og geit, er yfirskrift sýningar Ragnars G. Einarssonar á bókbandsverki. Sýningin er á skörinni hjá Handverki og hönnun að Aðalstræti 10 og var opnuð 26. febrúar síðastliðinn.

Á sýningunni gefur að líta fjölbreytt-ar bækur sem Ragnar hefur bundið inn á undanförnum árum.

Bókband er gamalgróin iðngrein sem á sér langa sögu. Hún byggist á vönduðu handverki þar sem rétt handbragð og auga fyrir formfegurð ráða ferðinni. Listbókband er hreint handverk sem í mörgu styður sig við sömu markmið og aðrar listgreinar. Skilin milli handverks og listar eru því óljós þar sem greinarnar styðja hvor aðra.

Ragnar nam bókband í Iðnskólanum í Reykjavík og í Hólabókbandi. Hann lauk meistaraprófi árið 1972.

Sýningin stendur til 15. mars og er opin alla virka daga frá kl. 9 til 18 og frá 12 til 17 um helgar.



**FALLEGT BÓKBAND** Snorra-Edda bundin í geitarskinn.

# NTC styður fermingarbörn

Björn Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri NTC hf., afhenti Mæðrastyrksnefnd styrk að andvirði 1.100.000 króna í formi gjafabréfa fyrir skemmstu.

Gjafabréfunum verður útdeilt af Mæðrastyrksnefnd til fjölskyldna fermingarbarna og geta börnin keypt sér fermingarföt fyrir andvirði þeirra í verslunum NTC. Þær eru Galleri Sautján, Retro, Deres, GS Skór, Focus, Smash, Sparkz, Urban, Eva, Kultur, Kultur menn og Companys. „Oft var þörf en nú er nauðsyn fyrir fólk og fyrirtæki að styrkja Mæðrastyrksnefnd til þeirra góðu starfa sem nefndin vinnur. NTC vill með þessu framlagi leggja sín lóð á vogarskálarnar,“ segir í tilkynningu.

Margrét K. Sigurðardóttir og Ragnhildur G. Guðmundsdóttir veittu styrknum viðtöku fyrir hönd Mæðrastyrksnefndar. Þær segja mikla aukningu hafa orðið á fjölda þeirra sem leita eftir aðstoð Mæðrastyrksnefndar undanfarna mánuði og að enn bætist í hópinn. - ve



**GÓÐ GJÖF** NTC hefur afhent Mæðrastyrksnefnd styrk í formi gjafabréfa en hann er ætlaður fjölskyldum fermingarbarna.

# Fjölskylduvæn fyrirtæki

Fyrirtækin Keilir, Kaffitár og Vatnaveröld – sundmiðstöð hlutu viðurkenningu sem fjölskylduvæn fyrirtæki á degi um málefni fjölskyldunnar sem haldinn var í Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ síðastliðinn laugardag. Það var Fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar sem það gerði en hún veitir slíkar viðurkenningar árlega innan síns sveitarfélags. Markmiðið er að hvetja stjórnendur fyrirtækja til að setja sér fjölskyldustefnu.

Einnig voru dagforeldrar sem hafa starfað í tíu ár í Reykjanesbæ heiðraðir. Það voru Vilfríður Þorsteinsdóttir, Guðný Sigríður Jónsdóttir og Guðrún Þórhildur Ævarsdóttir sem fengu viðurkenningar.

Þetta er í níunda sinn sem viðurkenningin „Fjölskylduvænt fyrirtæki“ er veitt og hafa fjölmörg fyrirtæki í Reykjanesbæ þegar hlotið nafnbótina. - gun



**FJÖLSKYLDUVÆN** Jón Newman, vaktstjóri í Vatnaveröld – sundmiðstöð, Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, og Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, miðstöðvar vísinda og fræða á Ásbrú. MYND/DAGNÝ



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Pálmfríður Albertsdóttir Bergmann**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja aðfaranótt 26. febrúar, verður jarðsungin frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 5. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Vignir Bergmann** | **Jónína Holm** |
| **Albert Bergmann** | **Eva Carlsen** |
| **Gylfi Bergmann** | **Helga Jóhannesdóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ólafur Guðmundsson**
Réttarholtsvegi 31,
Reykjavík,

lést laugardaginn 27. febrúar síðastliðinn að hjúkrunarheimilinu Skjóli.

**Sigríður Ólafsdóttir**
**Elías Ólafsson**
**Benóný Ólafsson**
**Óttar Hallsteinsson**
**Elín Hallsteinsdóttir**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elsku yndislegi frændi okkar og vinur,*

**Ragnar Þ. Guðmundsson**
Nýhóli, Fjöllum,

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga 25. febrúar sl. Minningarathöfn verður haldin laugardaginn 6. mars kl. 14.00 frá Húsavíkurkirkju.

**Guðrún Garðarsdóttir**
**Unnur Sig. Gunnarsdóttir**
**Þorbjörg Júlíusdóttir**



*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Páll Theódórs**
frá Stóra-Holti,

lést á dvalarheimilinu Grund í Reykjavík föstudaginn 26. febrúar. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Guðbjörg Jónsdóttir**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, mágkona, systir, amma, langamma og langalangamma,*

**Magnea Hulda Magnúsdóttir Wilhelmsen**
frá Klængsseli í Gaulverjabæ,
Árskógum 8, Reykjavík,

lést á Skógarbæ 24. febrúar sl. Útför fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 4. mars kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

| | |
|---|---|
| **Alf Wilhelmsen** | |
| **Bjarni F. Einarsson** | **Elín Elísabet Halldórsdóttir** |
| **Halldór E. Faust** | **Hrafnhildur Dia Jack** |
| **Ólöf Jónsdóttir** | |

**Olga Vatle, systkini og ömmubörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Helga Helgadóttir**
Garði, Kópaskeri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 25. feb. síðastliðinn. Útförin fer fram frá Snartarstaðakirkju, laugardaginn 6. mars kl. 14.00.

| | |
|---|---|
| **Pétur Einarsson** | |
| **Einar Pétursson** | **Valgerður Áslaugsdóttir** |
| **Helgi Pétursson** | **Sóley Jónsdóttir** |

**og barnabörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur vináttu og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Sigurðar Hauks Eiríkssonar**
Víðimel 60.

| | |
|---|---|
| **Auður Ingvarsdóttir** | |
| **Rannveig Sigurðardóttir** | **Hermann Þórisson** |
| **Freyr Hermannsson** | **Helga Rún Runólfsdóttir** |
| **Nanna Hermannsdóttir** | |
| **Hlynur Freysson.** | |



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Jóhanna Lind Pálsson**
Gunnlaugsgötu 10, Borgarnesi,

lést á Dvalarheimili aldraðra Borgarnesi sunnudaginn 28. febrúar.

Fyrir hönd aðstandenda,

| | |
|---|---|
| **Sóley Lind** | |
| **Ólafur Páll Lind Egilsson** | **Ólöf Guðmundsdóttir** |
| **Hilmar Lind Egilsson** | **Vicenta Villela Adlawan** |
| **Kristinn Lind Egilsson** | |
| **Guðmundur Lind Egilsson** | |
| **Páll Lind Egilsson** | |
| **Rannveig Lind Egilsdóttir** | |
| **Þorbergur Lind Egilsson** | |
| **Sigrún Lind Egilsdóttir** | **Magnús Ingólfsson** |
| **Eygló Lind Egilsdóttir** | |
| **Sonja Lind Carter** | **Peter Carter** |
| **Sólrún Lind Egilsdóttir** | |
| **Hans Lind Egilsson** | **Sveinbjörg Stefánsdóttir** |
| **Jenný Lind Egilsdóttir** | **Gunnar Baldvinsson Ringsted** |

**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hulda Steingrímsdóttir Færseth**
Hrafnistu í Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu í Hafnarfirði föstudaginn 12. febrúar. Útför hennar fór fram í kyrrþey föstudaginn 19. febrúar frá Kapellunni í Fossvogi að ósk hinnar látnu. Þökkum samúð og hlýhug við andlát hennar.

| | |
|---|---|
| **Unnur Færseth** | **Sigurður Kristján Friðriksson** |
| **Steingrímur Færseth** | **Þórunn Steingrímsdóttir** |
| **Einar Andreas Færseth** | **Dagmar Huld Gísladóttir** |

**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Ástkær faðir okkar, fósturfaðir, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Guðmundur Björnsson**
húsasmíðameistari
Hrafnistu, Reykjavík,

lést á heimili sínu Hrafnistu fimmtudaginn 11. febrúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna. Þökkum starfsfólki Hrafnistu fyrir góða umönnun.

| | |
|---|---|
| **Björn Guðmundsson** | **Hulda Guðvarðardóttir** |
| **Bergný Hanna Guðmundsdóttir** | **Róbert Doyon** |
| **Marinus Schmitz** | **Guðrún Ágústa Lárusdóttir** |

**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hins látna.**




# HVAÐ ER Í MATINN? Á VÍSIR.IS

Vísir.is kynnir skemmtilegan sérvef um matargerð og hagkvæm matarinnkaup.

Með því að nota einfalt og skemmtilegt kerfi útbúum við handa þér matseðil eftir þínu höfði.

Kynntu þér ótrúlegan fjölda gómsætra uppskrifta á Hvað er í matinn? á vísir.is



vísir.is

...ég sá það á vísir.is



# Vertu sæll, kæri svili

BAKÞANKAR
Hólmfríður Helga Sigurðardóttir



Það var með trega í hjarta sem ég stóð í dyrunum heima hjá mér á sunnudaginn með hvítan vasaklút í hendi og veifaði á eftir svila mínum. Eins og svo margir aðrir er hann farinn til hins nýja fyrirheitna lands Íslendinga – Noregs. Þangað ætlar hann líka að hrífa ástkæra mágkonu mína með sér, þegar líða tekur á árið.

**ÞAÐ** er sjálfsvorkunn Gýpu sem veldur ógleði minni. Svili minn er nefnilega ekkert venjulega góður kokkur. Drekkhlaðið borð af framandi réttum fullkomlega framreiddum á ég ekki von á að sjá aftur fyrr en eftir nokkra mánuði. Það þykir mér miður, enda kann ég vel að meta góðan mat sem aðrir hafa fyrir að útbúa.

**FLEIRA** kemur reyndar til, enda eru þau mörgum fleiri kostum búin, hjónaleysin, en að kunna að halda frábærar veislur. Til dæmis dýrka börnin í stórfjölskyldunni þau og vildu örugglega helst fá að skipta og eiga þau fyrir foreldra. Og litla systirin er límið sem heldur systkinahópnum saman. Strákarnir sem eftir verða mega hafa sig alla við að halda bræðralaginu eftir brotthvarf hennar.

**ÞETTA** verður sannarlega dapurlegt líf fyrir okkur sem heima höngum. Fyrir kærustuparsins hönd er mér hins vegar ekk vorkunn í huga. Hans bíður spennandi vinna, góð laun og stuttur vinnutími. Hennar sérhæft framhaldsnám sem okkar litlu háskólar hafa ekki burði til að bjóða sjálfir. Saman fá þau nú nýjar götur til að mæla, vini til að bæta í safnið, perlur til að uppgötva og vonandi bara örfáar hindranir til að sigrast á.

**UM** daginn var ég að hlusta á einhvern þjóðmálaþáttinn í útvarpinu. Inn hringdi kona, stórhneyksluð á öllu því fé sem okkur Íslendingum dytti í hug að senda til Haítí, í kjölfar hörmunganna þar. Hvort okkur bæri nú ekki meiri skylda til að styðja við aumingja „flóttafólkið“ okkar, sem neyðist til að flýja land vegna ástandsins?

**MÁGKONA** mín og svili tilheyra að vísu ekki flóttahópnum, enda bæði í góðum störfum hérna heima þegar þau tóku ákvörðun um að fara. En hvað svo sem rekur fólk héðan er það móðgun við raunverulegt flóttafólk að líkja aðstæðum okkar við neyð þeirra. Upp til hópa er því fólki sem fer ekki nokkur vorkunn. Á meðan lægðin liggur yfir eigum við að þakka fyrir að eiga þess kost að komast í burtu og máta okkur við önnur lönd, í stað þess að svamla öll saman í súru súpunni og bíða eftir betri tíð.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 2. mars 2010**

### Tónleikar

**20.00** Tónleikar í **Listasal Mosfellsbæjar**, Kjarna við Þverholt. Fram koma: **Hulda Björk Garðarsdóttir** sópran, **Sesselja Kristjánsdóttir** messósópran, **Davíð Ólafsson**, bassi og Chalumeaux-tríóið. Á efnisskránni verða lög úr Brúðkaupi Fígarós og Cosi fan tutte eftir Wolfgang Amadeus Mozart og óperunni La grotta di Trofonio eftir Antonio Salieri.

**20.30** **Lúðrasveit Reykjavíkur** flytur latínskotna og sveiflukennda efnisskrá á tónleikum sem verða haldnir í Neskirkju.

### Sýningar

Í **Hallgrímskirkju** hefur verið opnuð sýning á verkum **Gunnars S. Magnússonar**. Opið alla daga kl. 9-17.

### Námskeið

**20.15** Námskeiðið **Náttúruperlan Vatnajökulsþjóðgarður: Snæfell og Eyjabakkar,** hefst hjá Endurmenntun HÍ að Dunhaga 7. Skráning og frekari upplýsingar á www.endurmenntun.is.

### Afþreying

**Rauðakrosshúsið** að Borgartún 25 býður upp á fjölbreytta dagskrá með fræðslu, ráðgjöf og frístundarnámskeiðum. Nánari upplýsingar og dagskrá www.raudakrosshusid.is.

### Kvikmyndir

**20.00** **Kvikmyndasafn Íslands** sýnir mynd Markku Pölönen **Draumalandið**, („Onnen Maa") frá árinu 1999. Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Enskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.



**20.00** **Eysteinn Guðni Guðnason** frumsýnir heimildarmynd sína, Hringurinn II á húsvegg á móti á Laugavegi 159 (á milli Hlemms og Fíladelfíu). Allir velkomnir.

### Félagsstarf

**20.00** Leshópur **Félags eldri borgara í Kópavogi** efnir til kynningar á íslenzkum rímnaháttum og kvæðalögum í félagsheimilinu **Gullsmára 13**. Allir velkomnir. Enginn aðgangseyrir.

### Fyrirlestrar

**12.00** **Rachael Lorna Johnstone** flytur erindi um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi á krepputímum. Fyrirlesturinn fer fram hjá Háskólanum á Akureyri, Sólborg v. Norðurslóð (L201).

**12.05** **Hrefna Róbertsdóttir** flytur erindi um hvernig líta megi á landshagi og samfélagsmál á átjándu öld með hliðsjón af sautjándu og nítjándu öld. Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

### Dagskrá



**13.30** Í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu 15 verður dagskrá tileinkuð skáldinu og fræðimanninum **Jóni Helgasyni**. Umsjón dagskrárinnar er í höndum **Guðrúnar Ásmundsdóttur**. Allir velkomnir og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.thjodmenning.is.


d:fi
POWER VIKA
1.–5. MARS
Þú kaupir eina d:struct 150g og færð eina 75g frítt með. Fæst á næstu hársnyrtistofu




frítt

# Súpertríó leikur á Listahátíð

Dagskrá Listahátíðar í Reykjavík er nú óðum að skýrast, en í ár er haldið upp á fertugsafmæli hátíðarinnar. Í gær var byrjað að selja miða á tónleika hins heimskunna norska píanóleikara Leif Ove Andsnes, sem kemur fram ásamt þýsku systkinunum Christian Tetzlaff fiðluleikara og Tanja Tetzlaff sellóleikara. Tónleikarnir fara fram í Háskólabíói 13. maí.

Á tónleikunum hér sameinar þetta súpertríó krafta sína í rómantískri og tilfinningaríkri efnisskrá, sem er tileinkuð Robert Schumann. Í ár eru 200 ár liðin frá fæðingu hans. Á efnisskránni eru Fantasiestücke ópus 88 og Píanótríó nr. 3 í g moll ópus 110 eftir Robert Schumann, en auk verka Schumanns leika systkinin hvort í sínu lagi með Andsnes, Ævintýramyndir fyrir selló og píanó eftir tékkneska tónskáldið Leos Janácek og Sónatínu fyrir fiðlu og píanó í G dúr ópus 100 eftir Antonín Dvorák.



**LEIF OVE OG TETZLAFF-SYSTKININ** Leika í Reykjavík 13. maí.

Leif Ove Andsnes er nú á tónleikaferð um Evrópu, Japan og Kóreu en leikur þessa efnisskrá með Tetzlaff-systkinunum í Wigmore Hall í Lundúnum áður en þau koma hingað. Leif Ove Andsnes lék síðast á Íslandi árið 1993. Hann lék þá píanókonsert Griegs á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Þá var hann 23 ára. Næstkomandi laugardag kl. 13.50 sýnir Sjónvarpið heimildarmynd sem Leif Ove Andsnes gerði með norska sjónvarpinu NRK um Grieg.

# Veður í Fókus

**Í gær var ljósmyndasýningin Veður í Fókus opnuð í anddyri Norræna hússins. Hér er á ferðinni samsýning félaga í Fókus, sem er félag áhugaljósmyndara. Sýndar eru 32 ljósmyndir stækkaðar á álplötur.**

**Allar myndirnar eru teknar á Íslandi og gefa áhorfandanum innsýn í þann mikla fjölbreytileika sem íslensk veðrátta býður upp á. Á myndunum gefur meðal annars að líta náttúru, mannvirki, fólk og skepnur í samspili við ýmis blæbrigði veðráttunnar. Norræna húsið er opið fyrir almenning alla daga frá kl. 12 til 17 og sýningin stendur til 15. mars.**


Við erum flutt á Skútuvog 1






Dæmi um verð:

```
Canon Pixma.........1.390    HP 2612A...........10.500    Xerox Phaser 6180..31.900
Epson Photosmart......990    HP 7553X...........14.400    Lexmark 640........34.900
Brother 900/1000....1.190    HP 6000-6004.......13.200    Dell 5100 BCMY.....14.300
                             HP 4191-4194.......18.300    Dell 5110 BCMY.....24.400
```

Ódýr blek- og dufthylki í flestar gerðir prentara







Prentvörur.is
Skútuvogi 1, 104 Reykjavík, Sími 553 4000 prentvorur@prentvorur.is

## > TREYSTIR EKKI STELPUM

Leikkonan Megan Fox gerir sér grein fyrir því að samkeppnin er hörð í kvikmyndabransanum og stelpur séu verstar hvað það varðar. „Ég treysti ekki fólki í bransanum, sérstaklega ekki stelpum. Það er gríðarlega mikil samkeppni í gangi sem ég hef engan áhuga á að taka þátt í,“ sagði Fox.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Crusie og Holmes undirbúa getnað

Bandaríska leikkonan Katie Holmes er nú sögð vera að undirbúa sig andlega undir getnað. Bandaríska dagblaðið New York Post greinir frá því að Holmes hafi sótt námskeið hjá Vísindakirkjunni sem eiga að hjálpa fylgismönnum hennar að búa sig undir komu nýrrar manneskju í heiminn. Samkvæmt New York Post eru námskeið af þessu tagi alls fjórir tímar í senn og er þar farið í gegnum skoðanir kirkjunnar á því hvernig haga skuli fæðingu, hvernig viðkomandi getur undirbúið sig sem best undir barnsburð og svona mætti lengi telja.

New York Post greinir jafnframt frá því að það sé ekkert leyndarmál að Tom Cruise þrái annað barn en saman eiga þau Holmes hina þriggja ára gömlu Suri.

Samkvæmt blaðinu undirgekkst Holmes svipaða meðferð þegar hún og Cruise „ákváðu“ að eignast sitt fyrsta barn. Vísindakirkjan þykir nokkuð sérkennilegur söfnuður, meira að segja í Bandaríkjunum, en starfsemi hennar hefur verið bönnuð í mörgum Evrópuríkjum enda telja margir hana ekkert annað en risastóra svikamyllu.

Samkvæmt New York Post hefur Katie nú farið í gegnum hreinsunareld Vísindakirkjunnar en það fólst meðal annars í umfangsmikilli detox-aðgerð þar sem leikkonan var látin borða alls kyns vítamín og eyddi mörgum klukkustundum í sérstakri gufu.



**UNDIRBÚNINGSTÍMABILIÐ HAFIÐ** Katie Holmes og Tom Cruise eru byrjuð að undirbúa sig fyrir getnað hjá Vísindakirkjunni. NORDICPHOTOS/GETTY

# Fjögur leikrit í kassa

Safnkassi kemur út í dag með fjórum vinsælum leikritum eftir Norðmanninn Thorbjörn Egner. Leikritin eru Kardimommubærinn, Karíus og Baktus, Dýrin í Hálsaskógi og Síglaðir söngvarar. Plöturnar innihalda gömlu, góðu upptökurnar sem flestir ættu að kannast við og notið hafa mikilla vinsælda í gegnum árin. Ætla má að þessar fjórar plötur hafi samtals selst í rúmlega hundrað þúsund eintökum og eru Kardimommubærinn og Dýrin í Hálsaskógi með mest seldu plötum Íslands.


KRIYA YOGA

**KYNNINGARFYRIRLESTUR UM KRIYA YOGA**
Swami Mangalananda heldur fyrirlestur **5. mars**
í Yogastöðinni Heilsubót , Síðumúla 15, 3 h.tv. kl: 20.00.
Allir eru velkomnir. Frítt inn.

**NÁMSKEIÐ**
**6. - 7. mars** verður haldið námskeið þar sem Kriya Yoga-tæknin er kennd. Námskeiðið fer fram í Yogastöðinni Heilsubót, Síðumúla 15. Þetta er tækifæri sem áhugafólk um Yoga og andleg fræði vill ekki missa af.

Nánari upplýsingar: 691 8565 (Guðmundur), 897 9937 (Bjarni)









**ÁSTFANGIN** Söngkonan Nicole Scherzinger og Lewis Hamilton ætla að fylgja stífum reglum í ástarsambandi sínu. NORDICHOTOS/GETTY

# Fylgja stífum ástarreglum

**Þokkagyðjan Nicole Scherzinger og ökuþórinn Lewis Hamilton ætla að fylgja stífum reglum í ástarsambandi sínu. Þau byrjuðu aftur saman fyrir skömmu eftir að hafa hætt saman í janúar.**

Hinir fjölmörgu aðdáendur hinnar kynþokkafullu Nicole og hins smáa en knáa Lewis voru í sárum eftir tíðindin um að slitnað hefði upp úr tveggja ára sambandi þeirra, enda þykja þau sérlega krúttlegt par. Ástæðan sem þau gáfu fyrir sambandsslitunum var stíf dagskrá þeirra beggja og sögðust þau engan tíma hafa lengur hvort fyrir annað. Hin 31 árs Scherzinger er söngkona hinnar vinsælu stúlknasveitar Pussycat Dolls og hinn 25 ára Hamilton er einn færasti ökuþór heimsins í Formúlu 1-kappakstrinum.

Núna hefur Nicole sett á blað fjöldann allan af reglum sem þau þurfa að fylgja eigi sambandið að ganga upp í framtíðinni. Hamilton virðist vera á sama máli og ætlar að reyna hvað hann getur til að fylgja reglunum eftir. „Ástæðan fyrir því að þau hættu saman var sú að þau eyddu eiginlega engum tíma saman. En hið mikilvæga er að þau hættu aldrei að vera ástfangin hvort af öðru,“ sagði vinkona Nicole. „Eftir að þau höfðu talað saman í miklum trúnaði og á hjartnæman hátt rétt fyrir Valentínusardag ákváðu þau að gefa sambandinu eitt tækifæri í viðbót,“ sagði vinkonan og bætti við: „Eftir að hafa lagt fram stífar reglur um sambandið var Nicole sammála því að það þyrfti meiri rómantík í sambandið. Þeim fannst einnig góð hugmynd að hætta að lesa sögur í slúðurblöðunum um hvort annað.“

Nýlega var uppi orðrómur um að brúðkaup væri hugsanlega í vændum eftir að Nicole sagði búðarkonu að hún þyrfti á brúðarkjól að halda á þessu ári. Hvort þessar fregnir séu á rökum reistar verður aftur á móti að liggja á milli hluta. Fyrst þurfa þau væntanlega að láta reyna enn betur á sambandið og gefa því smá tíma áður en þau ganga upp að altarinu.




# Íslenskur bjór seldur í Kanada

„Ég er bara þokkalega kátur en er alveg með báða fætur á jörðinni samt,“ segir Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar.

Fyrirtækið setur á næstunni bjórinn Egils Gull á markað í Manitoba-ríki í Kanada í samvinnu við kanadíska fyrirtækið Fitumi Trading. Einnig er líklegt að bjórinn verði síðar meir seldur í Ontario-ríki í Kanada. Á báðum þessum stöðum er ríkissala eins og hér á landi og því frekar einfalt að ná þar góðri dreifingu.

Að sögn Andra er stílað inn á Íslendingahefðina sem er ríkjandi í Manitoba. Auk þess eru íbúar Ontario sagðir sérlega móttækilegir fyrir nýjum bjórtegundum. „Alheimsbjórar hafa tekið svolítinn skerf af markaðnum þar, þannig að það er alltaf svolítil spenna fyrir nýjum bjór.“

Andri veit ekki betur en að Egils Gull sé fyrsti íslenski bjórinn sem verður seldur í Kanada. „Eitt af því sem við höfum fram að færa er að þetta er mjög umhverfisvænn bjór. Okkar brugghús er, að við teljum, með umhverfisvænustu brugghúsum í heimi.

Allur varmi sem verður til við ölsuðuna og gerjunina er notaður til að bræða snjó á planinu. Allt hrapið sem fellur til af bygginu er notað í svínafóður og kolsýran sem annars myndi gufa upp og fara í andrúmsloftið er sett í tank og notuð í gosið okkar,“ segir hann.

Kevin Kelly hjá Fitumi Trading Co. er hæstánægur með samstarfið við Ölgerðina. „Það er von okkar að þetta sé aðeins byrjunin og við viljum gjarnan leggja okkur fram um að kynna fleiri fyrsta flokks íslenskar vörur fyrir kanadískum neytendum,“ sagði hann. **- fb**



**ÁNÆGÐIR MEÐ SAMNINGINN** Alan Bones, sendiherra Kanada á Íslandi, í Ölgerðinni ásamt forstjóranum, Andra Þór Guðmundssyni.




~~14.990,-~~ **7.990,-**




~~4.980,-~~ **2.490,-**






# Matardagur í dag

## á Bókamarkaðnum!

Opið alla daga frá kl. 10-18.




~~3.990,-~~ **1.995,-**




~~3.900,-~~ **1.990,-**




~~9.980,-~~ **4.990,-**




~~3.990,-~~ **1.990,-**




~~4.990,-~~ **1.990,-**



~~5.490,-~~ **2.490,-**




~~2.990,-~~ **990,-**




~~3.490,-~~ **1.990,-**



~~2.990,-~~ **990,-**



~~2.990,-~~ **890,-**



~~4.980,-~~ **2.490,-**



~~4.480,-~~ **1.990,-**

**Verðið er ótrúlegt** **Gríptu tækifærið! Fylltu eldhúsið af bókum!**

DYNAMO REYKJAVÍK




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| THE REBOUND | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| THE REBOUND VIP | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| BROTHERS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 8 - 10:30 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| THE WOLFMAN VIP | kl. 5:50 | VIP |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 8 | 16 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 10:30 | L |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:50 3D | L |
| AN EDUCATION | kl. 5:50 | L |
| UP IN THE AIR | kl. 5:50 | 7 |
| BJARNFREÐARSON | kl. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5:10 - 8 - 10:50 | 16 |
| THE REBOUND | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| INVICTUS | kl. 8 | L |
| BROTHERS | kl. 10:40 | 12 |
| VALENTINE 'S DAY | kl. 5:30D | L |
| MAYBE I SHOULD HAVE | kl. 6D Síðustu sýningar | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| VALENTINE 'S DAY | kl 8 | 12 |
| BROTHERS | kl 10:20 | 12 |
| THE BOOK OF ELI | kl. 8 | 16 |
| SHERLOCK HOLMES | kl. 10:20 | 12 |
| TOY STORY 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 3D | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D OG BEINAR ÚTSENDINGAR

NÝTT Í BÍÓ!




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 5 - 8 - 11 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 3.30 - 6.30 - 9.30 LÚXUS | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 - 8 | 10 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.30 | 16 |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM 3D | kl. 3.40 ísl.tal | L |
| AVATAR 3D | kl. 6 - 9.15 | 10 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 3.30 íslenskt tal | L |

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| PRECIOUS | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| LEAP YEAR | kl. 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 5 - 8 - 11 | 14 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.35 | 12 |
| AVATAR 3D | kl. 5 | 10 |
| MAMMA GÓGÓ | kl. 6 | L |

facebook.com/smarabio
AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 6 - 9 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |

ATH: Tilboðin eiga ekki við um Borgarbíó

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| LEAP YEAR | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 6 - 9 | 14 |
| THE LIGHTNING THIEF | kl. 5.30 | 10 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| NIKULÁS LITLI | kl. 6 | L |
| THE WOLFMAN | kl. 8 - 10.20 | 16 |

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




| LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SHUTTER ISLAND | kl. 7 og 10 | 16 |
| LOFTKASTALINN SEM HRUNDI | kl. 7 og 10 | 14 |
| EDGE OF DARKNESS | kl. 10.20 | 16 |
| IT'S COMPLICATED | kl. 5.40 og 8 | 12 |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 2 | kl. 5 - Ísl. tal | L |
| SKÝJAÐ MEÐ KJÖTBOLLUM... | kl. 5 - Ísl. tal | L |


# Hver er þjófur í raun?

Leiklist ★★★★★

**Hænuungarnir**

eftir Braga Ólafsson

**Leikarar:** Eggert Þorleifsson, Ragnheiður Steindórsdóttir, Kristbjörg Kjeld, Pálmi Gestsson, Friðrik Friðriksson, Vigdís Hrefna Pálsdóttir. **Leikmynd:** Börkur Jónsson **Búningar:** Ríkey Kristjánsdóttir **Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson **Leikstjóri:** Stefán Jónsson



**ÚR HÆNUUNGUM BRAGA ÓLAFSSONAR** „Bragi Ólafsson kann svo sannarlega að leika sér að orðum eins og um jazzspuna sé að ræða," segir Elísabet Brekkan í gagnrýni sinni á Hænuungana.

Það var glatt á hjalla í Kassa Þjóðleikhússins á laugardagskvöldið. Eggert Þorleifsson í hlutverki Sigurhans, frystikistueiganda í Hlíðunum, og Ragnheiður Steindórsdóttir í hlutverki Olgu, eiginkonu hans, buðu okkur með á húsfund þar sem við fengum að kynnast skrautlegum nágrönnum þeirra. Bragi Ólafsson sagði í viðtali sama dag að hann ætti nú ekki nema 60% af textanum, hópurinn og leikstjórinn stæðu fyrir restinni. Það er alveg sama hver á hvaða prósentu af þessum texta, hann gekk upp. Orðin fléttuðust saman í slíkan kímnisvef að hláturbylgjurnar liðuðust um húsið, og þó svo að nokkur kyrrstaða væri í fyrripartinum þá snerust hjólin nú heldur betur í þeim seinni. Nágrannar Olgu og Sigurhans, feðgarnir Carl og Anastasias, eru fyrirvaralaust boðaðir á húsfund. Pálmi Gestsson leikur síðhærðan miðaldra heiðarlegan mann sem á sér enga ósk æðri en að fá bara að vera í friði, og er afskaplega ánægður með nýja flatskjáinn sinn þrátt fyrir að það séu 35 afborganir eftir. Carl er 29 ára, býr hjá föður sínum, starfar á trésmíðaverkstæði og má ekki vamm sitt vita. Friðrik Friðriksson fer með hlutverk hans og er sannfærandi sem þessi friðsami ungi maður. Pálmi er eins og blanda af stóískum indjánahöfðingja og uppgjafarhippa. Einhvern veginn tekst honum að gera sig stærri en hann í raun er og það er þessi klunnalega stærð sem hann leikur á um leið og barnsleg einlægni fylgir hverju orði sem fram af vörum hans hrýtur. Flottur leikur. Hér er handbragð leikstjórans svo sannarlega merkjanlegt og öll tímasetning með afbrigðum góð.

Ragnheiði Steindórsdóttur tekst vel í túlkun sinni á Olgu að koma því til skila hvern mann hún hefur að geyma, hvernig er að búa með manni með söfnunaráráttu og kannski aðrar fíknir.

Elín er fullorðin kona sem er aðeins farin að kalka, yfirfull af eigin hugmyndum og talar út í eitt. Kristbjörg Kjeld dillar sér í þessu frábæra hlutverki þar sem hún ekki aðeins leikur fantavel heldur er búningur hennar einnig svo ótrúlega vel við hæfi. Ríkey Kristjánsdóttir sér um búningana og þeir eru hreint frábærir. Vigdís Hrefna Pálsdóttir leikur unga stúlku sem er vel undir áhrifum ankannalegra lyfja. Vigdís bregður upp góðri mynd af mátulegu kæruleysi þessarar stúlku sem kemur til þess að taka til í íbúð nýlátins föður á efri hæðinni í þessu húsi sem stendur nær fullbyggt á sviðinu. Ætli flestir hafi ekki fundið hjá sér hvöt til þess að snerta myndina, svo raunveruleg var hún um leið og skopstælingin með opnum götum inn í tvær íbúðir var svo skýr. Lýsingin var góð. Börkur Jónsson á heiðurinn af þessari heillandi mynd þar sem hjónin Sigurhans og eiginkonan Olga búa í heldur hversdagslegu umhverfi, hann safnar jazzplötum og kannski er svar hennar við þeirri geggjun að hún safnar kaktusum. Það er ansi stór lekablettur í einu horni loftsins fyrir svo utan að sjónvarpið er eldgamalt, þannig að þau virðast hafa önnur áhugamál en innréttingar.

Sigurhans boðar til húsfundar þar sem hann heldur að feðgarnir í næstu íbúð hafi stolið kjúklingum úr frystikistu þeirra hjóna sem stendur niðri í kjallara í einhverri sameign. Í næstu íbúð sem við einnig fáum að sjá inn í búa svo feðgarnir. Hjá þeim er flatskjár og leðursófi. Að öðru leyti virðast þeir ekki leyfa sér margt. Þetta er sagan um Sigurhans sem veður fram úr sjálfum sér og hinar persónurnar verða eins og myndskreytingar í sögunni hans. Eggert er stjarna kvöldsins. Sigurhans sýpur rauðvín og diggar jazz milli þess sem hann bullar og missir einbeitinguna í fundamálinu eftir því sem hann drekkur meira. Oft hefur nú Eggerti tekist að kitla hláturtaugar áhorfenda sinna en núna var það meira en kitl. Þótt hér sé verið að fjalla um ákveðið siðferði, þá er enginn vísifingur á lofti né heldur hrun eða krepputal sem er mikill léttir fyrir áhorfendur sem eru farnir að þrá bara venjulega plötuþjófa. Sigurhans ásakar aðra um þjófnað en er ekki svo sterkur á svellinu sjálfur því hann verður þjófsnautur.

Þetta er skemmtileg og áheyrileg hnökralaus sýning, aðeins eitt atriði sem sló út trúverðugleikann eða stakk í stúf við heildina og það er þegar brotist er inn til feðganna, faðirinn fær fyrir hjartað og fjórar fullorðnar persónur missa rænuna. Það kunna allir neyðarnúmerið, þannig að þessi hópgleymska í paníkinni þegar enginn man símanúmerið verður svolítið klúðursleg. Á meðan situr Sigurhans í sinni íbúð og fær að vita að plöturnar sem hann og félagar hans höfðu keypt væri þjófagóss, sem þyrfti að skila en hann velur engu síður að halda einni eftir.

Bragi Ólafsson kann svo sannarlega að leika sér að orðum eins og um jazzspuna sé að ræða fyrir svo utan að skýr afmörkuð persónusköpun gerir verkið heilsteypt. Framsögn og meðferð texta var til fyrirmyndar og það er svo sannarlega óhætt að hvetja fólk til þess að fara með stálpaða krakka og unglinga á þessa sýningu.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Skemmtileg og áheyrilega hnökralaus sýning.

# Ástríðan er enn til staðar í Hljómalind

Kaffi Hljómalind, sem þjónaði sem hálfgerð félagsmiðstöð fyrir fjölskyldufólk og ungmenni um árabil, hætti rekstri í október í fyrra. Ástæða þess var sú að Hljómalindarfólkið fékk ekki framlengdan leigusamninginn og missti því húsnæðið.

Helena Stefánsdóttir, einn eigenda Kaffi Hljómalindar, segir hópinn vera með augun opin fyrir hentugu húsnæði fyrir reksturinn. Hún segir hópinn jafnframt vera að leggja drög að reglugerð fyrir nýtt samvinnufélag sem mun reka kaffihúsið í framtíðinni. „Það eru alls konar plön í gangi. Hljómalind var eignarhaldsfyrirtæki en var rekið sem samvinnufélag, nú ætlum við að taka þetta alla leið og hafa þetta löglega sem samvinnufélag. Við viljum hafa fjölbreyttari rekstur þegar við opnum aftur því hópurinn sem að þessu stendur er svo fjölbreyttur og áhugamálin mörg," segir Helena.

Aðspurð segir hún samvinnufélög sem þetta hafa ákveðinn tilgang og í þessu tilfelli sé það að hafa uppbyggileg og skapandi áhrif á umhverfið. Hún segir hópinn ekki tilbúinn til að leigja hvaða húsnæði sem er því þau vilji hafa svigrúm fyrir aukinni starfsemi líkt og námskeiðahald og verkstæði. „Við höfum fengið margar fyrirspurnir frá gömlum viðskiptavinum sem vilja vita hvort Hljómalind verði ekki örugglega opnuð aftur. Það er gott að finna fyrir slíkum áhuga og stuðningi. Við erum rosalega varkár í allri ákvarðanatöku út af fyrri reynslu, en ástríðan er enn til staðar," segir Helena að lokum. **- sm**



**VARKÁR** Helena Stefánsdóttir, einn eigenda Kaffi Hljómalindar, segist vera með augun opin fyrir nýju húsnæði en vilji þó ekki taka hvaða tilboði sem er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Diddy kennir Monkeys

**P Diddy ætlar að kenna bresku hljómsveitinni Arctic Monkeys að rappa. Diddy og Monkeys kynntust á síðasta ári og síðan þá hafa þeir verið óaðskiljanlegir. Strákarnir eru á leiðinni til Bandaríkjanna á næstunni þar sem Diddy mun taka á móti þeim og kenna þeim leyndarmál rappheimsins. „Við tölum við hann að minnsta kosti þrisvar í viku. Við ætlum að hitta hann í Miami eftir nokkrar vikur," sagði trommarinn Matt Helders. Svo gæti farið að Diddy og Monkeys semji lag saman en það á eftir að koma betur í ljós.**



**P DIDDY** P Diddy ætlar að kenna bresku hljómsveitinni Arctic Monkeys að rappa.

LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is



+ Gildir til 7.3.2010

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 49491 02/10

## Lancome Hydra Zen Neurocalm

**LANCOME Hydra Zen Neurocalm**
Vinsælasta dagkremið frá Lancome. Kremið róar húðina og fyllir hana raka. Gelkrem fyrir þá sem vilja létta áferð, krem fyrir normal húð og krem fyrir þurra húð.

~~7.831 kr.~~
**6.265 kr.+**




## Clarins 24 stunda krem

**CLARINS 24 stunda krem**
Söluhæsta 24 stunda kremið frá Clarins. Ver húðina gegn kulda og stuðlar að rakajafnvægi.

~~7.769 kr.~~
**6.215 kr.+**




## Estée Lauder DayWear Plus

**ESTÉE LAUDER DayWear Plus**
Dagkremið sem færir húðinni raka og geislandi áferð og lit. Öflugur rakagjafi og andoxunarefni fyrirbyggja línur og hrukkur. 50 ml.

~~8.273 kr.~~
**6.618 kr.+**




## L´Oréal Hydrafresh

**L´ORÉAL Hydrafresh** er einstakt rakakrem með gelkennda áferð og smýgur hratt inn í húðina. Bæði fyrir þurra og viðkvæma húð og normal húð.

~~2.239 kr.~~
**1.790 kr.+**




## Sothys Hydroptimale og Noctuelle

**SOTHYS Hydroptimale & Noctuelle**
Hið frábæra dagkrem Hydroptimale comfort og Light day nú saman í fallegri gjafaöskju með Noctuelle næturkreminu

~~9.513 kr.~~
**8.086 kr.+**




## CLINIQUE Superdefence

**CLINIQUE Superdefence.** Mest selda rakakremið frá Clinique. Ofnæmisprófað og 100% ilmefnalaust.

~~7.519 kr.~~
**6.015 kr.+**




Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

## > Ingólfur bíður átekta

Ingólfur Sigurðsson, hinn ungi miðjumaður KR, kom heim á dögunum eftir vikudvöl hjá stórliði Arsenal. „Það gekk framar vonum," segir Ingólfur sem segist hafa skynjað að menn hefðu verið mjög ánægðir með sína frammistöðu ytra. Ingólfur er samningsbundinn KR og bíður nú rólegur eftir því hvert næsta skref verður en hann hefur ekki heyrt í Arsenal eftir að hann kom heim. Fleiri lið hafa sýnt honum áhuga og hann útilokar ekki að kíkja út til reynslu hjá öðrum liðum.



**sport**

sport@frettabladid.is

EINAR HÓLMGEIRSSON: FARINN AÐ ÆFA Á FULLU ÞÓTT HANN SÉ EKKI VERKJALAUS

# *Maður verður að læra að lifa með sársaukanum*

Stórskyttan Einar Hólmgeirsson hefur ekki spilað handboltaleik í tíu mánuði vegna þrálátra meiðsla á hné. Það sér þó fyrir endann á því enda hefur Einar núna æft með liði sínu, Grosswallstadt, í fjórar vikur og verið á bekknum í síðustu tveim leikjum.

„Þetta er allt að koma. Ég er samt ekki verkjalaus á æfingum og læknar telja reyndar að ég verði aldrei verkjalaus. Þetta er vissulega erfitt en ég verð að venjast þessu. Júlíus Jónasson sagði einu sinni við mig að maður verði að læra að lifa með sársaukanum. Ég held að þetta verði ekkert mikið betra en þetta, því miður," segir Einar en hann segir hnéð styrkjast jafnt og þétt.

Morgunblaðið greindi frá því á dögunum að Grosswallstadt hefði boðið Einari nýjan samning. „Það var eitthvert rugl í Mogganum og ég skildi ekki þá frétt. Þeir hafa sagt við mig að þeir ætli sér ekki að leita að öðrum leikmanni í minn stað. Þeir segjast fyrst ætla að sjá hvernig ég komi undan þessum meiðslum. Það hefur samt aldrei verið rætt um neinn samning," segir Einar og bætir við að hann muni lækka í launum.



„Það er alveg ljóst eftir það sem á undan er gengið að ég verð að taka á mig launalækkun. Ég ætla mér samt ekki að spila fyrir neina skiptimynt. Ég er viss um að ég fæ einhvern samning áfram hér úti en hversu góður hann verður er svo allt annað mál," segir Einar sem er ekki spenntur fyrir því að koma heim.

„Ég vil helst ekki þurfa að koma aftur til Íslands. Það er ekkert sérstaklega spennandi eins og staðan er í dag. Ég ætla að reyna að vera bjartsýnn, hugsa jákvætt, leggja mig fram og vona það besta. Tímabilið er ekki alveg búið þannig að ég get enn sýnt hvað í mér býr. Ég má ekki fara á taugum alveg strax."

Markmannsmálin hjá KR:

## Sá japanski út af borðinu

**FÓTBOLTI** Rúnar Kristinsson, yfirmaður knattspyrnumála hjá KR, segir að það sé í forgangi hjá félaginu að finna markvörð fyrir komandi tímabil.

Hinn japanski Akihiro Hayashi æfði með liðinu í desember. „Það mál gekk ekki upp og við erum búnir að slá það út af borðinu. Það styttist í mót svo við þurfum að fara að finna einhvern," segir Rúnar.

KR-ingar horfa eingöngu út fyrir landsteinana í leit að markverði en Þórður Ingason gekk í raðir liðsins í vetur og stendur nú í markinu. „Þórður hefur staðið sig vel og við förum hægt í þetta en við þurfum að bæta við öðrum markverði," segir Rúnar.

- egm



**ÁFRAM Í ÞÝSKALANDI** Vignir spilar líklega áfram í Þýskalandi. MYND/DIENER

Hræringar í handboltanum:

## Vignir gæti fylgt Aroni

**HANDBOLTI** „Ég er að skoða það sem er í boði og býst við að ganga frá mínum málum á næstu vikum," segir landsliðsmaðurinn Vignir Svavarsson. Hann er á leið frá Lemgo en býst fastlega við því að vera áfram í Þýskalandi.

Ef Aron Kristjánsson tekur við Hannover Burgdorf er ekki ólíklegt að Vignir fylgi honum þangað. Vignir játar því að það sé spennandi kostur.

„Það gæti verið möguleiki. Ég heyri alltaf í Aroni annað slagið og það hefur ekkert breyst þótt hann sé orðaður við Hannover," segir Vignir sem þekkir Aron vel.

„Það væri gaman fyrir hann að koma til Þýskalands að þjálfa. Eins og með leikmenn þá er það draumur allra í handboltanum að spreyta sig í þýsku deildinni. Ég er ekki í nokkrum vafa um að hann gæti staðið sig mjög vel sem þjálfari hérna."

- egm

# Það voru bæði plúsar og mínusar

**Stelpurnar okkar töpuðu öllum leikjum sínum í riðlakeppni Algarve Cup. Markmannsþjálfari frá Bandaríkjunum er með liðinu í Portúgal og fer vel yfir allt sem betur mætti fara hjá Guðbjörgu og Þóru.**

**FÓTBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið endaði í neðsta sæti í sínum riðli á Algarve Cup. Liðið tapaði öllum þremur leikjum sínum í riðlinum og leikur um sæti á morgun. Í gær tapaði Ísland 2-3 fyrir Noregi þar sem Margrét Lára Viðarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir skoruðu.

„Við höfum verið með tilraunastarfsemi á mótinu og vorum að prófa nýtt kerfi í þessum leik. Við spiluðum með tvo framherja. Þetta er vonandi eitthvað sem við getum þróað áfram því við þurfum fjölbreytni í sóknarleiknum," segir þjálfarinn, Sigurður Ragnar Eyjólfsson.

Bandaríkin vann riðilinn með fullt hús stiga eftir 2-0 sigur á Svíþjóð í gær. Sigurður segir að leikur Íslands og Noregs hafi ekki verið fallegur áhorfs.

„Völlurinn var í mjög slæmu ásigkomulagi. Hann var illa farinn, mjúkur og allur í leðju. Það var ekki mikið um færi, þetta var stöðubarátta og lítið um flott spil enda aðstæður erfiðar," segir Sigurður en öll mörkin í leiknum komu úr föstum leikatriðum.

„Mörkin sem við fengum á okkur eru atriði sem við verðum að fara betur yfir á æfingum. Yfirleitt hefur það verið styrkleiki hjá okkur að vera öflugar í föstum leikatriðum, bæði varnarlega og sóknarlega. Það var samt góð barátta í liðinu og leikmenn lögðu sig fram."

Mikið hefur verið hrært í liðinu á mótinu. „Við höfum getað gefið reynslulitlum leikmönnum tækifæri. Þær hafa fengið eldskírn gegn nokkrum af bestu liðum heims. Þær fá dýrmæta reynslu og sjá hvernig við undirbúum okkur fyrir landsleiki og nálgumst leikina. Það er gott því við þurfum meiri breidd."



**NOTUÐ SPARLEGA** Sigurður Ragnar hefur notað Margréti Láru sparlega á Algarve þar sem hún er ekki búin að jafna sig fullkomlega af meiðslum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Lára hefur spilað færri mínútur en oftast. „Hún er ekki orðin alveg heil af meiðslum sem hún hefur verið að glíma við. Þess vegna hef ég notað hana sparlega. Við áttum samt möguleika á að nota hana eitthvað á þessu móti og það er mjög gott. Sérstaklega þar sem ég var að prófa að spila með tvær frammi," segir Sigurður.

Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð í marki Íslands í gær eins og í fyrsta leiknum en Þóra B. Helgadóttir byrjaði síðasta leik. „Það hafa verið bæði plúsar og mínusar hjá þeim báðum. Þær hafa oft gripið vel inn í en líka gert sín mistök. Á heildina litið hafa þær staðið sig fínt en geta lagfært ýmislegt í sínum leik," segir Sigurður.

Nathan Kipp, markmannsþjálfari Chicago Red Stars í Bandaríkjunum, er með íslenska liðinu úti. „Hann hefur verið að vinna vel með Þóru og Guðbjörgu. Við höfum farið vel og ítarlega yfir leikina og klippt saman öll atvikin með markmönnunum og svo setjumst við niður með þeim. Farið er yfir allt sem betur mætti fara," segir Sigurður sem ákvað að hugsa út fyrir rammann í leit að markmannsþjálfara í ferðina og fékk gamlan félaga sinn.

„Guðmundur Hreiðarsson komst ekki vegna atvinnu sinnar. Ég ræddi við flesta markmannsþjálfara heima sem ég tel vera í landsliðsklassa. Enginn þeirra komst svo ég talaði við þennan þjálfara hjá Chicago Red Stars. Ég var með honum í háskóla í Bandaríkjunum og ég þekki hann vel. Hann var tilbúinn að koma í þetta verkefni og ég leit á þetta sem tækifæri fyrir markverðina okkar að fá nýtt sjónarhorn. Það hefur gengið mjög vel," segir Sigurður Ragnar.

elvargeir@frettabladid.is

Haukar missa þjálfarann sinn í sumar:

## Aron á leið til Hannover

**HANDBOLTI** Samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins mun Aron Kristjánsson, þjálfari Hauka, taka við þýska úrvalsdeildarliðinu Hannover Burgdorf í sumar. Með liðinu leikur Hannes Jón Jónsson.

Samningaviðræður eru langt komnar og verður að öllum líkindum skrifað undir samning á allra næstu dögum. Í síðasta lagi eftir næstu helgi.

Hannover er sem stendur í 14. sæti þýsku úrvalsdeildarinnar og mun að öllum líkindum sleppa við fall úr úrvalsdeildinni.

Missir Hauka verður mikill enda hefur Aron gert ótrúlega hluti með liðið síðan hann sneri heim frá Danmörku til þess að taka við Haukum. Hann er búinn að gera Hauka að Íslandsmeisturum bæði árin sem hann hefur stýrt liðinu og er á hraðleið með að gera Hauka aftur að Íslandsmeisturum.

Haukar urðu síðan bikarmeistarar í fyrsta skipti síðan 2002 um nýliðna helgi.

Þess utan eru Haukar deildarbikarmeistarar og því handhafar allra bikaranna í karlaflokki sem stendur.

Ekki náðist í Aron í gær til þess að bera tíðindin undir hann.

- hbg



**MISSIR FYRIR HAUKA** Skarð Arons Kristjánssonar hjá Haukum verður ekki svo auðveldlega fyllt enda hefur hann gert frábæra hluti í Hafnarfirðinum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




Enska landsliðið fékk góð tíðindi í gær fyrir vináttulandsleikinn á miðvikudag:

# Rooney verður klár í slaginn gegn Egyptum á morgun

**FÓTBOLTI** Wayne Rooney staðfesti það í gær að hann verði klár í slaginn þegar England mætir Egyptum í vináttulandsleik á morgun.

Rooney varð fyrir smá hnjaski á hné í úrslitum deildarbikarsins gegn Aston Villa á sunnudag. Fyrstu fréttir bentu síðan til þess að hann myndi ekki spila landsleikinn á morgun.

„Hnéð er í lagi. Ég fór í rannsókn og það er bara lítið mar. Ég verð klár í að spila,“ sagði Rooney við fréttamenn í gær.

Mikið hefur gengið á hjá enska landsliðinu síðustu vikur. Terry missti fyrirliðabandið vegna gjálífis og Wayne Bridge neitar að spila með landsliðinu út af John Terry. Rooney segir að þessi hasar hafi ekki truflað undirbúninginn.

„John er leiðtogi í þessu liði. Hann er kannski ekki með fyrirliðabandið en hann er samt frábær leikmaður og mikill leiðtogi,“ sagði Rooney. „Það hefur ekkert verið öðruvísi stemning í hópnum en venjulega fyrir þennan leik. John er frábær leikmaður sem hefur verið valinn í heimsliðið þrjú ár í röð. Það hefur enginn áhyggjur af hans leikformi.“

Rooney segir slæmt að missa Bridge. „Hann er líka frábær leikmaður og það er sérstaklega slæmt að missa hann þar sem Ashley Cole er meiddur. Hann hefði líklega tekið sætið hans í liðinu. Þetta er vissulega allt mjög óheppilegt en ákvörðunin er hans og hana ber að virða.“

Rooney tryggði United enn einn sigurinn um helgina er hann kom af bekknum og skoraði sigurmarkið gegn Aston Villa. Rooney segist hafa vitað nokkrum dögum áður að hann myndi ekki byrja leikinn.

„Ég var aðeins slæmur í maganum og stjórinn var að leita að afsökun til þess að taka mig úr liðinu. Þegar hann frétti af magaverkjunum var hann búinn að ákveða sig. Ég var að sjálfsögðu vonsvikinn en þetta var samt rétt ákvörðun hjá honum,“ sagði Rooney sem er búinn að skora 28 mörk fyrir United á þessari leiktíð. - hbg



**WAYNE ROONEY** Lætur smá hnjask ekki stöðva sig. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES


# ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

## ÍSLENSKUNÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST:

**8. MARS:**

ÍSLENSKA 1
Mán. mið. og fim.
kl. 19.00-20.30

ÍSLENSKA 2
Mán. mið. og fim.
kl. 11.30-13.30

ÍSLENSKA 3
Mán. mið. og fim.
kl. 09.00-11.00

**1. APRÍL:**

ÍSLENSKA 2
Mán. mið. og fim.
kl. 17.15-18.45

**29. APRÍL:**

ÍSLENSKA 1
Mán. mið. og fim.
kl. 09.00-11.00

- Reyndir kennarar
- Morgun- og kvöldnámskeið
- 3 stig, íslenska 1, 2 og 3
- Miðsvæðis
- Litlir hópar, hámark 12 manns
- Lifandi umhverfi

**SKRÁNING OG NÁNARI UPPLÝSINGAR:**
islenska@multi-kulti.org Sími: 692 8818

**Verð fyrir námskeið: 24.000 kr.**
Hvert námskeið er 60 kennslustundir

Námið er viðurkennt og styrkhæft sem starfs- og símenntun.

Múlti Kúlti
Ingólfsstræti 8, 101 Reykjavík, sími: 692 8818
islenska@multi-kulti.org www.multi-kulti.org

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




## Til hamingju með bikarinn, Framarar!

Sjóvá er aðalbakhjarl Fram og óskar félaginu til hamingju
með glæstan sigur kvennaliðsins í bikarúrslitunum í handbolta.

SJÓVÁ

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 10-0401

## > Jessica Simpson

„Það skiptir mig litlu máli fyrir hvað ég er fræg svo lengi sem það heldur áfram að færa mér hlutverk í myndum sem ég vil leika í og tækifæri til að syngja þá tónlist sem ég vil syngja."

***Simpson leikur í kvikmyndinni Employee of the Month sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KLEMENS ÓLAFUR KVEÐUR STEPHEN FRY Í BILI

# *Endurtekið efni og ekki*

Það er bara ekki hægt að hlusta á Rás 1 lengur, andvarpaði pabbi gamli um daginn. Hann er nýlega kominn á þann eðla stall í lífinu sem heitir eftirlaunaaldur og getur því gefið sér meiri tíma en áður til að njóta ýmissa gæða sem íslenskt samfélag hefur upp á að bjóða. Hann telur Rás 1 til þeirra.

„En þetta er allt meira og minna endurtekið efni, sennilega þrisvar sinnum boðið upp á hvern þátt," hélt hann áfram. Ofan í kaupið finnst honum dagskrárgerðin svo rýr að flesta fasta þætti þurfi alls ekki að endurtaka til að heyra tvisvar. Þeir séu alltaf eins.

En það eru fleiri en pabbi sem láta RÚV angra sig þessa dagana. Reyndum fjölmiðlamanni varð að orði um daginn að eftir að fréttastofur RÚV voru sameinaðar er svo komið að sama fréttin heyrist gjarnan á RÚV frá morgni til kvölds. Til lítils að horfa á kvöldfréttirnar eftir að hafa heyrt útvarpsfréttir. Þessi góði maður vildi meina ekkert minna en að þessi sameining hefði verið ein versta atlaga að íslenskri fjölmiðlun frá upphafi.

En hér stóð svo sem ekki til að nöldra um RÚV enn einu sinni og ekki skal orði eytt í Ólympíuleikana í Vancouver. Því enn komast góðir þættir í gegnum síu innkaupastjóranna í Efstaleiti og ágætt að minnast á þá líka. Í gærkvöldi lauk sex þátta ferðalagi hins breska Stephens Fry um Bandaríkin og verður hans saknað hér á bæ. Í síðasta þættinum var Fry í ágætis stuði. Hann heimsótti hinn breska iPod-hönnuð og skaut af Magnum-byssu eins og Clint Eastwood. Þá kíkti Fry í spilavíti og í kannabisverksmiðju, svo einhvers sé getið. Þetta eru ansi fínir þættir. En af hverju eru þeir ekki endurteknir?



## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **18.30 Seinfeld** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **20.10 Accidentally on Purpose** SKJÁR EINN



▶ **20.10 Læknamiðstöðin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.00 Bones** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.35 Útsvar** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Frumskógar Goggi** (20:26)
**17.52 Arthúr** (141:145)
**18.15 Skellibær** (22:26)
**18.25 Meistaradeildin í hestaíþróttum 2010**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**20.55 Leiðin á HM** (2:16) Upphitunarþættir fyrir HM í fótbolta sem hefst í Suður-Afríku 11. júní.
**21.25 Nóbelsverðlaunin 2009** (Nobelpriset 2009 - Fred och ekonomi) Sænskur þáttur um Nóbelsverðlaunahafana í hagfræði 2009, Oliver E. Williamson og Elinor Ostrom sem hlaut verðlaunin fyrst kvenna, og Barack Obama, forseta Bandaríkjanna, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Síðasti óvinurinn** (The Last Enemy) Bresk sakamálasyrpa í fimm þáttum. (5:5)
**23.15 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Fréttir** (e)
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Birdcage**
**10.00 Parenthood**
**12.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**14.00 The Birdcage**
**16.00 Parenthood**
▶**18.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**20.00 Employee of the Month**
**22.00 No Way Out**
**00.00 Ice Harvest**
**02.00 Cake: A Wedding Story**
**04.00 No Way Out**
**06.00 Paris, Texas**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Strumparnir, Stóra teiknimyndastundin og Bratz.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Einu sinni var** (1:22)
**10.55 Numbers** (3:23)
**11.45 Cold Case** (14:23)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Strictly Sinatra**
**14.40 Notes From the Underbelly**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Barnatími Stöðvar 2** Ofuröndin, Ben 10, Stóra teiknimyndastundin og Strumparnir.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons** (5:23)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (4:24) Sjötta þáttaröðin um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**19.45 How I Met Your Mother** (18:22)
**20.10 How I Met Your Mother** (2:24)
**20.35 Modern Family** (5:24) Gamanþáttur um líf þriggja ólíkra fjölskyldna.
▶**21.00 Bones** (4:22) Fimmta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með stórfum Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**21.45 Hung** (9:10) Gamansamur þáttur um Ray Drecker, skólaliðsþjálfara á fimmtugsaldri sem reynir fyrir sér á nýjum vettvangi og selur einmana konum blíðu sína.
**22.15 Entourage** (6:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincents og félaga í Hollywood.
**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Dirty Tricks**
**23.50 Fringe**
**00.35 Tell Me You Love Me** (7:10)
**01.30 Strictly Sinatra**
**03.05 The Marine**
**04.35 Bones** (4:22)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.30 Bestu leikirnir: Valur - KR 25.06.01** Það var búist við miklu af KR-ingum árið 2001 eftir að hafa unnið Íslandsmeistaratitilinn tvö ár í röð en liðið hafði byrjað tímabilið illa þegar kom að leiknum gegn Val á Hlíðarenda. Leikurinn var mikil skemmtun fyrir áhorfendur.
**18.00 Veitt með vinum: Fluguhnýtingar**
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Fréttaþáttur** Skyggnst á bak við tjöldin og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.
**19.00 Spænsku mörkin 2009-2010** Allir leikir umferðarinnar í spænska boltanum skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.00 L.A Lakers - Denver** Útsending frá leik í NBA körfuboltanum.
**22.00 PGA Tour Highlights** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA mótaröðinni í golfi. Öll mót ársins á PGA mótaröðinni krufin til mergjar.
**22.55 Aston Villa - Man. Utd.** Útsending frá leik í úrslitum enska deildabikarsins.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Chelsea - Man. City** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**19.00 Tottenham - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**20.40 Liverpool - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**22.20 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.
**23.15 Burnley - Portsmouth** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 7th Heaven** (10:22)
**16.50 Dr. Phil**
**17.35 Food & Fun** (e)
**18.35 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)
**19.05 What I Like About You** (13:18)
**19.30 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.
**19.45 King of Queens** (19:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.
▶**20.10 Accidentally on Purpose** (6:18) Bandarísk gamanþáttaröð um konu á besta aldri sem verður ólétt eftir einnar nætur kynni með ungum fola. Billie og Zack lenda í sínu fyrsta rifrildi eftir að hann reynir að koma henni á óvart.
**20.35 Innlit/ útlit** (6:10) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Katrín Fjeldsted kemur víða við.
**21.05 Nýtt útlit - NÝTT** (1:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata.
**21.55 The Good Wife** (8:23) Bandarísk þáttaröð um konu sem snýr aftur til starfa sem lögfræðingur eftir að eiginmaður hennar lendir í kynlífshneyksli og er dæmdur í fangelsi fyrir spillingu í opinberu starfi.
**22.45 The Jay Leno Show**
**23.30 CSI. New York** (25:25) (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.35 The Good Wife** (8:23) (e)
**01.25 King of Queens** (19:25) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Yngvi Örn Kristinsson um þjóðarbúskapinn, viku fyrir þjóðaratkvæði
**21.00 Græðlingur** Gurrý leiðir okkur í allan sannleika um tækifæri sem bjóðast í Landbúnaðarháskóla Íslands.
**21.30 Tryggvi Þór á Alþingi** Jón Gunnarsson og Ólöf Nordal ræða um framkvæmdamöguleika.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





# Yfirburðir Fréttablaðsins aldrei meiri!

Fréttablaðið er með **212%** meiri lestur en Morgunblaðið.

Munur á lestri Fréttablaðsins og Morgunblaðsins hefur aldrei verið meiri eins og nýjasta könnun Capacent Gallup sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðil.




Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.

**Allt sem þú þarft...**

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.10

### How I Met Your Mother



Í þessari fjórðu seríu af gamanþáttunum How I Met Your Mother fáum við að kynnast enn betur vinunum Barney, Ted, Marshall, Lily og Robin og um leið komumst við nær sannleikanum um hvernig sögumaðurinn Ted kynnist móður barnanna sinna og hver hún í raun er.

Þess ber að geta að á undan þættinum, kl. 19.45, endursýnir Stöð 2 eldri þátt líkt og önnur mánudags- til fimmtudagskvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Nýtt útlit - NÝTT**

### Skjár einn kl. 21.05



Í kvöld hefst ný þáttaröð af lífsstílsþættinum Nýtt útlit þar sem hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen aðstoðar fólk við að líta betur út. Í nýju þáttaröðinni verða það þekktir einstaklingar sem fá aðstoð hjá Karli en í fyrsta þættinum í kvöld verða rifjuð upp eftirminnileg atvik frá fyrri þáttum.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Söngfuglar
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Flakk
**14.03** Tónar að nóni
**15.03** Útvarpssagan: Brúin á Drinu
**15.25** Þriðjudagsdjass
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.05** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Í heyranda hljóði
**21.20** Tríó
**22.10** Lestur Passíusálma
**22.20** Fimm fjórðu
**23.10** Sumar raddir
**00.05** Næturtónar

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 91,9** Kaninn
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 102,2** Útvarp Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Ally McBeal** (19:23) Nú er komið að John að takast á við Larry í réttarsalnum. Einnig kemur að því að Ling verður ástfangin en hún á erfitt með að viðurkenna það.

▶ **18.30 Seinfeld** (6:24) Á meðan Kramer kemur gömlu sviðsmyndinni úr spjallþáttum Mervs Griffin fyrir í íbúðinni sinni leggur Jerry á ráðin um að komast yfir gömul gull sem eru falin í fataskápnum hjá vinkonu hans.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Ally McBeal** (19:23)

**20.30 Seinfeld** (6:24)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

**21.50 American Idol** (13:43) Níunda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþáttar. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

**23.10 American Idol** (14:43)

**00.35 American Idol** (15:43)

**01.20 Sjáðu** Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum, hvaða myndir eru að koma út og hverjar aðalstjörnurnar eru. Ómissandi þáttur fyrir alla kvikmyndaáhugamenn.

**01.45 Fréttir Stöðvar 2**

**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.25** The Green Green Grass **12.55** My Hero **13.25** New Tricks **14.15** New Tricks **15.05** Extras **15.35** Dalziel and Pascoe **16.25** Waterloo Road **17.15** EastEnders **17.45** The Weakest Link **18.30** Extras **19.00** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **19.30** Spooks **20.20** New Tricks **21.10** Two Pints of Lager and a Packet of Crisps **21.40** Only Fools and Horses **22.30** The Green Green Grass **23.00** My Hero **23.30** New Tricks

## DR 1

**12.00** Aftenshowet 2. del **12.30** Seinfeld **12.50** Rygepauser **13.00** Det sode liv **13.30** Onskehaven **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.05** Family Guy **15.30** Dragejægerne **15.55** Chiro **16.05** Ni-Hao Kai Lan **16.30** Lille Nord **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen **19.30** Spise med Price **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Wallander **22.30** Det Nye Talkshow med Anders Lund Madsen **23.05** Dodens detektiver **23.25** Boogie Mix

## NRK 1

**12.10** Urix **12.30** Den gronne heisen **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** Derrick **16.00** NRK nyheter **16.10** Herskapelige gjensyn **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Forkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Ut i naturen. Magasin **19.15** Bygdeliv **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Brennpunkt **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** De andres liv

## SVT 1

**12.05** Räddningspatrullen **13.40** I lapplandsbjörnens rike **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mästarnas mästare **20.00** Åh, Herregud! **20.30** Teatersupén **21.00** Den goda kapitalisten **21.55** Molinska skrönor **22.50** Gud i Gorlose **23.50** Being Julia




## SJÓNVARPSÞÁTTURINN



*„Ég hef verið að horfa á Dog the Bounty Hunter og Eastbound & Down. Dog the Bounty Hunter er ógeðslega steikt, amerískt og fyndið raunveruleikasjónvarp og Eastbound & Down eru einhverjir bestu grínþættir sem ég hef séð.“*

Diddi Fel rappari.

# Skylda grínista að gera grín að Íslandi

„Hann missteig sig ansi hressilega þarna ef hann lítur á það sem hlutverk sitt að segja grínistum að hverju má gera grín að og að hverju ekki,“ segir Davíð Þór Jónsson, guðfræðingur og grínisti. Hann er undrandi á ummælum landbúnaðarráðherrans Jóns Bjarnasonar um auglýsingu Símans en Jón sagði símafyrirtækið gera lítið úr hefðbundnum íslenskum þjóðlegum afurðum. „Nokkrir karlmenn, í lopapeysum þó, eru látnir fúlsa við íslenskum þorramat eins og um hvert annað ómeti sé að ræða,“ sagði Jón við setningu Búnaðarþings á laugardaginn.

Davíð segir það nánast heilaga skyldu íslenskra grínista að gera grín að íslensku samfélagi og íslenskum hefðum en vill ekki ganga svo langt að segja landbúnaðarráðherrann húmorslausan. „Nei, ég held að brandarinn hafi farið eitthvað öfugt ofan í landbúnaðarráðherrann, mín reynsla er sú að stjórnmálamenn leyni oft á sér en hann hefur örugglega bara verið að reyna að skora ódýr stig hjá markhópnum,“ segir Davíð.

Ari Eldjárn hjá grínhópnum Mið-Íslandi á erfitt með að skilja af hverju landbúnaðarráðherra sé að tjá sig um svona. „En á landbúnaðarráðherra ekki einmitt að vera svona? Þýðir þetta ekki að tvær stéttir eru að standa sig ansi vel; grínistar að gera grín að íslenskum hefðum og svo landbúnaðarráðherra sem er reiðubúinn til að verja landbúnaðarvörur með kjafti og klóm. Ég held að ráðamenn megi bara taka landbúnaðarráðherrann til fyrirmyndar.“ - fgg



**MISSTEIG SIG HRAPALLEGA** **Davíð Þór** segir **Jón Bjarnason** hafa misstigið sig ansi hressilega með ummælum sínum. **Ari Eldjárn** á erfitt með að skilja af hverju landbúnaðarráðherra sé að tjá sig um svona mál.

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT** 2. harla, **6.** eftir hádegi, **8.** skordýr, **9.** skammstöfun, **11.** tveir eins, **12.** logi, **14.** snjáldur, **16.** hvað, **17.** skítur, **18.** klampi, **20.** gjaldmiðill, **21.** óheilindi.

**LÓÐRÉTT** 1. klöpp, **3.** tveir eins, **4.** dagatal, **5.** borg, **7.** gagntaka, **10.** náinn, **13.** dýrahljóð, **15.** innyfla, **16.** guðshús, **19.** á fæti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. afar, 6. eh, 8. fló, 9. rek, 11. mm, 12. glæra, 14. trýni, 16. ha, 17. tað, 18. oki, 20. kr, 21. fals. **LÓÐRÉTT:** 1. berg, 3. ff, 4. almanak, 5. róm, 7. heitaka, 10. kær, 13. rýt, 15. iðra, 16. hof, 19. il.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 10

1. Gísli S. Einarsson.
2. Ásbjörn Þorgilsson og Eva Sigbjörnsdóttir.
3. Jón Gnarr.


Hringdu í síma 512 50 60 ef blaðið berst ekki




AÐALBJÖRG ÓSK GUNNARSDÓTTIR: HEFÐI EKKI TEKIÐ ÞÁTT Í ÞESSU

# Fegurðardrottningar ósáttar við undirfatasýningu

Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir, sem var ungfrú Reykjavík 2008, gagnrýnir undirfatamyndband sem þátttakendur í Ungfrú Reykjavík 2010 voru látnir taka þátt í fyrir undirfataframleiðandann La Senza. Hún segir undirfatasýninguna sjálfa hafa verið á gráu svæði. „Ég var í pínulitlu sjokki og þetta kom mér algjörlega í opna skjöldu,“ segir Aðalbjörg Ósk en Manúela Ósk Steinsson, fyrrverand Ungfrú Ísland, ræddi þetta fyrst á bloggi sínu á laugardaginn. Manúela var harðorð í garð skipuleggjanda keppninnar: „Ef ég hefði átt að koma fram í svona múnderingu á sínum tíma, þá hefði ég sleppt því að keppa! ... tilhugsunin um að spranga um sviðið eins og erótískur dansari með afa minn og ömmu í salnum – ehhh, ég held ekki! Hvar er klassinn??“

Aðalbjörg segist ekki hafa vitað hvort umrætt myndband, sem hægt er að sjá á Youtube, væri grín þegar það rann yfir skjáinn. „Myndavélarnar beindu sjónum sínum að brjóstunum og rössunum á stelpunum, þetta var mjög óviðeigandi. Ef mér hefði verið sagt að ég ætti að vera í g-streng og láta gera eitthvert myndband af mér í rólu þá hefði ég sagt nei takk,“ segir Aðalbjörg og bætir því við að henni finnist þetta í raun lítilsvirða hefðina á bak við keppnir á borð við þessa sem gangi út á hina „elegant“ konu. „Ég veit eiginlega ekki hvert þessi keppni er að stefna, verður þetta bara orðin einhver drasl-titill eftir tíu ár?“ spyr Aðalbjörg.

Magdalena Dubik krýndi arftaka sinn á Hótel Íslandi á föstudagskvöldið. Hún var sammála því að undirfatasýningin hefði verið með djarfara móti og var ekki alveg viss um hvort hún sjálf hefði látið sjá sig í þeim efnislitla klæðnaði sem sumar stúlkurnar klæddust. „Ég skil sjónarmið þeirra Aðalbjargar og Manúelu, undirfatasýningin var vissulega öðruvísi en hún hefur hingað til verið. Stundum hefur þessi sýning verið með gagnrýnd fyrir að vera of lítið sexí, þetta er hárfín lína og vissulega voru þetta engin Hagkaups-undirföt. Mér fannst þetta flott sýning en síðan er það bara spurning hvort þetta eigi heima í þessari keppni.“

Arnari Laufdal, sem hefur veg og vanda af keppninni, fannst sýningin ekki of gróf. „Mörgum finnst það of gróft þegar keppendur koma fram á bikiníi, en mér finnst bara fínt að fólk skuli hafa skoðanir á þessu,“ segir Arnar.

freyrgigja@frettabladid.is





**Á GRÁU SVÆÐI?**

**Aðalbjörg Ósk Gunnarsdóttir** og **Manúela Ósk** eru sammála um að undirfatasýningin í Ungfrú Reykjavík hafi ekki verið keppninni til framdráttar. **Magdalena Dubik** segir hana hafa verið djarfari en undanfarin ár; hún var ekki viss um hvort hún hefði tekið þátt í slíku á sínum tíma. Arnar Laufdal, sem skipuleggur fegurðarsamkeppnirnar, segir að sér hafi ekki þótt þetta of gróft. Stúlkurnar voru í undirfötum frá La Senza.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Frétt Fréttablaðsins af úthlutun listamannalauna varð útvarpsfólkinu í Íslandi í bítið tilefni til umræðu í gærmorgun. Þar fór tæknitröllið **Þráinn Steinsson** mikinn og lýsti þeirri skoðun sinni að listamannalaun væru „snobbatvinnuleysisbætur“. Undir þessa skoðun hans tók Heimir Karlsson. Munu fjölmargir listamenn hafa sett sig í samband við þá Bylgjumenn og lýst óánægju sinni með skoðanir þeirra. Þráinn gengur meira að segja svo langt að kalla suma póstana „haturspósta“.



Hvort einn þeirra sem lýstu óánægju með umræðuna var **Þráinn Bertelsson** skal ósagt látið en þó mun frágengið vera að hann mætir í þáttinn í dag og mun ætla að útskýra út á hvað listamannalaun ganga. Eins og alþjóð veit varð Þráinn að einhvers konar talsmanni listamannalauna þegar hann neitaði að afsala sér heiðurslaunum Alþingis þegar hann tók þar sæti. Þráinn fjallar einmitt um fjárhag sinn í pistli á Smugunni í gær. Þar segist hann rétt lafa í hálfri milljón á mánuði eftir skatt og telur sig greinilega ekki ofalinn.

Kvikmyndatónskáldið Atli Örvarsson sést taka létt harmonikkusóló á litlum bát í tónlistarmyndbandi sem gert var til þess að kynna tónlist Hans Zimmer úr kvikmyndinni Sherlock Holmes fyrir Óskarsakademíuna. Meðal annarra sem leggja sitt á vogarskálarnar eru leikstjóri myndarinnar, Guy Ritchie, og bandaríski stórleikarinn **Robert Downey** sem leikur einmitt Holmes auk annarra tónlistarmanna. Atli hefur unnið náið með Hans Zimmer við gerð kvikmyndatónlistar fyrir kvikmyndir á borð við Angels & Demons og The Simpsons.



- hdm, fgg


HAFBERG
fiskbúð sælkerans

GLÆNÝ ÝSA, FISKRÉTTIR
ÞORSKHNAKKAR, RAUÐMAGI

TILBOÐ Í VEITINGASAL
Súpa fiskur og kaffi 1290

Opið mán - fös 10 - 18:15 og lau 11 - 14.00

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


# Fox hafnaði Næturvaktinni

Sjónvarpsrisinn Fox ákvað að gera ekki prufuþátt eftir íslensku sjónvarpsþáttaröðinni Næturvaktin. Handrit eftir Adam Barr, handritshöfund Will & Grace, var tilbúið á teikniborðinu en Bandaríkjamenn verða að bíða enn um sinn með að sjá sína eigin útgáfu af þeim Georg, Ólafi Ragnari og Daníel. „Við erum svolítið spæld ir að Fox skyldi ekki fara í prufuþáttinn en þetta „pilot-season“ er mikið nálarauga og við komumst ekki í gegn að þessu sinni,“ segir Kjartan Þór Þórðarson, framkvæmdastjóri Saga Film, sem framleiðir þættina.

Þetta „pilot-season“ sem Kjartan vísar til er ákveðið tímabil hjá stóru amerísku sjónvarpsstöðvunum. Þá berast hverri stöð yfir þrjú þúsund hugmyndir að nýjum sjónvarpsþáttum en í kringum hundrað þeirra fara í handritavinnslu. Þegar handritið er tilbúið tekur við enn ein sían því aðeins fimm til sjö af þessum handritum verða að svokölluðum „prufu-þáttum“ eða pilot. Og loks eru það aðeins tveir til þrír slíkir prufuþættir sem fá samning um sjónvarpsþáttaröð hjá stöðinni.

Kjartan og félagar hjá Saga Film eru þó ekki af baki dottnir því nú ætla þeir að kynna Næturvaktina fyrir kapalsjónvarpsstöðvarnar í Ameríku.

„Þessi þættir henta í raun miklu betur fyrir kapalinn og þetta er miklu einfaldara ferli. Hjá kapalsjónvarpsstöðvunum er ekkert sérstakt tímabil eins og hjá stóru stöðvunum en að sama skapi þýðir þetta líka minni peningar.“ -fgg



**EKKI TIL AMERÍKU** Næturvaktin verður ekki endurgerð hjá sjónvarpsstöðinni Fox en nú á að kynna þættina fyrir kapalsjónvarpsstöðvunum.

# Skóflóð ...

# Ný sending!

Nú er RISA skó-útsala í Gula Húsinu!
Fjöldi þekktra gæðamerkja. Margar gerðir í öllum stærðum. Eitthvað fyrir alla: Börn, konur og karla.

## Verð frá 990,-






Bolabrjálæði, allt á

**999,-**

# GULA HÚSIÐ

## FAXAFENI 8

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000** VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



vísir.is
„...ég sá það á vísi"


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Sveppi í póker

Pókeræði landsmanna virðist síður en svo vera í rénun. Tveir af þekktustu pókerspilurum landsins, Auðunn Blöndal og Egill „Gillz" Einarsson, hafa í samstarfi við Daníel Rúnarsson á Gullöldinni ákveðið að boða til áskorendamótaraðar sem hefst í kvöld og verður vikulega. Menn fá stig eftir árangri sínum og hvort þeim takist að slá þá tvo út. Athygli vekur að barnastjarnan **Sverrir Þór Sverrisson** er þriðja nafnið sem leggur nafn sitt við þessa áskorendamótaröð en árangur hans við græna borðið hefur ekki farið hátt í fjölmiðlum. - **fgg**



### Mottur og meinsemdir

Meðal þeirra sem leggjast á árar með Krabbameinsfélaginu í sérstöku átaki til að vekja karlmenn til umhugsunar um krabbameinsvána er Þorsteinn Guðmundsson leikari. Hann og fjöldi annarra taka þátt í „mottumars" þar sem karlar eru hvattir til að safna yfirvaraskeggi í þessum mánuði. Óvíst er hvort uppátækið vekur almenna gleði kvenþjóðarinnar, en upplýsingar er að finna á vefnum karlarogkrabbamein.is. Þar var strax á þriðja degi á þriðja tug karla búinn að skrá sig í einstaklingskeppni í mottusöfnun, en á vefnum er líka safnað áheitum.



### Ögmundur fór á fund Steingríms

Mikið hefur verið rætt um skiptar skoðanir innan Vinstri grænna undanfarið og sumir hafa gengið svo langt að ræða um klofning. Ögmundur Jónasson er sagður fara fyrir öðrum arminum og formaður flokksins, Steingrímur J. Sigfússon, fyrir hinum. Víst er grunnt á því góða á milli þeirra, en kannski vænkast hagur Strympu, því um helgina sást til Ögmundar á leið á fund Steingríms í fjármálaráðuneytinu.

### Mest lesið vísir.is

1. Katrín: Baltasar rosa sætur
2. Fjármálamisferli í Mósambík til rannsóknar
3. Enn leitað að Guðbjarna – mynd
4. Ég hef aldrei fyrr séð hús dansa
5. Kræfir lampaþjófar mynda gróðurhúsin





Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára.
Könnun Capacent í nóvember 2009 – janúar 2010.




# IQ-CARE

HEILSUDÝNUR OG HEILSUKODDAR
Ein besta heilsudýna í heimi




## Takmarkað magn af IQ-Care heilsudýnum og Proflex stillanlegum rúmum á sértilboði frá framleiðanda

Proflex 2x80x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 339.900** - verð áður kr. 429.000

Proflex 2x90x200 með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
**kr. 349.900** - verð áður 459.000

## Fermingartilboð

| STÆRÐ | VALHÖLL | SAGA | ÞÓR | IQ-CARE |
|---|---|---|---|---|
| 90x200 | 69.900 | 89.900 | - | 134.900 |
| 100x200 | 74.900 | 94.900 | 104.900 | 144.900 |
| 120x200 | 84.900 | 109.900 | 124.900 | 164.900 |
| 135x203 | - | - | - | 169.900 |
| 140x200 | 89.990 | 119.900 | 139.900 | 179.900 |
| 153x203 | 99.900 | 129.900 | 149.900 | 179.900 |

Tilboð með leðurlituðum botni og fótum

**30% afsláttur af lökum og hlífðardýnum**

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA Á RÚMBOTNUM**




Svefn & heilsa
★★★★★




**3 mán. vaxtalausar greiðslur**

**Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150**
**Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00**

www.svefn.is